iv) gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði aðildarríkis, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum, eða

v) greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af hlutum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra, eða

vi) ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn aðildarríkisins.

---

[4] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Member under its taxation system which:

(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with repsect to taxable items sourced or located in the Member State's territory; or

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Member State's territory; or

(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or

(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Member State in order to ensure the imposition or collection of taxes of such consumers derived from sources in the Member State's territory; or

(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or

(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Member State's tax base.

b) ekki í samræmi við 5. mgr. 23. gr., að því tilskildu að önnur ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem aðildarríkið er bundið af.

(b) inconsistent with paragraph 5 of Article 23, provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Member State is bound.

II. þáttur: Fjármagnsflutningar

28. gr.

1. Innan ramma þessa kafla skulu engar takmarkanir vera á fjármagnsflutningum milli aðildarríkjanna er tengjast stofnun félags eða fyrirtækis aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

2. Tryggja skal fjármagnsflutninga, er tengjast ekki stofnun milli aðildarríkjanna, í samræmi við alþjóðasamninga sem þau eiga aðild að.

3. Aðildarríkin samþykkja að endurskoða núverandi ákvæði innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 með það í huga að víkka gildissvið og afnema að lokum þær takmarkanir sem eru enn fyrir hendi varðandi fjármagnsflutninga.

Section II: Capital movement

ARTICLE 28

1. Within the framework of this Chapter, there shall be no restrictions between the Member States on the movement of capital relating to the establishment in another Member State's territory of a company or firm of that Member State.
2. The movement of capital not relating to establishment between the Member States shall be ensured in accordance with the international agreements to which they are parties.
3. The Member States agree to review the present provision within two years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001 in order to broaden the scope of, and ultimately eliminate the remaining restrictions to, the movement of capital.

X. KAFLI: ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

29. gr.

Meginreglur og gildissvið

1. Innan ramma og með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu engar takmarkanir vera á rétti einstaklinga, félaga eða fyrirtækja aðildarríkjanna til að veita þjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna hafi þau öðlast staðfestu í aðildarríki öðru en því þar sem veita á einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum þjónustuna.

2. Að því er þennan kafla varðar telst „þjónusta" vera þjónusta sem er allajafna veitt gegn þóknun:

a) frá yfirráðasvæði aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis,
b) á yfirráðasvæði aðildarríkis til neytanda þjónustu í öðru aðildarríki í samræmi við 7. mgr. hér á eftir,

CHAPTER X : TRADE IN SERVICES

ARTICLE 29

Principles and scope

1. Within the framework of, and subject to, the provisions of this Convention, there shall be no restrictions on the right to supply services within the territory of the Member States in respect of natural persons, companies or firms of Member States who are established in a Member State other than that of the natural person, company or firm for whom the services are intended.
2. For the purposes of this Chapter, services shall be considered to be "services" within the meaning of this Convention where they are normally supplied for remuneration
(a) from the territory of one Member State into the territory of another Member State;
(b) in the territory of a Member State to the service consumer of another Member State in accordance with paragraph 7 below;

Skattaheiti eða hugtök í a-lið 3. mgr. 27. gr. og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum aðildarríkisins sem gerir ráðstafanirnar.

Tax terms or concepts in paragraph 3(a) of Article 27 and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Member State taking the measure.

c) af hálfu þjónustuveitanda aðildarríkis með nærveru einstaklinga þess aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við 7. mgr. hér á eftir.

3. Í viðaukum L til O er að finna sérákvæði og undanþágur varðandi réttinn til að veita þjónustu. Aðildarríkin skulu leitast við að hætta smám saman hvers konar mismunun sem þau viðhalda í samræmi við viðauka L til O. Aðildarríkin samþykkja að endurskoða þetta ákvæði, þar með talið viðaukana, innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 með það fyrir augum að draga úr og afnema að lokum þær takmarkanir sem eru enn fyrir hendi.

4. Aðildarríki skal ekki samþykkja, frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001, ráðstafanir sem fela í sér mismunun eða frekari mismunun að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annars aðildarríkis borið saman við þá meðferð sem samsvarandi þjónusta eða þjónustuveitendur þess sjálfs njóta.

5. Að því er varðar aðildarríki, sem njóta undanþágu í viðaukum L til O, skulu þau veita vegna þjónustu eða þjónustuveitenda annars aðildarríkis eigi lakari meðferð en veitt er vegna samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendum þriðju aðila annarra en Evrópubandalagsins. Aðildarríkin skuldbinda sig enn fremur til að veita hvert öðru, með gagnkvæmum hætti, þann ávinning sem er að finna í nýjum samningum milli aðildarríkis og Evrópubandalagsins, með fyrirvara um ákvörðun ráðsins.

6. Ákvæði 35. gr. og viðauka P og Q skulu gilda um réttinn til að veita þjónustu á sviði flutninga á vegum, járnbrautum og í lofti, með fyrirvara um sérákvæði og undanþágur í viðauka M.

7. Ákvæði 20. gr., viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss skulu gilda um rétt einstaklinga, eins og kveðið er á um í b- og c-lið 2. mgr., til að veita og njóta þjónustu í samræmi við meginreglurnar sem eru tíundaðar hér á eftir.

(c) by service supplier of a Member State, through presence of natural persons of that Member State in the territory of another Member State in accordance with paragraph 7 below.

3. Annexes L to O contain specific provisions and exemptions regarding the right to supply services. The Member States shall endeavour to eliminate gradually remaining discriminations, which they may maintain in accordance with Annexes L to O. The Member States agree to review the present provision, including its Annexes, within two years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001 with a view to reducing, and ultimately eliminating, the remaining restrictions.

4. From the date of entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001, neither Member State shall adopt new, or more, discriminatory measures as regards services or service suppliers of another Member State, in comparison with the treatment accorded to its own like services or service suppliers.

5. In sectors covered by an exemption as contained in Annexes L to O, each Member State shall accord to services or service suppliers of another Member State treatment no less favourable than that accorded to like services or service suppliers of third parties other than the European Community. As regards any new agreements concluded between any Member State and the European Community, the Member States further undertake to extend to each other, on the basis of reciprocity, the benefits of such agreements, subject to a decision by the Council.

6. The right to supply services in the field of road, rail and air transport shall be governed by the provisions of Article 35 and Annexes P and Q, subject to the specific provisions and exemptions set out in Annex M.

7. The supply or consumption of services by natural persons as provided for in paragraphs 2(b) and (c) shall be governed by the relevant provisions of Article 20, Annex K and the Protocol to Annex K on movement of persons between Liechtenstein and Switzerland, in accordance with the principles set out hereinafter.

30. gr.

Innlend meðferð

Innan gildissviðs þessa kafla og með fyrirvara um sérákvæði sem þar er að finna:

ARTICLE 30

National treatment

Within the scope of application of this Chapter, and without prejudice to any special provisions contained herein:

a) skulu aðildarríkin veita hvert öðru ekki lakari meðferð en þau veita innlendum einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum er veita þjónustu,

b) er aðildarríki heimilt að setja reglur um þjónustustarfsemi að því tilskildu að þessar reglur feli ekki í sér mismunun gagnvart einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum annarra aðildarríkja borið saman við innlenda einstaklinga, félög eða fyrirtæki.

31. gr.
Regla um fjármálamarkaðinn

1. Að því er lýtur að fjármálaþjónustu kemur þessi kafli ekki í veg fyrir rétt aðildarríkjanna til að samþykkja nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja vernd fjárfesta, innistæðueigenda, skíreinishafa eða einstaklinga sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra eða til að tryggja áreiðanleika og stöðugleika fjármálakerfisins. Þessar ráðstafanir skulu í engu mismuna félögum eða fyrirtækjum hinna aðildarríkjanna ef miðað er við félög eða fyrirtæki aðildarríkisins sjálfs.

2. Ekkert í þessum kafla ber að túlka þannig að þess sé krafist að aðili láti í té upplýsingar sem varða málefni og reikninga einstakra viðskiptamanna eða upplýsingar um trúnaðarmál eða eignarhluti sem opinberar stofnanir hafa vitneskju um.

32. gr.
Viðurkenning

1. Ákvæði 22. gr., viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss skulu gilda um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi og samræmingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna að því er varðar rétt einstaklinga til að hefja og stunda störf.

2. Aðildarríki er heimilt að ganga frá samningi eða fyrirkomulagi við tiltekið ríki um viðurkenningu staðla, viðmiðanir um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina þjónustuveitenda og skal það þá veita öðrum aðildarríkjum næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða til að gera sambærilega samninga.

3. Ef aðildarríki veitir viðurkenningu, eins og kveðið er á um í 2. mgr., einhliða skal það gefa öðrum aðildarríkjum næg tækifæri til að sýna fram á að rétt sé að viðurkenna fengna reynslu, leyfi eða skírteini eða að kröfur hafi verið uppfylltar á yfirráðasvæði þeirra.

(a) Member States shall grant treatment no less favourable than that accorded to their own natural persons, companies or firms providing services;

(b) each Member State may regulate services activities within its territory in so far as these regulations do not discriminate against natural persons, companies or firms of the other Member States in comparison to its own natural persons, companies or firms.

ARTICLE 31
Financial market regulation

1. In respect of financial services, this Chapter does not prejudice the right of the Member States to adopt measures necessary for prudential grounds in order to ensure the protection of investors, depositors, policy holders, or persons to whom a fiduciary duty is owed, or to ensure the integrity and stability of the financial system. These measures shall not discriminate against natural persons, companies or firms of the other Member States in comparison to its own natural persons, companies or firms.

2. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Member State to disclose information relating to the affairs and accounts of individual customers or any confidential or proprietary information in the possession of public entities.

ARTICLE 32
Recognition

1. The mutual recognition between the Member States of diplomas, certificates and other evidence of formal qualifications, and the coordination of the provisions laid down by law, regulation or administrative action in the Member States concerning the taking up and pursuit of activities by natural persons, shall be governed by the relevant provisions of Article 22, Annex K and Appendix 3 thereto and the Protocol to Annex K on movement of persons between Liechtenstein and Switzerland.

2. A Member State may enter into an agreement or arrangement with a particular State providing for the recognition of standards, criteria for authorization, licensing or certification of service suppliers, in which case it shall offer adequate opportunity for any other Member State to negotiate its accession to such an agreement or arrangement or to negotiate comparable ones with it.

3. Where a Member State accords recognition as provided for in paragraph 2 autonomously, it shall afford adequate opportunity for any other Member State to demonstrate that experience, licences or certifications obtained or requirements met in that other Member State's territory should be recognised.

4. Aðili skal ekki veita viðurkenningu með þeim hætti að hann mismuni löndum þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum né með þeim hætti að það skapi duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum.

33. gr.
Undantekningar

1. Ákvæði þessa kafla gilda ekki, að því er aðildarríki varðar, um starfsemi er tengist meðferð opinbers valds í því aðildarríki, jafnvel þótt það sé óreglubundið.

2. Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli þeirra skulu ekki hafa áhrif á beitingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er kveða á um sérstaka meðhöndlun erlendra félaga eða fyrirtækja á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis, almannaheilbrigðis eða vegna umhverfisins.
3. Að því tilskildu að þessum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að í þeim felist geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun milli ríkja þar sem samvarandi aðstæður eru fyrir hendi eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum kemur ekkert í þessum samningi í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða framfylgi ráðstöfunum sem eru:

a) ekki í samræmi við 30. gr., að því tilskildu að þegar annarri ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur[5] og innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra aðildarríkja,

4. A Member State shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, or a disguised restriction to trade in services.

ARTICLE 33
Exceptions

1. The provisions of this Chapter shall not apply, so far as any given Member State is concerned, to activities which in that Member State are connected, even occasionally, with the exercise of official authority.
2. The provisions of this Chapter and measures taken in pursuance thereof shall not prejudice the applicability of provisions laid down by law, regulation or administrative action providing for special treatment of foreign service suppliers on grounds of public policy, public security, public health or the environment.
3. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between States where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Convention shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Member State of measures:
(a) inconsistent with Article 30, provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective[5] imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of other Member States;

[5] Ráðstafanir sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta taka til ráðstafana sem aðildarríki gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

i) gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á þeirri staðreynd að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð með hliðsjón af skattskyldum hlutum sem eru upprunnir eða staðsettir á yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða
ii) gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði aðildarríkja, eða
iii) gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir undandrátt frá sköttum eða skattsvik, þar á meðal fullnusturáðstafanir, eða
iv) gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði aðildarríkis, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum, eða

[5] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Member under its taxation system which:
(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with respect to taxable items sourced or located in the Member State's territory; or

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Member State's territory; or

(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or

(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Member State in order to ensure the imposition or collection of taxes of such consumers derived from sources in the Member State's territory; or

b) ekki í samræmi við 5. mgr. 29. gr., að því tilskildu að önnur ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem aðildarríkið er bundið af.

34. gr.
Opinber innkaup

Ekkert í þessum kafla skal túlkað á þann hátt að lagðar séu á skuldbindingar með tilliti til opinberra innkaupa.

35. gr.
Flutningar

Aðildarríkin gefa öðrum aðildarríkjum frjálsan aðgang að mörkuðum sínum á sviði farþegaflutninga og vöruflutninga á vegum, járnbrautum og í lofti í samræmi við ákvæðin í viðauka P og Q, eftir því sem við á.

XI. KAFLI: UNDIRBOÐ

36. gr.

Í samskiptum aðildarríkjanna skal ekki beita ráðstöfunum gegn undirboðum, jöfnunartollum og ráðstöfunum gegn ólögmætum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa.

XII. KAFLI: OPINBER INNKAUP

37. gr.

1. Aðildarríkin staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup (GPA). Samkvæmt þessum samningi víkka aðildarríkin gildissvið skuldbindinga sinna samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup með það að markmiði að auka frelsi á mörkuðum fyrir opinber innkaup í samræmi við viðauka R.

(b) inconsistent with paragraph 5 of Article 29, provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Member State is bound.

ARTICLE 34
Public procurement

Nothing in this Chapter shall be construed to impose any obligations with respect to public procurement.

ARTICLE 35
Transport

The Member States shall liberalise the access to each other's transport markets for the carriage of passengers and goods by road, rail and air in accordance with the provisions set out in Annex P and Annex Q respectively.

CHAPTER XI : DUMPING

ARTICLE 36

Anti-dumping measures, countervailing duties and measures against illicit commercial practices attributable to third countries shall not be applied in relations between the Member States.

CHAPTER XII : PUBLIC PROCUREMENT

ARTICLE 37

1. The Member States reaffirm their rights and obligations under the WTO Agreement on Government Procurement (GPA). Under this Convention, the Member States broaden the scope of their commitments under the WTO Government Procurement Agreement with an aim to pursue liberalisation in public procurement markets in accordance with Annex R.

---

v) greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af hlutum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra, eða

vi) ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn aðildarríkisins.

Skattaheiti eða hugtök í a-lið 3. mgr. 27. gr. og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum aðildarríkisins sem gerir ráðstafanirnar.

(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or

(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Member State's tax base.

Tax terms or concepts in paragraph 3(a) of Article 27 and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Member State taking the measure.

2. Aðildarríkin skulu í þessu skyni tryggja hvert öðru með gagnsæjum hætti og án mismununar aðgang að mörkuðum sínum fyrir opinber innkaup og sjá til þess að samkeppni verði opin og skilvirk og grundvallist á jafnri meðferð.

XIII. KAFLI: PENINGAGREIÐSLUR

38. gr.

Engar takmarkanir skulu vera á peningagreiðslum er tengjast flutningi fólks á milli aðildarríkjanna svo og á vörum, þjónustu eða fjármagni eins og skilgreint er í 28. gr.

XIV. KAFLI: UNDANTEKNINGAR OG ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

39. gr.

Undantekningar af öryggisástæðum

Ekkert í samningi þessum skal hindra aðildarríki í að gera ráðstafanir:

a) sem það telur nauðsynlegar til að girða fyrir upplýstrun upplýsinga er telst vera andstæð mikilvægum öryggishagsmunum þess,
b) sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur eða þjónustu, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur eða þjónustu sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa,
c) sem það telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum, sem leitt gæti til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem það hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

Öryggisráðstafanir

40. gr.

1. Ef hætta er á alvarlegum efnahagslegum eða þjóðfélagslegum erfiðleikum eða erfiðleikum í umhverfismálum að því er varðar sérstakar atvinnugreinar eða sérstök svæði, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur aðildarríki gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 41. gr.
2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.
3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum aðildarríkjunum.

2. To this effect, the Member States shall secure non-discriminative, transparent and reciprocal access to their respective public procurement markets and shall ensure open and effective competition based on equal treatment.

CHAPTER XIII : CURRENT PAYMENTS

ARTICLE 38

Current payments connected with the movement of goods, persons, services or capital as defined in Article 28 between Member States within the framework of the provisions of this Convention shall be free of all restrictions.

CHAPTER XIV : EXCEPTIONS AND SAFEGUARDS

ARTICLE 39

Security exceptions

Nothing in this Convention shall prevent a Member State from taking any measures:

(a) which it considers necessary to prevent the disclosure of information contrary to its essential security interests;
(b) which relate to the production of, or trade in, arms, munitions and war materials or other products or services indispensable for defence purposes or to research, development or production indispensable for defence purposes, provided that such measures do not impair the conditions of competition in respect of products or services not intended for specifically military purposes;
(c) which it considers essential to its own security in the event of serious internal disturbances affecting the maintenance of law and order, in time of war or serious international tension constituting threat of war or in order to carry out obligations it has accepted for the purpose of maintaining peace and international security.

Safeguard measures

ARTICLE 40

1. If serious economic, societal or environmental difficulties of a sectorial or regional nature liable to persist are arising, a Member State may unilaterally take appropriate measures under the conditions and procedures set out in Article 41.

2. Such safeguard measures shall be restricted with regard to their scope and duration to what is strictly necessary in order to remedy the situation. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of this Convention.
3. The safeguard measures shall apply with regard to all Member States.

4. Þessi grein er með fyrirvara um beitingu sérstakra öryggisákvæða sem eru tíunduð í viðaukunum við þennan samning eða sérstakra öryggisráðstafana í samræmi við 5. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um landbúnað.

41. gr.

1. Aðildarríki sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 40. gr. skal tilkynna hinum aðildarríkjunum það án tafar fyrir milligöngu ráðsins og skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
2. Aðildarríkin skulu tafarlaust bera saman ráð sín í ráðinu með það fyrir augum að finna lausn sem allir aðilar geta vel við unað.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrir fram getur hlutaðeigandi aðildarríki strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til ráðsins og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.
5. Í ráðinu skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hvert aðildarríki getur hvenær sem er farið fram á það við ráðið að það endurskoði umræddar ráðstafanir.

XV. KAFLI: SAMVINNA UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM

42. gr.

Aðildarríkin skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þau geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.

XVI. KAFLI: STOFNANAÁKVÆÐI

43. gr.

Ráðið

1. Það skal vera skylda ráðsins
a) að fara með þau völd og störf sem því eru fengin samkvæmt þessum samningi,

4. This Article is without prejudice to the application of specific safeguard provisions set out in the Annexes to this Convention or of special safeguard measures in accordance with Article 5 of the WTO Agreement on Agriculture.

ARTICLE 41

1. A Member State which is considering taking safeguard measures under Article 40, shall, without delay, notify the other Member States through the Council and shall provide all relevant information.
2. The Member States shall immediately enter into consultations in the Council with a view to finding a commonly acceptable solution.
3. The Member State concerned may not take safeguard measures until one month has elapsed after the date of notification under paragraph 1, unless the consultation procedure under paragraph 2 has been concluded before the expiration of the stated time limit. When exceptional circumstances requiring immediate action exclude prior examination, the Member State concerned may apply forthwith the protective measures strictly necessary to remedy the situation.
4. The Member State concerned shall, without delay, notify the measures taken to the Council and shall provide all relevant information.
5. The safeguard measures taken shall be the subject of consultations in the Council every three months from the date of their adoption with a view to their abolition before the date of expiry envisaged, or to the limitation of their scope of application.

Each Member State may at any time request the Council to review such measures.

CHAPTER XV : ECONOMIC AND MONETARY POLICY CO-OPERATION

ARTICLE 42

The Member States shall exchange views and information concerning the implementation of this Convention and the impact of the integration on economic activities and on the conduct of economic and monetary policies. Furthermore, they may discuss macro-economic situations, policies and prospects. This exchange of views and information shall take place on a non-binding basis.

CHAPTER XVI : INSTITUTIONAL PROVISIONS

ARTICLE 43

The Council

1. It shall be the responsibility of the Council
(a) to exercise such powers and functions as are conferred upon it by this Convention;

b) að ákveða breytingar á þessum samningi í samræmi við ákvæðin í honum,
c) að hafa eftirlit með beitingu þessa samnings og fylgjast með framkvæmd hans,
d) að kanna hvort frekari ráðstafanir skuli gerðar af hálfu aðildarríkjanna til þess að koma í framkvæmd markmiðum samtakanna,
e) að greiða fyrir nánari tengslum við önnur ríki og ríkjasambönd,
f) að leitast við að stofna til þeirra samskipta við aðrar alþjóðastofnanir sem geta stuðlað að því að markmiðum samtakanna verði náð,
g) að gera viðskipta- og samstarfssamninga milli aðildarríkjanna og annarra ríkja, ríkjasambanda eða alþjóðastofnana,
h) að leitast við að leysa deilumál sem upp kunna að koma í tengslum við túlkun eða beitingu þessa samnings, og
i) að taka til umfjöllunar hvert það málefni sem haft gæti áhrif á framkvæmd þessa samnings.

2. Hvert aðildarríki skal eiga fulltrúa í ráðinu og fara með eitt atkvæði.

3. Ráðið getur ákveðið að koma á fót þeim stofnunum, nefndum og öðrum aðilum sem það telur nauðsynlegt til aðstoðar við að framkvæma hlutverk þess. Í viðauka S er að finna skrá yfir þessar stofnanir, nefndir og aðra aðila.

4. Við framkvæmd skyldustarfa sinna samkvæmt þessari grein getur ráðið tekið ákvarðanir sem skulu vera bindandi fyrir öll aðildarríkin og beint tillögum til aðildarríkjanna.

5. Ákvarðanir og tillögur ráðsins skulu gerðar samhljóða nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið í samningi þessum. Ákvarðanir og tillögur teljast samþykktar samhljóða nema eitthvert aðildarríkið greiði þeim mótatkvæði. Ákvarðanir og tillögur, sem afgreiða þarf með meirihlutasamþykki, þarfnast samþykkis þriggja aðildarríkja.

6. Ef fjöldi aðildarríkjanna breytist getur ráðið ákveðið að breyta þeim atkvæðafjölda sem þarf til að samþykkja ákvarðanir og tillögur sem afgreiða skal með meirihlutasamþykki.

44. gr.

Fyrirkomulag á stjórn samtakanna

Ráðið skal taka ákvarðanir í þeim tilgangi sem hér segir:

a) að ákveða starfsreglur ráðsins og annarra stofnana samtakanna og má þar kveða á um að atriði, er varða málsmeðferð, megi ákvarða með meirihlutasamþykkt,
b) að gera ráðstafanir um nauðsynlegt skrifstofuhald fyrir samtökin,

(b) to decide on amendments to this Convention in accordance with the provisions herein;
(c) to supervise the application of this Convention and keep its operation under review;
(d) to consider whether further action should be taken by Member States in order to promote the attainment of the objectives of the Association;
(e) to facilitate the establishment of closer links with other States and unions of States;
(f) to seek to establish such relationships with other international organisations as may facilitate the attainment of the objectives of the Association;
(g) to negotiate trade and co-operation agreements between the Member States and any other State, union of States or international organisation;
(h) to endeavour to resolve disputes that may arise regarding the interpretation or application of this Convention; and
(i) to consider any other matter that may affect the operation of this Convention.

2. Each Member State shall be represented in the Council and shall have one vote.

3. The Council may decide to set up such organs, committees and other bodies, as it considers necessary to assist it in accomplishing its tasks. These organs, committees and other bodies are listed in Annex S.

4. In exercising its responsibility under this Article, the Council may take decisions, which shall be binding on all Member States, and may make recommendations to Member States.

5. Decisions and recommendations of the Council shall be made by unanimous vote, except in so far as this Convention provides otherwise. Decisions or recommendations shall be regarded as unanimous unless any Member State casts a negative vote. Decisions and recommendations which are to be made by majority vote, require the affirmative vote of three Member States.

6. If the number of the Member States changes, the Council may decide to amend the number of votes required for decisions and recommendations which are to be made by majority vote.

ARTICLE 44

Administrative arrangements of the Association

The Council shall take decisions for the following purposes:

(a) to lay down the Rules of Procedure of the Council and of any other bodies of the Association, which may include provision that procedural questions may be decided by majority vote;
(b) to make arrangements for the secretariat services required by the Association;

c) að gera þær fjárhagslegu ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru vegna kostnaðar við stjórn samtakanna, ákveða eftir hvaða reglum fjárhagsáætlun skuli samin og hvernig kostnaðinum skuli skipt niður á aðildarríkin.

45. gr.

Löghæfi, sérréttindi og undanþágur

1. Það löghæfi og þau sérréttindi og undanþágur, sem aðildarríkin viðurkenna og veita vegna samtakanna, skulu skráð í bókun við þennan samning.

2. Ráðið getur, fyrir hönd samtakanna, gert samning við ríkisstjórn þess ríkis, þar sem aðalstöðvarnar verða staðsettar, um löghæfi, sérréttindi og undanþágur þær sem verða viðurkenndar og veittar í tengslum við samtökin.

XIII. KAFLI: SAMRÁÐ OG LAUSN DEILUMÁLA

46. gr.

Gildissvið

Ákvæði þessa kafla gilda um hvert það málefni er varðar þennan samning, nema kveðið sé á um annað í honum.

47. gr.

Samráð

1. Aðildarríkin skulu ætíð leitast við að ná samkomulagi um túlkun og beitingu þessa samnings og gera sitt ítrasta, á grundvelli samvinnu og samráðs, til að finna lausn, sem allir aðilar geta vel við unað, í málum sem haft gætu áhrif á framkvæmd hans.

2. Aðildarríki er heimilt að leggja fyrir ráðið hvert það málefni er varðar túlkun og beitingu þessa samnings. Veita skal ráðinu allar þær upplýsingar sem gætu komið að gagni við nákvæma rannsókn málsins er miðar að því að finna lausn sem allir aðilar geta vel við unað. Ráðið skal í þessu skyni kanna alla möguleika á að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

3. Ráðið skal koma saman innan 30 daga frá því að beiðni um samráð var veitt móttaka.

48. gr.

Gerðardómur

1. Telji aðildarríki að ráðstöfun, sem annað aðildarríki beitir, brjóti gegn samningnum og finnist ekki lausn á málinu innan 45 daga frá því að samráðsfundir voru haldnir samkvæmt 47. gr. er einu eða fleiri aðildarríkjum, sem koma að deilumálinu, heim-

(c) to establish the financial arrangements necessary for the administrative expenses of the Association, the procedure for establishing a budget and the apportionment of those expenses between the Member States.

ARTICLE 45

Legal capacity, privileges and immunities

1. The legal capacity, privileges and immunities to be recognised and granted by the Member States in connection with the Association shall be laid down in a Protocol to this Convention.

2. The Council, acting on behalf of the Association, may conclude with the Government of the State in whose territory the headquarters will be situated an agreement relating to the legal capacity and the privileges and immunities to be recognised and granted in connection with the Association.

CHAPTER XVII : CONSULTATIONS AND DISPUTE SETTLEMENT

ARTICLE 46

Scope

The provisions of this Chapter shall apply to any matter arising from this Convention, unless otherwise specified in this Convention.

ARTICLE 47

Consultations

1. The Member States shall at all times endeavour to agree on the interpretation and application of this Convention, and shall make every attempt through cooperation and consultations to arrive at a mutually satisfactory resolution of any matter that might affect its operation.

2. Any Member State may bring any matter, which concerns the interpretation or application of this Convention before the Council. The Council shall be provided with all information, which might be of use in making possible an in-depth examination of the situation, with a view to finding an acceptable solution. To this end, the Council shall examine all possibilities to maintain the good functioning of the Convention.

3. A meeting of the Council shall be held within 30 days from the receipt of the request for consultations.

ARTICLE 48

Arbitration

1. In case a Member State considers that a measure applied by another Member State violates the Convention and the matter has not been resolved within 45 days after consultations have been held pursuant to Article 47, such matter may be referred to arbitra-

ilt að vísa málinu til gerðardóms með skriflegri tilkynningu til þess aðildarríkis sem kærunni er beint gegn. Afrit af tilkynningunni skal sent öllum aðildarríkjunum þannig að hvert þeirra um sig geti ákveðið hvort það eigi verulegra hagsmuna að gæta í málinu. Ef fleiri aðildarríki en eitt leggja deiluna í gerðardóm og fleira en eitt aðildarríki tengjast sama máli skal koma á fót einum gerðardómi til að taka deilurnar til umfjöllunar þegar það er gerlegt.

2. Aðildarríki sem á ekki aðild að deilunni skal, þegar það fær í hendur skriflega tilkynningu frá deiluaðilum, eiga rétt á að leggja fram skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóminn, fá skriflegar athugasemdir frá deiluaðilum, vera viðstatt allar vitnaleiðslur og gera athugasemdir munnlega.
3. Úrskurðir gerðardómsins eru endanlegir og bindandi fyrir deiluaðila og skal þeim fullnægt án tafar.

4. Í viðauka T er að finna reglur um stofnun og starfsemi gerðardómsins og framkvæmd úrskurða hans.

XVIII. KAFLI: ALMENN ÁKVÆÐI

49. gr.

Skuldbindingar samkvæmt öðrum alþjóðasamningnum

1. Ekkert í þessum samningi leysir aðildarríki undan skuldbindingum sínum samkvæmt samningum við þriðju ríki eða marghliða samningum sem þau eiga aðild að.

2. Þessi samningur er með fyrirvara um þær reglur sem gilda um aðildarríkin samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, á grundvelli norrænnar samvinnu og innan svæðisbandalags Sviss og Liechtenstein.

50. gr.

Réttindi og skyldur aðildarríkjanna

Aðildarríkin skulu gera allar almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir. Þau skulu ekki gera neinar ráðstafanir sem geta teflt markmiðum þessa samnings í tvísýnu.

51. gr.

Gagnsæi

1. Aðildarríkin skulu birta lög sín eða veita almenningi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglum, málsmeðferð og stjórnsýsluúrskurðum og dómsúrskurðum sem hafa almenna skírskotun, svo og al-

tion by one or more Member States parties to the dispute by means of a written notification addressed to the Member State complained against. A copy of this notification shall be communicated to all Member States so that each may determine whether it has a substantial interest in the matter. Where more than one Member State requests the submission to an arbitration tribunal of a dispute with the same Member State relating to the same question a single arbitration tribunal should be established to consider such disputes whenever feasible.
2. A Member State which is not a party to the dispute, on delivery of a written notice to the disputing Member States, shall be entitled to make written submissions to the arbitration tribunal, receive written submissions of the disputing Member States, attend all hearings and make oral submissions.
3. The award of the arbitration tribunal shall be final and binding upon the Member States parties to the dispute and shall be complied with promptly.
4. The establishment and functioning of the arbitration tribunal and the implementation of arbitral awards are governed by the rules set out in Annex T.

CHAPTER XVIII : GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 49

Obligations under other international agreements

1. Nothing in this Convention shall be regarded as exempting any Member State from obligations which it has undertaken by virtue of agreements with third States or multilateral agreements to which they are parties.
2. This Convention shall be without prejudice to the rules applicable to Member States governed by the Agreement on the European Economic Area, the Nordic cooperation and the regional union between Switzerland and Liechtenstein

ARTICLE 50

Rights and obligations of the Member States

The Member States shall take all appropriate measures, whether general or particular, to ensure fulfilment of the obligations arising out of this Convention. They shall abstain from any measure which could jeopardize the attainment of the objectives of this Convention.

ARTICLE 51

Transparency

1. The Member States shall publish their laws, or otherwise make publicly available their laws, regulations, procedures and administrative rulings and judicial decisions of general application as well as the

þjóðasamningum sem haft gætu áhrif á framkvæmd þessa samnings.
2. Aðildarríkin skulu þegar í stað svara sértækum spurningum og veita hvert öðru upplýsingar, sé þess óskað, um málefni sem um getur í 1. mgr.

52. gr.
Trúnaður

Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, einnig eftir að þeir láta af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

53. gr.
Viðaukar

1. Viðaukar, viðbætar og bókanir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.
2. Viðaukar samningsins eru þessir:

Viðauki A Um upprunareglur
Viðauki B Um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í tollamálum
Viðauki C Skrá yfir landbúnaðarvörur og vörur unnar úr hráefni úr landbúnaði, sem um getur í 1. mgr. 8. gr.
Viðauki D Skrá yfir tollaívilnanir á landbúnaðarvörum
Viðauki E Sáðvörur
Viðauki F Lífrænn landbúnaður
Viðauki G Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna
Viðauki H Reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu
Viðauki I Gagnkvæm viðurkenning með tilliti til samræmismats
Viðauki J Hugverkaréttindi
Viðauki K Frelsi fólks til flutninga
Viðauki L Fyrirvarar af hálfu Íslands um fjárfestingar og þjónustu
Viðauki M Fyrirvarar af hálfu Liechtenstein um fjárfestingar og þjónustu
Viðauki N Fyrirvarar af hálfu Noregs um fjárfestingar og þjónustu
Viðauki O Fyrirvarar af hálfu Sviss um fjárfestingar og þjónustu
Viðauki P Flutningar á landi
Viðauki Q Flutningar í lofti

international agreements which may affect the operation of this Convention.
2. The Member States shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, information to each other on matters referred to in paragraph 1.

ARTICLE 52
Confidentiality

The representatives, delegates and experts of the Member States, as well as officials and other servants acting under this Convention shall be required, even after their duties have ceased, not to disclose information of the kind covered by the obligation of professional secrecy, in particular information about undertakings, their business relations or their cost components.

ARTICLE 53
Annexes

1. The Annexes, Appendices and Protocols to this Convention shall form an integral part of it.
2. The Annexes to this Convention are the following:

Annex A on Rules of Origin
Annex B on mutual administrative assistance in customs matters
Annex C List of agricultural goods and goods processed from agricultural raw materials referred to in paragraph 1 of Article 8
Annex D List of tariff concessions to agricultural products
Annex E Seeds
Annex F Organic agriculture
Annex G Sanitary and phytosanitary measures
Annex H Procedure for the provision of information in the field of technical regulations and of rules on Information Society services
Annex I Mutual recognition in relation to conformity assessment
Annex J Intellectual property rights
Annex K Movement of persons
Annex L Reservations by Iceland on investment and services
Annex M Reservations by Liechtenstein on investment and services
Annex N Reservations by Norway on investment and services
Annex O Reservations by Switzerland on investment and services
Annex P Land transport
Annex Q Air transport

Viðauki R Opinber innkaup
Viðauki S Stofnanir, nefndir og aðrir aðilar sem ráðið kemur á fót
Viðauki T Gerðardómur
Viðauki U Skrá um yfirráðasvæði sem 58. gr. á við um.

Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar málsgreinar.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta viðauka A, C, H, S og T, sem og viðbætunum við viðauka E, F, K, P, Q og R, nema kveðið sé á um annað í viðaukunum.

4. Nefndin, sem er komið á fót samkvæmt viðauka I, getur ákveðið að breyta 4. gr. þess viðauka, sem og 1. og 2. viðbæti við hann. Hún skal tilkynna ráðinu um ákvörðun sína.

54. gr.
Fullgilding

1. Undirritunarríkin skulu fullgilda þennan samning. Fullgildingarskjölum skal komið í vörslu ríkisstjórnar Svíþjóðar sem tilkynnir öllum hinum undirritunarríkjunum um það.

2. Ríkisstjórn Noregs gegnir hlutverki vörsluaðila frá 17. nóvember 1995.

3. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum þessarar greinar.

55. gr.
Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi þegar öll undirritunarríki hafa komið fullgildingarskjölum sínum til vörslu.

56. gr.
Aðild og þátttaka

1. Sérhvert ríki getur gerst aðili að þessum samningi að því tilskildu að ráðið samþykki aðild þess með þeim skilmálum og skilyrðum sem kunna að verða sett í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal komið í vörslu hjá vörsluaðila sem tilkynnir öllum hinum aðildarríkjunum um það. Þessi samningur öðlast gildi að því er varðar ríkið, sem gerist aðili, á þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni.

2. Ráðinu er heimilt að gera samning milli aðildarríkjanna og annars ríkis, sambandsríkja eða alþjóðastofnunar og mynda samtök um hver þau gagnkvæm réttindi og skyldur, sameiginlegar aðgerðir og sérstaka málsmeðferð eftir því sem við á. Leggja skal slíkan samning fyrir aðildarríkin til staðfestingar og öðlast hann gildi að því tilskildu að öll aðildarríkin hafi staðfest hann. Staðfestingarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila sem tilkynnir öllum hinum aðildarríkjunum um það.

Annex R Public procurement
Annex S Organs, committees and other bodies set up by the Council
Annex T Arbitration.
Annex U List of territories to which Article 58 applies.

The Council may decide to amend the provisions to this paragraph.

3. The Council may decide to amend Annexes A, C, H, S and T, as well as the Appendices to Annexes E, F, K, P, Q and R, unless otherwise provided in the Annexes.

4. The Committee established under Annex I may decide to amend Article 4 of that Annex as well as Appendices 1 and 2 thereto. It shall inform the Council of its decision-making.

ARTICLE 54
Ratification

1. This Convention shall be ratified by the signatory States. The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden, which shall notify all other signatory States.

2. The Government of Norway shall act as Depositary as of 17 November 1995.

3. The Council may decide to amend the provisions of this Article.

ARTICLE 55
Entry into force

This Convention shall enter into force on the deposit of instruments of ratification by all signatory States.

ARTICLE 56
Accession and association

1. Any State may accede to this Convention, provided that the Council decides to approve its accession, on such terms and conditions as may be set out in that decision. The instrument of accession shall be deposited with the Depositary, which shall notify all other Member States. This Convention shall enter into force in relation to an acceding State on the date indicated in that decision.

2. The Council may negotiate an agreement between the Member States and any other State, union of States or international organisation, creating an association embodying such reciprocal rights and obligations, common actions and special procedures as may be appropriate. Such an agreement shall be submitted to the Member States for acceptance and shall enter into force provided that it is accepted by all Member States. Instruments of acceptance shall be deposited with the Depositary, which shall notify all other Member States.

3. Ríki, sem gerist aðili að þessum samningi, skal sækja um að gerast samningsaðili að fríverslunarsamningum milli aðildarríkjanna annars vegar og þriðju ríkja, sambandsríkja eða alþjóðastofnana hins vegar.

57. gr.
Uppsögn

1. Aðildarríki er heimilt að segja upp þessum samningi að því tilskildu að það tilkynni það skriflega með 12 mánaða fyrirvara til vörsluaðilans sem tilkynnir hinum aðildarríkjunum um það.
2. Áður en uppsögnin tekur gildi skulu aðildarríkin koma sér saman um viðeigandi fyrirkomulag og sanngjarna skiptingu kostnaðar vegna uppsagnarinnar.

58. gr.
Svæðisbundið gildissvið

Samningur þessi tekur til yfirráðasvæða aðildarríkjanna, nema kveðið sé á um annað í viðauka U.

59. gr.
Breytingar

Breytingar á ákvæðum þessa samnings skulu háðar ákvörðun ráðsins og sendar aðildarríkjunum til staðfestingar í samræmi við kröfur í innlendum lögum þeirra, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi. Þær öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að staðfestingarskjali hvers aðildarríkis hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila sem tilkynnir öllum hinum aðildarríkjunum um það.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Stokkhólmi 4. janúar 1960, í einu eintaki á ensku og á frönsku og eru báðir textarnir jafngildir og skal því komið í vörslu ríkisstjórnar Sviþjóðar sem sendir staðfest endurrit til allra annarra undirritunarríkja og inngönguríkja.

BREYTT í Vaduz 21. júní 2001 í einu fullgiltu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu ríkisstjórnar Noregs.

3. Any State acceding to this Convention shall apply to become a party to the free trade agreements between the Member States on the one hand and third states, unions of states or international organisations on the other.

ARTICLE 57
Withdrawal

1. Any Member State may withdraw from this Convention provided that it gives twelve months' notice in writing to the Depositary, which shall notify all other Member States.
2. Before the withdrawal takes effect, the Member States shall agree on appropriate arrangements and equitable cost-sharing relating to the withdrawal.

ARTICLE 58
Territorial application

This Convention shall apply to the territories of the Member States except as provided for in Annex U.

ARTICLE 59
Amendment

Except as otherwise provided for in this Convention, an amendment to the provisions of this Convention shall be subject to a decision of the Council which shall be submitted to the Member States for acceptance in accordance with their internal legal requirements. It shall enter into force, unless otherwise provided, on the first day of the second month following the deposit of the instruments of acceptance by all Member States with the Depositary, which shall notify all other Member States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorised thereto, have signed the present Convention.

DONE at Stockholm this 4th day of January, 1960, in a single copy in the English and French languages, both texts being equally authentic, which shall be deposited with the Government of Sweden, by which certified copies shall be transmitted to all other signatory and acceding States.

AMENDED at Vaduz this 21st day of June, 2001, in a single authentic copy in the English language, which shall be deposited with the Government of Norway.

VIÐAUKI A

um upprunareglur

ANNEX A

on Rules of Origin

EFNISYFIRLIT

TABLE OF CONTENTS

I. BÁLKUR	**ALMENN ÁKVÆÐI**	**TITLE I**	**GENERAL PROVISIONS**
– 1. gr.	Skilgreiningar	– Article 1	Definitions
II. BÁLKUR	**SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“**	**TITLE II**	**DEFINITION OF THE CONCEPT OF “ORIGINATING PRODUCTS”**
– 2. gr.	Almennar kröfur	– Article 2	General requirements
– 3. gr.	(Í þessum viðauka er engin 3. gr.)	– Article 3	(This annex does not contain an Article 3)
– 4. gr.	Uppsöfnun uppruna í aðildarríki	– Article 4	Cumulation of origin in a Member State
– 5. gr.	Að öllu leyti heimafengnar vörur	– Article 5	Wholly obtained products
– 6. gr.	Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu	– Article 6	Sufficiently worked or processed products
– 7. gr.	Ófullnægjandi aðvinnsla	– Article 7	Insufficient working or processing operations
– 8. gr.	Skilgreiningareining	– Article 8	Unit of qualification
– 9. gr.	Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri	– Article 9	Accessories, spare parts and tools
– 10. gr.	Samstæður	– Article 10	Sets
– 11. gr.	Atriði sem hafa ekki áhrif	– Article 11	Neutral elements
III. BÁLKUR	**SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI**	**TITLE III**	**TERRITORIAL REQUIREMENTS**
– 12. gr.	Meginregla um yfirráðasvæði	– Article 12	Principle of territoriality
– 13. gr.	Beinn flutningur	– Article 13	Direct transport
– 14. gr.	Sýningar	– Article 14	Exhibitions
IV. BÁLKUR	**ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA**	**TITLE IV**	**DRAWBACK OR EXEMPTION**
– 15. gr.	Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum	– Article 15	Prohibition of drawback of, or exemption from, customs duties
V. BÁLKUR	**SÖNNUN Á UPPRUNA**	**TITLE V**	**PROOF OF ORIGIN**
– 16. gr.	Almennar kröfur	– Article 16	General requirements
– 17. gr.	Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis	– Article 17	Procedure for the issue of a movement certificate EUR.1
– 18. gr.	EUR.1-flutningsskírteini gefin út eftir á	– Article 18	Movement certificates EUR.1 issued retrospectively
– 19. gr.	Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu	– Article 19	Issue of a duplicate movement certificate EUR.1
– 20. gr.	Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður	– Article 20	Issue of movement certificates EUR.1 on the basis of a proof of origin issued or made out previously
20. gr. a	Bókhaldsleg aðgreining	Article 20 a	Accounting segregation
– 21. gr.	Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi	– Article 21	Conditions for making out an invoice declaration
– 22. gr.	Viðurkenndur útflytjandi	– Article 22	Approved exporter
– 23. gr.	Gildistími sönnunar á uppruna	– Article 23	Validity of proof of origin

– 24. gr. Sönnun á uppruna lögð fram
– 25. gr. Innflutningur í áföngum
– 26. gr. Undanþágur frá sönnunum á uppruna
– 27. gr. Fylgiskjöl
– 28. gr. Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala
– 29. gr. Ósamræmi og villur í framsetningu
– 30. gr. Fjárhæðir gefnar upp í evrum

VI. BÁLKUR FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

– 31. gr. Gagnkvæm aðstoð
– 32. gr. Sannprófun vegna sönnunar á uppruna
– 33. gr. Lausn deilumála
– 34. gr. Viðurlög
– 35. gr. Tollfrjáls svæði

– Article 24 Submission of proof of origin
– Article 25 Importation by instalments
– Article 26 Exemptions from proof of origin
– Article 27 Supporting documents
– Article 28 Preservation of proof of origin and supporting documents
– Article 29 Discrepancies and formal errors
– Article 30 Amounts expressed in euro

TITLE VI ARRANGEMENTS FOR ADMINISTRATIVE COOPERATION

– Article 31 Mutual assistance
– Article 32 Verification of proofs of origin
– Article 33 Dispute settlement
– Article 34 Penalties
– Article 35 Free zones

I. BÁLKUR
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Að því er þennan viðauka varðar merkir:

a) „framleiðsla“: hvers konar aðvinnslu, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla;

b) „efni“: hvers konar efnisþátt, hráefni, íhluta eða hluta o.s.frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar;

c) „framleiðsluvara“: vöru sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana í annars konar framleiðslu síðar;

d) „vara“: bæði efni og framleiðsluvörur;

e) „tollverð“: verð sem ákveðið er í samræmi við samninginn frá 1994 um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti (samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tollverðsákvörðun);

f) „verksmiðjuverð“: verð sem framleiðanda í aðildarríkjunum er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju hafi lokaaðvinnslan farið fram í fyrirtæki hans, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum sköttum sem hafa verið endurgreiddir eða endurgreiða má þegar varan sem er heimafengin er flutt út;

g) „verðmæti efnis“: tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið í hlutaðeigandi aðildarríki;

TITLE I
GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1

Definitions

For the purposes of this Annex:

(a) "manufacture" means any kind of working or processing including assembly or specific operations;

(b) "material" means any ingredient, raw material, component or part, etc., used in the manufacture of the product;

(c) "product" means the product being manufactured, even if it is intended for later use in another manufacturing operation;

(d) "goods" means both materials and products;

(e) "customs value" means the value as determined in accordance with the 1994 Agreement on implementation of Article VII of the General Agreement on Tariffs and Trade (WTO Agreement on customs valuation);

(f) "ex-works price" means the price paid for the product ex works to the manufacturer in the Member States in whose undertaking the last working or processing is carried out, provided the price includes the value of all the materials used, minus any internal taxes which are, or may be, repaid when the product obtained is exported;

(g) "value of materials" means the customs value at the time of importation of the non-originating materials used, or, if this is not known and cannot be ascertained, the first ascertainable price paid for the materials in the Member State concerned;

h) „verðmæti upprunaefna“: verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í g-lið að breyttu breytanda;

i) „virðisauki“: verksmiðjuverð að frádregnu tollverði hvers efnis sem notað er og upprunnið er í landi sem um getur í 4. gr. eða, ef tollverð er ekki þekkt eða ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýna má fram á að greitt hafi verið fyrir slíkt efni í hlutaðeigandi aðildarríki;

j) „kaflar“ og „vöruliðir“: kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána, sem í þessum viðauka er vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða „ST“;

k) „flokkað“: flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið;

l) „vörusending“: framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vörureikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi;

m) „yfirráðasvæði“: einnig landhelgi;

n) „evra“: hinn sameiginlegi gjaldmiðill Myntbandalags Evrópu.

II. BÁLKUR
SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

2. gr.

Almennar kröfur

1. Við framkvæmd þessa samnings skulu eftirfarandi framleiðsluvörur taldar upprunnar á Íslandi eða í Noregi:

a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar á Íslandi eða í Noregi í skilningi 5. gr. þessa viðauka;

b) framleiðsluvörur fengnar á Íslandi eða í Noregi, sem í eru notuð efni sem eru ekki að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu:

i) að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu á Íslandi eða í Noregi í skilningi 6. gr. þessa viðauka; eða

ii) að slík efni séu upprunnin á Íslandi, í Noregi eða Sviss í skilningi þessa viðauka;

c) vörur sem eru upprunnar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), í skilningi bókunar 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

(h) "value of originating materials" means the value of such materials as defined in sub-paragraph (g) applied mutatis mutandis;

(i) "added value" shall be taken to be the ex-works price minus the customs value of each of the materials incorporated which originate in the other countries referred to in Article 4 or, where the customs value is not known or cannot be ascertained, the first verifiable price paid for the materials in the Member State concerned;

(j) "chapters" and "headings" mean the chapters and the headings (four-digit codes) used in the nomenclature which makes up the Harmonized Commodity Description and Coding System, referred to in this Annex as "the Harmonized System" or "HS";

(k) "classified" refers to the classification of a product or material under a particular heading;

(l) "consignment" means products which are either sent simultaneously from one exporter to one consignee or covered by a single transport document covering their shipment from the exporter to the consignee or, in the absence of such a document, by a single invoice;

(m) "territories" includes territorial waters;

(n) "euro" means the single currency of the European Monetary Union.

TITLE II
DEFINITION OF THE CONCEPT OF "ORIGINATING PRODUCTS"

ARTICLE 2

General requirements

1. For the purpose of implementing this Convention, the following products shall be considered as originating in Iceland or Norway:

(a) products wholly obtained in Iceland or Norway within the meaning of Article 5 of this Annex;

(b) products obtained in Iceland or Norway incorporating materials which have not been wholly obtained there, provided that:

(i) such materials have undergone sufficient working or processing in Iceland or Norway within the meaning of Article 6 of this Annex; or that

(ii) such materials originate in Iceland, Norway or Switzerland within the meaning of this Annex.

(c) goods originating in the European Economic Area (EEA), within the meaning of Protocol 4 to the Agreement on the European Economic Area.

2. Við framkvæmd þessa samnings skulu eftirfarandi framleiðsluvörur taldar upprunnar í Sviss:

a) framleiðsluvörur að öllu leyti fengnar í Sviss í skilningi 5. gr. þessa viðauka;
b) framleiðsluvörur fengnar í Sviss, sem í eru notuð efni sem eru ekki að öllu leyti fengin þar, að því tilskildu:
   i) að slík efni hafi hlotið nægilega aðvinnslu í Sviss í skilningi 6. gr. þessa viðauka; eða
   ii) að slík efni séu upprunnin á Íslandi eða í Noregi í skilningi þessa viðauka.

3. Framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í aðildarríki og fluttar frá einu aðildarríki til annars í óbreyttu ástandi eða hafa ekki fengið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram það sem um getur í 7. gr. þessa viðauka, skulu halda uppruna sínum þrátt fyrir ákvæði ii-liðar í b-lið 1. mgr. og ii-liðar í b-lið 2. mgr.

4. Við framkvæmd 3. mgr. teljast framleiðsluvörur, sem eru notaðar og upprunnar í tveimur eða fleiri aðildarríkjum og hafa ekki fengið aðvinnslu í útflutningsríkinu umfram það sem um getur í 7. gr. þessa viðauka, upprunnar í því aðildarríki þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð eru, er mest.

2. For the purpose of implementing this Convention, the following products shall be considered as originating in Switzerland:
(a) products wholly obtained in Switzerland within the meaning of Article 5 of this Annex;
(b) products obtained in Switzerland incorporating materials which have not been wholly obtained there, provided that:
   (i) such materials have undergone sufficient working or processing in Switzerland within the meaning of Article 6 of this Annex; or that
   (ii) such materials originate in Iceland or Norway within the meaning of this Annex.

3. Notwithstanding the provisions of sub-paragraphs 1(b)(ii) and 2(b)(ii), products originating in a Member State and exported from one Member State to another in the same state or having undergone in the exporting Member State no working or processing going beyond that referred to in Article 7 of this Annex, retain their origin.

4. For the purpose of implementing paragraph 3, where products originating in two or more of the Member States are used and those products have undergone no working or processing in the exporting Member State going beyond that referred to in Article 7 of this Annex, the product shall be considered as originating in the Member State which accounts for the highest value of originating materials used.

3. gr.
(Í þessum viðauka er engin 3. gr.)

4. gr.
Uppsöfnun uppruna í aðildarríki

1. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 2. gr. skulu framleiðsluvörur teljast upprunnar í aðildarríki ef þær eru fengnar þar og hafa að geyma efni sem eru upprunnin í Póllandi, Ungverjalandi, Lýðveldinu Tékklandi, Lýðveldinu Slóvakíu, Búlgaríu, Rúmeníu, Lettlandi, Litháen, Eistlandi, Slóveníu, Tyrklandi eða Evrópubandalaginu í samræmi við ákvæði bókunarinnar um upprunareglur, sem fylgir samningum sem gerðir hafa verið milli aðildarríkjanna og annaðhvort Evrópubandalagsins eða hvers þessara landa, enda hafi efnin fengið aðvinnslu í hlutaðeigandi aðildarríki umfram það sem um getur í 7. gr. þessa viðauka. Efnin þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.

2. Ef aðvinnsla í aðildarríki er ekki umfram þá meðferð sem um getur í 7. gr. telst heimafengna framleiðsluvaran vera upprunavara í hlutaðeigandi aðildarríki því aðeins að virðisaukinn þar sé meiri en

ARTICLE 3
(This Annex does not contain an Article 3)

ARTICLE 4
Cumulation of origin in a Member State

1. Subject to the provisions of Article 2 (1) and (2), products shall be considered as originating in a Member State if they have been obtained there by incorporating materials originating in Poland, Hungary, the Czech Republic, the Slovak Republic, Bulgaria, Romania, Latvia, Lithuania, Estonia, Slovenia, Turkey or the European Community in accordance with the provisions of the Protocol on rules of origin annexed to the Agreements concluded between the Member States and either the European Community or each of the said countries, provided these materials have undergone treatment in the Member State concerned going beyond that referred to in Article 7 of this Annex. The materials need not to have undergone sufficient working or processing.

2. Where working or processing in a Member State does not go beyond the treatment referred to in Article 7, the product obtained shall be considered as originating in the Member State concerned only if

virðisauki sérhvers efnis, sem er notað í vöruna og upprunnið annaðhvort í Evrópubandalaginu eða í einu þeirra landa sem um getur í 1. mgr. Sé sú ekki raunin telst viðkomandi framleiðsluvara vera upprunnin annaðhvort í Evrópubandalaginu eða í landinu þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð eru við aðvinnslu í hlutaðeigandi aðildarríki, er mest.

3. Framleiðsluvörur, sem eru upprunnar annaðhvort í Evrópubandalaginu eða í einu þeirra landa sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki fengið meðferð í hlutaðeigandi aðildarríki, skulu halda upprunaréttindum sínum þegar þær eru fluttar annaðhvort til Evrópubandalagsins eða eins þessara ríkja.
4. Því aðeins er heimilt að beita uppsöfnun, sem kveðið er á um í þessari grein, að efnin eða vörurnar sem eru notaðar í framleiðsluvöruna hafi öðlast upprunaréttindi á grundvelli beitingar upprunareglna sem samsvara þeim upprunareglum sem tíundaðar eru í þessum viðauka.

5. gr.
Að öllu leyti heimafengnar vörur

1. Eftirfarandi skal talið að öllu leyti fengið í aðildarríki (heimafengið):
a) jarðefni unnin úr jörðu eða úr hafsbotni þar;
b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;
c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;
d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;
e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er þar með veiðum;
f) sjávarafurðir og aðrar afurðir sem teknar eru úr sjó utan landhelgi aðildarríkjanna af skipum þeirra;
g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem um getur í f-lið;
h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;
i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;
j) vörur unnar úr yfirborðslögum eða undirlögum hafsbotnsins utan landhelgi þeirra, að því tilskildu að þeir hafi einkarétt á að nýta þessi lög;
k) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til j-lið.
2. Orðin „skip þeirra“ og „verksmiðjuskip þeirra“ í f- og g-lið 1. mgr. eiga aðeins við um skip og verksmiðjuskip:

the value added there exceeds that of any incorporated materials originating either in the European Community or in one of the other countries referred to in paragraph 1. If it does not, the product concerned shall be considered as originating either in the European Community or in the country which accounts for the highest value of originating materials used in working or processing in the Member State concerned.
3. Products originating either in the European Community or in one of the countries referred to in paragraph 1 and not having undergone any treatment in the Member State concerned shall retain the status of originating product if they are exported to either the European Community or one of those countries.
4. The cumulation provided for in this Article may be applied only where the materials or products incorporated have acquired the status of originating product by application of rules of origin identical to those set out in this Annex.

ARTICLE 5
Wholly obtained products

1. The following shall be considered as wholly obtained in a Member State:
(a) mineral products extracted from their soil or from their seabed;
(b) vegetable products harvested there;
(c) live animals born and raised there;
(d) products from live animals raised there;
(e) products obtained by hunting or fishing conducted there;
(f) products of sea fishing and other products taken from the sea outside the territorial waters of the Member States by their vessels;
(g) products made aboard their factory ships exclusively from products referred to in sub-paragraph (f);
(h) used articles collected there fit only for the recovery of raw materials, including used tyres fit only for retreading or for use as waste;
(i) waste and scrap resulting from manufacturing operations conducted there;
(j) products extracted from marine soil or subsoil outside their territorial waters provided that they have sole rights to work that soil or subsoil;
(k) goods produced there exclusively from the products specified in sub-paragraphs (a) to (j).
2. The terms “their vessels” and “their factory ships” in sub-paragraphs 1(f) and (g) shall apply only to vessels and factory ships:

a) sem eru skráð eða skrásett í aðildarríki;

b) sem sigla undir fána aðildarríkis;
c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eigu ríkisborgara aðildarríkis, eða í eigu fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja enda séu framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar aðildarríkis; auk þess sé að minnsta kosti helmingur höfuðstóls í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara þessara ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;
d) þar sem skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar aðildarríkis; og
e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar aðildarríkis.

6. gr.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem eru ekki að öllu leyti heimafengnar teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum í skránni í II. viðbæti verið fullnægt.

Skilyrði þessi eiga við um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara, sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í skránni er fullnægt og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um framleiðsluvöruna sem hún er sett saman við og skal ekki taka tillit til efna sem eru notuð við framleiðslu hennar og eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu efni, sem ekki teljast upprunaefni, því aðeins notuð við framleiðslu vöru samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í skránni, að:
a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar;
b) við beitingu þessarar málsgreinar sé ekki farið yfir neina af þeim hundraðshlutatölum sem eru tilgreindar í skránni sem hámarksverðmæti efna sem eru ekki upprunaefni.

Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.–63. kafla í samræmdu tollskránni.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 7. gr.

(a) which are registered or recorded in a Member State;
(b) which sail under the flag of a Member State;
(c) which are owned to an extent of at least 50 per cent by nationals of a Member State, or by a company with its head office in one of these States, of which the manager or managers, Chairman of the Board of Directors or the Supervisory Board, and the majority of the members of such boards are nationals of a Member State and of which, in addition, in the case of partnerships or limited companies, at least half the capital belongs to those States or to public bodies or nationals of the said States;
(d) of which the master and officers are nationals of a Member State; and
(e) of which at least 75 per cent of the crew are nationals of a Member State.

ARTICLE 6

Sufficiently worked or processed products

1. For the purposes of Article 2, products which are not wholly obtained are considered to be sufficiently worked or processed when the conditions set out in the list in Appendix II are fulfilled.

The conditions referred to above indicate, for all products covered by this Convention, the working or processing which must be carried out on non-originating materials used in manufacturing and apply only in relation to such materials. Accordingly, it follows that if a product, which has acquired originating status by fulfilling the conditions set out in the list is used in the manufacture of another product, the conditions applicable to the product in which it is incorporated do not apply to it, and no account shall be taken of the non-originating materials which may have been used in its manufacture.
2. Notwithstanding paragraph 1, non-originating materials which, according to the conditions set out in the list, should not be used in the manufacture of a product may nevertheless be used, provided that:
(a) their total value does not exceed 10 per cent of the ex-works price of the product;

(b) any of the percentages given in the list for the maximum value of non-originating materials are not exceeded through the application of this paragraph.

This paragraph shall not apply to products falling within Chapters 50 to 63 of the Harmonized System.
3. Paragraphs 1 and 2 shall apply except as provided in Article 7.

7. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 6. gr. hefur verið fullnægt:

a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur;
b) uppskipting og sameining umbúða;
c) þvottur, hreinsun, þar með talið að hreinsa burt ryk, oxíð, olíu, málningu eða annað sem myndar hjúp á vörunni;
d) straujun og pressun textílefna;
e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja;
f) afhýðing, bleiking, að hluta eða að öllu leyti, fæging og gljáhúðun korns og hrísgrjóna;
g) aðgerðir til að lita sykur eða búa til sykurmola;
h) afhýða, taka steina úr og taka skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti;
i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður;
j) sigta, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður);
k) einföld setning á flöskur, í dósir, glös, poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;
l) festing eða prentun merkja, kennimerkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;
m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki;
n) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutun framleiðsluvara í vöruhluta;
o) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til n-lið;
p) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram í einu aðildarríkjanna á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.

ARTICLE 7

Insufficient working or processing

1. Without prejudice to paragraph 2, the following operations shall be considered as insufficient working or processing to confer the status of originating products, whether or not the requirements of Article 6 are satisfied:

(a) preserving operations to ensure that the products remain in good condition during transport and storage;
(b) breaking-up and assembly of packages;
(c) washing, cleaning; removal of dust, oxide, oil, paint or other coverings;
(d) ironing or pressing of textiles;
(e) simple painting and polishing operations;
(f) husking, partial or total bleaching, polishing, and glazing of cereals and rice;
(g) operations to colour sugar or form sugar lumps;
(h) peeling, stoning and shelling, of fruits, nuts and vegetables;
(i) sharpening, simple grinding or simple cutting;
(j) sifting, screening, sorting, classifying, grading, matching; (including the making-up of sets of articles);
(k) simple placing in bottles, cans, flasks, bags, cases, boxes, fixing on cards or boards and all other simple packaging operations;
(l) affixing or printing marks, labels, logos and other like distinguishing signs on products or their packaging;
(m) simple mixing of products, whether or not of different kinds;
(n) simple assembly of parts of articles to constitute a complete article or disassembly of products into parts;
(o) a combination of two or more operations specified in subparagraphs (a) to (n);
(p) slaughter of animals.

2. All operations carried out in one of the Member States on a given product shall be considered together when determining whether the working or processing undergone by that product is to be regarded as insufficient within the meaning of paragraph 1.

8. gr.

Skilgreiningareining

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessa viðauka er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.

ARTICLE 8

Unit of qualification

1. The unit of qualification for the application of the provisions of this Annex shall be the particular product which is considered as the basic unit when determining classification using the nomenclature of the Harmonized System.

Af þessu leiðir að:
a) þegar framleiðsluvara er sett saman úr mörgum hlutum og flokkuð í einn og sama vörulið samkvæmt skilmálum samræmdu tollskrárinnar telst heildin vera ein skilgreiningareining;
b) þegar í vörusendingu eru margar sams konar framleiðsluvörur, sem flokkaðar eru í sama vörulið samræmdu tollskrárinnar, skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum þessa viðauka er beitt.

2. Þegar umbúðir eru, samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

9. gr.
Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

10. gr.
Samstæður

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruíhlutarnir eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavara, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

11. gr.
Atriði sem hafa ekki áhrif

Þegar ákvarða þarf hvort framleiðsluvara sé upprunavara er ekki nauðsynlegt að ákvarða uppruna eftirfarandi, þótt notað hafi verið við framleiðslu vörunnar:
a) orku og eldsneytis;
b) verksmiðju og búnaðar;
c) véla og verkfæra;
d) vara sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörunni fullgerðri.

Accordingly, it follows that:
(a) when a product composed of a group or assembly of articles is classified under the terms of the Harmonized System in a single heading, the whole constitutes the unit of qualification;
(b) when a consignment consists of a number of identical products classified under the same heading of the Harmonized System, each product must be taken individually when applying the provisions of this Annex.

2. Where, under general rule 5 of the Harmonized System, packaging is included with the product for classification purposes, it shall be included for the purposes of determining origin.

ARTICLE 9
Accessories, spare parts and tools

Accessories, spare parts and tools dispatched with a piece of equipment, machine, apparatus or vehicle, which are part of the normal equipment and included in the price thereof or which are not separately invoiced, shall be regarded as one with the piece of equipment, machine, apparatus or vehicle in question.

ARTICLE 10
Sets

Sets, as defined in general rule 3 of the Harmonized System, shall be regarded as originating when all component products are originating. Nevertheless, when a set is composed of originating and non-originating products, the set as a whole shall be regarded as originating, provided that the value of the non-originating products does not exceed 15 per cent of the ex-works price of the set.

ARTICLE 11
Neutral elements

In order to determine whether a product originates, it shall not be necessary to determine the origin of the following which might be used in its manufacture :
(a) energy and fuel;
(b) plant and equipment;
(c) machines and tools;
(d) goods which do not enter and which are not intended to enter into the final composition of the product.

III. BÁLKUR
SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

12. gr.

Meginregla um yfirráðasvæði

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. gr. og 3. mgr. þessarar greinar verður að fullnægja skilyrðum í II. bálki, um öflun upprunaréttinda á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, óslitið.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í 4. gr. skal ekki litið á vörur, sem fluttar eru út frá aðildarríki til lands annars en aðildarríkis og síðan fluttar inn aftur, sem upprunavörur nema hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) vörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út; og
b) ekki hafi verið gerð á þeim nein aðgerð umfram það sem nauðsynlegt er til að varðveita gæði þeirra í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.

3. Aðvinnsla utan yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis á efnum, sem eru flutt út frá því aðildarríki og flutt inn aftur, hefur ekki áhrif á öflun upprunaréttinda í samræmi við skilyrði II. bálks, að því tilskildu að:

a) efnin séu fengin að öllu leyti í aðildarríki eða hafi fengið aðvinnslu umfram þær ófullnægjandi aðgerðir sem getið er í 7. gr. áður en þau voru flutt út; og

b) hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:
   i) endurinnfluttu vörurnar hafi fengist með aðvinnslu útfluttu efnanna; og
   ii) heildarvirðisauki, sem fæst utan hlutaðeigandi aðildarríkis með beitingu ákvæða þessarar greinar, nemi ekki meira en 10 hundraðshlutum af verksmiðjuverði fullunninnar framleiðsluvöru sem krafist er upprunaréttinda fyrir.

4. Að því er 3. mgr. varðar skulu skilyrði um öflun upprunaréttinda, sem mælt er fyrir um í II. bálki, ekki eiga við um aðvinnslu utan hlutaðeigandi aðildarríkis. Ef reglu í skrá II. viðbætis um hámarksverðmæti fyrir öll efni, sem eru notuð en eru ekki upprunaefni, er beitt til að ákvarða uppruna fullunninnar framleiðsluvöru skal heildarverðmæti efna, sem eru notuð í hlutaðeigandi aðildarríki en eru ekki upprunaefni, ásamt heildarverðmæti, sem fæst utan þess aðildarríkis með beitingu ákvæða þessarar greinar, ekki vera hærra en uppgefinn hundraðshluti.

TITLE III
TERRITORIAL REQUIREMENTS

ARTICLE 12

Principle of territoriality

1. The conditions set out in Title II relative to the acquisition of originating status must be fulfilled without interruption in one of the Member States, except as provided for in Article 4 and paragraph 3 below.

2. If originating goods exported from one Member State to another country other than a Member State are returned, except in so far as provided for in Article 4 they must be considered as non-originating, unless it can be demonstrated to the satisfaction of the customs authorities that:

(a) the goods returned are the same goods as those exported; and
(b) they have not undergone any operation beyond that necessary to preserve them in good condition while in that country or while being exported.

3. The acquisition of originating status in a Member State under the conditions set out in Title II shall not be affected by working or processing carried out outside the Member State concerned on materials exported from that Member State and subsequently reimported there, provided that:

(a) the said materials are wholly obtained in a Member State or have undergone there working or processing going beyond the insufficient operations listed in Article 7 prior to their exportation; and
(b) it can be demonstrated to the satisfaction of the customs authorities that:
   (i) the reimported goods result from the working or processing of the exported materials; and
   (ii) the total added value acquired outside the Member State concerned through the application of this Article does not exceed 10 per cent of the ex-works price of the final product for which originating status is claimed.

4. For the purposes of paragraph 3, the conditions set out in Title II relative to the acquisition of originating status shall not apply in respect of working or processing carried out outside the Member State concerned. Nevertheless, where, in the list in Appendix II, a rule giving the maximum value of all the non-originating materials used is applied in determining the originating status of the final product concerned, the total value of the non-originating materials used in the Member State concerned and the total value acquired outside that Member State through the application of this Article taken together shall not exceed the percentage given.

5. Að því er varðar beitingu ákvæða 3. og 4. mgr. merkir „heildarvirðisauki“ allan kostnað sem til fellur utan hlutaðeigandi aðildarríkis, að meðtöldu verðmæti efna sem eru sett saman við þar.
6. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem fullnægja ekki skilyrðum í skrá II. viðbætis og teljast einungis hafa fengið nægilega aðvinnslu ef hinum almennu frávikum í 2. mgr. 6. gr. er beitt.

7. Ákvæði 3. og 4. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50.–63. kafla í samræmdu tollskránni.
8. Hvers konar aðvinnsla utan aðildarríkis, sem fellur undir ákvæði þessarar greinar, skal fara fram á grundvelli fyrirkomulags um vinnslu á öðrum stað eða sambærilegs fyrirkomulags.

5. For the purposes of paragraphs 3 and 4, "total added value" shall mean all costs accumulated outside the Member State concerned, including all the value of the materials added there.
6. Paragraphs 3 and 4 shall not apply to products which do not fulfill the conditions set out in the list in Appendix II and which can only be considered as sufficiently worked or processed as a result of the application of the general tolerance in Article 6 (2).
7. Paragraphs 3 and 4 shall not apply to products falling within Chapters 50 to 63 of the Harmonized System.
8. Any working or processing of the kind covered by the provisions of this Article carried out outside a Member State shall be effected by means of outward processing arrangements, or similar arrangements.

13. gr.
Beinn flutningur

1. Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í þessum samningi gildir einungis um framleiðsluvörur sem fullnægja þeim kröfum sem settar eru fram í þessum viðauka og eru fluttar beint milli aðildarríkjanna eða um yfirráðasvæði hinna landanna eða Evrópubandalagsins eins og um getur í 4. gr. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur í einni vörusendingu um önnur yfirráðasvæði vegna umfermingar eða bráðabirgðageymslu á þeim yfirráðasvæðum, ef tilefni er til, að því tilskildu að vörurnar séu undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umfermingin eða geymslan á sér stað og hljóti ekki aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

Heimilt er að flytja framleiðsluvörur sem eru upprunavörur um leiðslukerfi yfir önnur yfirráðasvæði en yfirráðasvæði aðildarríkis.
2. Sannanir um að skilyrðunum, sem um getur í 1. mgr., hafi verið fullnægt skulu lagðar fram hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu með:

a) einu farmskírteini sem gildir um flutninginn frá útflutningslandinu um umflutningslandið; eða

b) skírteini, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:
   i) nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni;
   ii) dagsetningar affermingar og endurfermingar og, þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa eða annar flutningsmáti; og

   iii) við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða

ARTICLE 13
Direct transport

1. The preferential treatment provided for under the Convention applies only to products, satisfying the requirements of this Annex, which are transported directly between the Member States or through the territories of the other countries or the European Community as referred to in Article 4. However, products constituting one single consignment may be transported through other territories with, should the occasion arise, trans-shipment or temporary warehousing in such territories, provided that they remain under the surveillance of the customs authorities in the country of transit or warehousing and do not undergo operations other than unloading, reloading or any operation designed to preserve them in good condition.

Originating products may be transported by pipeline across territory other than that of a Member State.
2. Evidence that the conditions set out in paragraph 1 have been fulfilled shall be supplied to the customs authorities of the importing country by the production of:
(a) a single transport document covering the passage from the exporting country through the country of transit; or
(b) a certificate issued by the customs authorities of the country of transit:
   (i) giving an exact description of the products;
   (ii) stating the dates of unloading and reloading of the products and, where applicable, the names of the ships, or the other means of transport used; and
   (iii) certifying the conditions under which the products remained in the transit country; or

c) að öðrum kosti, hvers konar skjöl sem færa sönnur á þetta.

14. gr.
Sýningar

1. Upprunavörur sem sendar eru frá aðildarríkjunum á vörusýningu utan aðildarríkjanna, landanna eða Evrópubandalagsins eins og um getur í 4. gr. og seldar eftir sýninguna til innflutnings í öðru aðildarríki skulu við innflutninginn njóta góðs af ákvæðum þessa samnings að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) útflytjandinn hafi sent þessar framleiðsluvörur frá aðildarríki til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar;
b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda í öðru aðildarríki;
c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana í því ástandi sem þær voru þegar þær voru sendar til sýningar; og
d) framleiðsluvörurnar hafi ekki, frá því að þær voru sendar til sýningar, verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.

2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við ákvæði V. bálks og lögð fram með venjulegum hætti hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast skjalfestra viðbótarsönnunargagna um við hvaða aðstæður þær eru sýndar.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar framleiðsluvörur, enda séu þær undir tolleftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. BÁLKUR
ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA

15. gr.
Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum

1. Efni sem teljast ekki vera upprunaefni en eru notuð við framleiðslu á vörum, sem eru upprunnar í aðildarríki, eða einu hinna landanna eða Evrópubandalaginu eins og um getur í 4. gr. og gefin hefur verið út eða útbúin sönnun á uppruna fyrir í samræmi við ákvæði V. bálks, skulu ekki njóta endurgreiðslu á

(c) failing these, any substantiating documents.

ARTICLE 14
Exhibitions

1. Originating products, sent from one of the Member States for exhibition outside the Member States, the countries or the European Community as referred to in Article 4 and sold after the exhibition for importation in another Member State shall benefit on importation from the provisions of the Convention provided it is shown to the satisfaction of the customs authorities that :
(a) an exporter has consigned these products from a Member State to the country in which the exhibition is held and has exhibited them there;
(b) the products have been sold or otherwise disposed of by that exporter to a person in another Member State;
(c) the products have been consigned during the exhibition or immediately thereafter in the state in which they were sent for exhibition; and

(d) the products have not, since they were consigned for exhibition, been used for any purpose other than demonstration at the exhibition.

2. A proof of origin must be issued or made out in accordance with the provisions of Title V and submitted to the customs authorities of the importing country in the normal manner. The name and address of the exhibition must be indicated thereon. Where necessary, additional documentary evidence of the conditions under which they have been exhibited may be required.

3. Paragraph 1 shall apply to any trade, industrial, agricultural or crafts exhibition, fair or similar public show or display which is not organized for private purposes in shops or business premises with a view to the sale of foreign products, and during which the products remain under customs control.

TITLE IV
DRAWBACK OR EXEMPTION

ARTICLE 15
Prohibition of drawback of, or exemption from, customs duties

1. Non-originating materials used in the manufacture of products originating in a Member State, or in one of the other countries or the European Community as referred to in Article 4 for which a proof of origin is issued or made out in accordance with the provisions of Title V shall not be subject in any

eða undanþágu frá neins konar tollum í aðildarríkjunum.
2. Bannið í 1. mgr. gildir um hvers konar fyrirkomulag varðandi endurgreiðslur, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum, að fullu eða að hluta, á tollum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif sem beitt er hjá aðildarríkjunum vegna efna sem notuð eru við framleiðslu, ef slíkum endurgreiðslum, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum er beitt, beint eða í reynd, þegar framleiðsluvaran sem unnin er úr áðurnefndum efnum er flutt út en ekki þegar hún er til notkunar innanlands.
3. Útflytjandi framleiðsluvöru, sem sönnun á uppruna tekur til, skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda, öll tilheyrandi skjöl því til staðfestingar að ekki hafi verið um endurgreiðslu að ræða fyrir þau efni sem eru ekki upprunaefni og notuð voru við framleiðslu á viðkomandi vöru og að allir tollar, eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, sem falla á slíkt efni hafi verið greidd.
4. Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um umbúðir í skilningi 2. mgr. 8. gr., fylgihluti, varahluti og verkfæri í skilningi 9. gr. og framleiðsluvörur í samstæðum í skilningi 10. gr. þegar slíkir hlutir eru ekki upprunavörur.

5. Ákvæði 1.–4. mgr. gilda aðeins um efni þeirrar tegundar sem samningurinn tekur til. Þau skulu heldur ekki koma í veg fyrir að beitt verði ráðstöfunum um endurgreiðslu vegna landbúnaðarafurða við útflutning í samræmi við ákvæði þessa samnings.

of the Member States to drawback of, or exemption from, customs duties of whatever kind.
In the event of serious economic or social difficulties, the Committee shall meet, at the request of one Member State, to examine appropriate measures to remedy the situation. The Council may decide what measures to take within 60 days of the date of the request. This period may be extended by the Council. The scope and duration of such measures shall not exceed that which is strictly necessary to remedy the situation. Preference shall be given to measures that least disrupt the working of this Annex.

ARTICLE 16
Reference to Community law

1. In order to attain the objectives pursued by this Annex, the Member States shall take all measures necessary to ensure that rights and obligations equivalent to those contained in the legal acts of the European Community to which reference is made, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss – EC Agreement on the free movement of persons, are applied in relations between them.

2. Að svo miklu leyti sem beiting þessa viðauka tekur til algengra hugtaka í þeim lagagerningum sem um getur í 1. mgr. skal taka tillit til viðeigandi fordæma sem fram hafa komið fyrir 21. júní 1999. Til að tryggja góða framkvæmd þessa viðauka skal ráðið, að beiðni aðildarríkis, ákveða hvaða áhrif fordæmi eftir 21. júní 1999 skuli hafa.

17. gr.
Þróun laga

1. Aðildarríki skal veita hinum aðildarríkjunum upplýsingar á vettvangi nefndarinnar um leið hafið er ferli við að samþykkja drög að breytingum á löggjöf þess eða um leið og breyting verður á fordæmum sem yfirvöld styðjast við eða ef ekki eru fyrir hendi lagaúrræði vegna ákvarðana þeirra samkvæmt innlendum lögum á sviði sem fellur undir þennan viðauka.
2. Nefndin skal efna til skoðanaskipta um áhrif slíkrar breytingar á góða framkvæmd þessa viðauka.

18. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um félagslegt öryggi

Tvíhliða samningar milli aðildarríkjanna um félagslegt öryggi skulu felldir úr gildi við gildistöku þessa viðauka að því miklu leyti sem viðaukinn tekur til sama efnis, nema kveðið sé á um annað samkvæmt 2. viðbæti.

19. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um tvísköttun

1. Ákvæði þessa viðauka hafa ekki áhrif á ákvæði tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna um tvísköttun. Einkum skulu ákvæði þessa viðauka ekki hafa áhrif á skilgreiningu á því hverjir teljast „starfandi menn sem sækja vinnu yfir landamæri“ í samningum um tvísköttun.
2. Ekkert ákvæði í þessum viðauka skal túlkað þannig að komið sé í veg fyrir að aðildarríkin geti gert greinarmun, við beitingu viðeigandi ákvæða í skattalöggjöf sinni, á skattgreiðendum sem búa ekki við sambærilegar aðstæður, einkum að því er varðar búsetustað.
3. Ekkert ákvæði í þessum viðauka kemur í veg fyrir að aðildarríkin samþykki eða beiti ráðstöfunum til að tryggja álagningu, greiðslu og skilvirka endurheimt skatta eða hindri skattsvik samkvæmt innlendri skattalöggjöf eða samningum milli aðildarríkjanna sem miða að því að koma í veg fyrir tvísköttun eða öðru skattafyrirkomulagi.

2. Insofar as the application of this Annex involves common concepts of the legal instruments referred to in paragraph 1, account shall be taken of relevant case-law prior to 21 June 1999. In order to ensure the good functioning of this Annex, the Council shall, at the request of any Member State, determine the implications of case-law after 21 June 1999.

ARTICLE 17
Development of law

1. As soon as one Member State initiates the process of adopting a draft amendment to its domestic legislation, or as soon as there is a change in the case-law of authorities against whose decisions there is no judicial remedy under domestic law in a field governed by this Annex, it shall inform the other Member States through the Committee.

2. The Committee shall hold an exchange of views on the implications of such an amendment for the proper functioning of this Annex.

ARTICLE 18
Relationship to bilateral social security agreements

Unless otherwise provided for under Appendix 2, bilateral social security agreements between the Member States shall be suspended upon entry into force of this Annex, in so far as the latter covers the same subject matter.

ARTICLE 19
Relationship to bilateral agreements on double taxation

1. The provisions of bilateral agreements between the Member States on double taxation shall be unaffected by the provisions of this Annex. In particular, the provisions of this Annex shall not affect the double taxation agreements' definition of 'frontier workers'.
2. No provision of this Annex may be interpreted in such a way as to prevent the Member States from distinguishing, when applying the relevant provisions of their fiscal legislation, between taxpayers whose situations are not comparable, especially as regards their place of residence.
3. No provision of this Annex shall prevent the Member States from adopting or applying measures to ensure the imposition, payment and effective recovery of taxes or to forestall tax evasion under their national fiscal legislation or agreements aimed at preventing double taxation between the Member States, or any other tax arrangements.

20. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um önnur málefni en félagslegt öryggi og tvísköttun

1. Þrátt fyrir ákvæði 18. og 19. gr. hefur þessi viðauki ekki áhrif á tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna, til að mynda þá er varða einstaklinga, atvinnurekendur, samvinnu yfir landamæri eða staðbundna landamæraumferð, að því tilskildu að þeir séu samrýmanlegir þessum viðauka.
2. Ef ekki er samræmi milli slíkra samninga og þessa viðauka skal hinn síðarnefndi ganga framar.

21. gr.
Áunnin réttindi

Einstaklingar halda áunnum réttindum sínum þótt komi til uppsagnar eða endurnýjun eigi sér ekki stað. Aðildarríkin skulu gera með sér samning um til hvaða aðgerða skuli gripið vegna réttinda sem einstaklingar eru að ávinna sér.

1. VIÐBÆTIR
Flutningar fólks (20. gr.)

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Koma og brottför

1. Aðildarríkin skulu heimila ríkisborgurum frá hinum aðildarríkjunum og aðstandendum þeirra í skilningi 3. gr. þessa viðbætis og launþegum sem starfa utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis að koma á yfirráðasvæði þeirra einfaldlega með því að sýna gilt kennivottorð eða vegabréf.

Óheimilt er að krefjast vegabréfsáritunar við komu, eða jafngildis hennar, nema að því er varðar aðstandendur og launþega utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis sem hafa ekki ríkisfang í aðildarríki. Viðkomandi aðildarríki skal veita þessum einstaklingum hverja þá aðstöðu sem nauðsynleg er til að fá nauðsynlegar vegabréfsáritanir.

2. Aðildarríkin skulu veita ríkisborgurum aðildarríkjanna og aðstandendum þeirra í skilningi 3. gr. þessa viðbætis og launþegum sem starfa utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis rétt til að fara frá yfirráðasvæðum þeirra einfaldlega með því að sýna gilt kennivottorð eða vegabréf. Aðildarríkin skulu ekki krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja um brottfararáritun eða jafngildi hennar.

Aðildarríkin skulu, í samræmi við lög sín, gefa út eða endurnýja kennivottorð eða vegabréf til handa slíkum ríkisborgurum þar sem fram kemur til að mynda hvert þjóðerni handhafans er.

ARTICLE 20
Relationship to bilateral agreements on matters other than social security and double taxation

1. Notwithstanding the provisions of Articles 18 and 19, this Annex shall not affect bilateral agreements between Member States, such as those concerning private individuals, economic operators, cross-border co-operation or local frontier traffic, in so far as they are compatible with this Annex.
2. In the event of incompatibilities between such agreements and this Annex, the latter shall prevail.

ARTICLE 21
Acquired rights

In the event of termination or non-renewal, rights acquired by private individuals shall not be affected. The Member States shall settle by mutual agreement what action is to be taken in respect of rights in the process of being acquired.

APPENDIX 1
Movement of persons (Art. 20)

I. GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1
Entry and exit

1. The Member States shall allow nationals of the other Member States and members of their family within the meaning of Article 3 of this Appendix and posted persons within the meaning of Article 16 of this Appendix to enter their territory simply upon production of a valid identity card or passport.

No entry visa or equivalent requirement may be demanded save in respect of members of the family and posted workers within the meaning of Article 16 of this Appendix who do not have the nationality of a Member State. The Member State concerned shall grant these persons every facility for obtaining any necessary visas.

2. The Member States shall grant nationals of the Member States, and members of their family within the meaning of Article 3 of this Appendix and posted workers within the meaning of Article 16 of this Appendix, the right to leave their territory simply upon production of a valid identity card or passport. The Member States may not demand any exit visa or equivalent requirement from nationals of the other Member States.

The Member States, acting in accordance with their laws, shall issue to such nationals, or renew, an identity card or passport, which shall state in particular the holder's nationality.

Vegabréfið skal gilda í það minnsta í öllum aðildarríkjunum og þeim löndum sem handhafi þess verður að fara um til að komast á milli aðildarríkjanna. Ef vegabréf er eina skjalið sem handhafinn getur lögum samkvæmt notað til að fara úr landi skal það gilda í minnst fimm ár.

2. gr.
Búseta og atvinna

1. Með fyrirvara um ákvæði um aðlögunartíma, sem mælt er fyrir um í 10. gr. viðaukans og VII. kafla þessa viðbætis, skulu ríkisborgarar aðildarríkis hafa rétt til að vera búsettir og stunda atvinnu á yfirráðasvæði hinna aðildarríkjanna samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í II. til IV. kafla. Færa skal sönnur á þennan rétt með útgáfu búsetuleyfis eða, fyrir einstaklinga frá landamærasvæðum, með útgáfu sérstaks búsetuleyfis.

Ríkisborgarar aðildarríkis skulu eiga rétt á að sækja annað aðildarríki heim eða vera áfram þar að loknu starfstímabili, sem stóð í allt að eitt ár, í því skyni að leita sér að atvinnu og búa þar í hæfilegan tíma, allt að sex mánuði, við leit að starfi sem hæfir menntun þeirra og reynslu og, ef nauðsyn krefur, til þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að hefja starf. Þeir sem eru að leita sér að atvinnu skulu eiga rétt, á yfirráðsvæði viðkomandi aðildarríkis, á sömu aðstoð og vinnumiðlanir í því ríki veita eigin ríkisborgunum. Heimilt er að halda þeim utan almannatryggingakerfa á meðan slík búseta varir.

2. Ríkisborgarar aðildarríkjanna sem stunda ekki atvinnu í gistiríkinu og hafa ekki búseturétt samkvæmt öðrum ákvæðum viðaukans skulu hafa búseturétt að því tilskildu að þeir fullnægi forsendum sem mælt er fyrir um í V. kafla.

3. Búsetuleyfi eða sérstök búsetuleyfi til handa ríkisborgurum aðildarríkjanna skulu gefin út og endurnýjuð án endurgjalds eða gegn greiðslu gjalds sem er ekki hærra en þau gjöld eða skattar sem ríkisborgurum er gert að greiða fyrir útgáfu kennivottorða. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að einfalda formsatriði og málsmeðferð við að fá þessi skjöl eftir því sem unnt er.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess af ríkisborgurum frá hinum aðildarríkjunum að þeir tilkynni komu sína á yfirráðasvæðið.

The passport must be valid at least for all the Member States and for the countries through which the holder must pass when traveling between them. Where the passport is the only document on which the holder may lawfully leave the country, its period of validity may not be less than five years.

ARTICLE 2
Residence and economic activity

1. Without prejudice to the provisions for the transitional period, which are laid down in Article 10 of the Annex and Chapter VII of this Appendix, nationals of a Member State shall have the right to reside and pursue an economic activity in the territory of the other Member State under the procedures laid down in Chapters II to IV. That right shall be substantiated through the issue of a residence permit or, for persons from frontier zones, by means of a special permit.

Nationals of a Member State shall also have the right to visit another Member State or to remain there after a period of employment of less than one year in order to seek employment and to reside there for a reasonable amount of time, which may be up to six months, to allow them to find out about the employment opportunities corresponding to their professional qualifications and, if necessary, take the appropriate steps to take up employment. Those seeking employment shall have the right, in the territory of the Member State concerned, to receive the same assistance as employment agencies in that State grant to its own nationals. They may be excluded from social security schemes for the duration of such residence.

2. Nationals of the Member States not pursuing any economic activity in the host State who do not have a right of residence pursuant to other provisions of the Annex shall, provided they fulfill the preconditions laid down in Chapter V, have a right of residence. That right shall be substantiated through the issue of a residence permit.

3. The residence or special permit granted to nationals of the Member States shall be issued and renewed free of charge or on payment of a sum not exceeding the charges or taxes which nationals are required to pay for the issue of identity cards. The Member States shall take the necessary measures to simplify the formalities and procedures for obtaining those documents as far as possible.

4. The Member States may require nationals of the other Member States to report their presence in the territory.

3. gr.
Aðstandendur

1. Einstaklingur, sem hefur búseturétt og er ríkisborgari aðildarríkis, á rétt á að fá aðstandendur sína til sín. Launþegi verður að ráða yfir húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem telst viðunandi fyrir innlenda launþega á því svæði þar sem hann er ráðinn til starfa en þetta ákvæði má ekki leiða til þess að ríkisborgunum frá hinum aðildarríkjunum sé mismunað miðað við innlenda ríkisborgara.

2. Eftirtaldir teljast vera aðstandendur óháð þjóðerni:

a) maki og afkomendur þeirra undir 21 árs aldri eða þeir afkomendur sem eru á framfæri þeirra;

b) ættingjar hans, og maka hans, í beinan legg af eldri kynslóð sem eru á framfæri hans;

c) maki námsmanns og börn á framfæri þeirra.

Aðildarríkin skulu greiða fyrir komu aðstandanda, sem fellur ekki undir ákvæði í a-, b- eða c-liðar, hafi hann verið á framfæri eða búið á heimili ríkisborgara aðildarríkis í upprunalandinu.

3. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að krefjast annarra skjala en þeirra sem eru talin upp hér á eftir vegna útgáfu búsetuleyfis fyrir aðstandendur ríkisborgara aðildarríkis:

a) skjalsins sem var grundvöllur komu þeirra á yfirráðasvæðið;

b) skjals sem lögbær yfirvöld í upprunaríkinu gefa út til að sanna tengsl þeirra;

c) skjals sem lögbær yfirvöld í upprunaríkinu gefa út til að votta að aðstandendur séu á framfæri þess sem um getur í 1. mgr. eða búi á heimili hans í því ríki.

4. Gildistími búsetuleyfis sem er gefið út til handa aðstandanda skal vera jafnlangur og gildistími leyfis til handa þeim sem hefur hann á framfæri sínu.

5. Maki og börn á framfæri eða börn einstaklings undir 21 árs aldri sem hefur búseturétt skulu eiga rétt á að stund atvinnu óháð þjóðerni.

6. Börn ríkisborgara aðildarríkis skulu, hvort sem ríkisborgarinn stundar eða hefur stundað atvinnu á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins eða ekki, fá aðgang að almennri menntun, námi á samningi og starfsmenntun á sama grundvelli og ríkisborgarar í gistiríkinu ef þau búa á yfirráðasvæði þess. Aðildarríkin skulu ýta undir framtaksverkefni er gera þess-

ARTICLE 3
Members of the family

1. A person who has the right of residence and is a national of a Member State is entitled to be joined by the members of his family. An employed person must possess housing for his family which is regarded as of normal standard for national employed persons in the region where he is employed, but this provision may not lead to discrimination between national employed persons and employed persons from the other Member State.

2. The following shall be regarded as members of the family, whatever their nationality:

(a) his spouse and their relatives in the descending line who are under the age of 21 or are dependent;

(b) his relatives in the ascending line and those of his spouse who are dependent on him;

(c) in the case of a student, his spouse and their dependent children.

The Member States shall facilitate the admission of any member of the family not covered by the provisions of this paragraph under (a), (b) and (c), if that person is a dependant or lives in the household of the national of a Member State in the country of provenance.

3. When issuing a residence permit to members of the family of a national of a Member State, the Member States may require only the documents listed below:

(a) the document by virtue of which they entered the territory;

(b) a document issued by the competent authority of the State of origin or provenance proving their relationship;

(c) for dependants, a document issued by the competent authority of the State of origin or provenance certifying that they are dependants of the person referred to in paragraph 1 or that they live in his household in that State.

4. The period of validity of a residence permit issued to a member of the family shall be the same as that of the permit issued to the person on whom he is dependent.

5. The spouse and the dependent children or children aged under 21 of a person having a right of residence shall have the right to take up an economic activity whatever their nationality.

6. The children of a national of a Member State, whether or not he is pursuing or has pursued an economic activity in the territory of the other Member State, shall be admitted to general education, apprenticeships and vocational training courses on the same basis as nationals of the host State, if those children are living in its territory. The Member States shall

um börnum kleift að stunda framangreint nám við bestu aðstæður.

4. gr.
Réttur til dvalar

1. Ríkisborgarar aðildarríkis og aðstandendur þeirra skulu eiga rétt á að dvelja á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að atvinnuþátttöku þeirra lýkur.

2. Í samræmi við 16. gr. viðaukans er vísað til reglugerðar (EBE) nr. 1251/70 (Stjtíð. EB L 142, 1970, bls. 42) og tilskipunar 75/34/EBE (Stjtíð. EB L 14, 1975, bls. 10) eins og þær eru felldar inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga eins og þær gilda 21. júní 1999.

5. gr.
Allsherjarregla

1. Einungis er heimilt að takmarka réttindin, sem eru veitt samkvæmt ákvæðum þessa viðauka, á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis.
2. Í samræmi við 16. gr. viðaukans er vísað til tilskipunar 64/221/EBE (Stjtíð. EB L 56, 1964, bls. 850), tilskipunar 72/194/EBE (Stjtíð. EB L 121, 1972, bls. 32) og tilskipunar 75/35/EBE (Stjtíð. EB L 14, 1975, bls. 10), eins og þær eru felldar inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga eins og þær gilda 21. júní 1999.

II. LAUNÞEGAR

6. gr.
Reglur um búsetu

1. Launþegi sem er ríkisborgari aðildarríkis (hér á eftir nefndur „launþegi“) og ráðinn til starfa til minnst eins árs hjá vinnuveitanda í gistiríkinu skal fá búsetuleyfi sem gildir í minnst fimm ár frá útgáfudegi. Það skal framlengt sjálfkrafa um að minnsta kosti fimm ár. Ef handhafinn er atvinnulaus gegn vilja sínum í meira en 12 mánuði samfellt má við fyrstu endurnýjun takmarka gildistímann sem skal þó ekki vera skemmri en eitt ár.

2. Launþegi sem er ráðinn til starfa lengur en í þrjá mánuði en þó skemur en í eitt ár hjá vinnuveitanda í gistiríkinu skal fá búsetuleyfi sem gildir jafnlengi og ráðningarsamningur hans. Launþegi sem er ráðinn til starfa í allt að þrjá mánuði þarf ekki búsetuleyfi.

promote initiatives to enable such children to follow the abovementioned courses under the best conditions.

ARTICLE 4
Right to stay

1. Nationals of a Member State and members of their family shall have the right to stay in the territory of another Member State after their economic activity has finished.
2. In accordance with Article 16 of the Annex, reference is made to Regulation (EEC) No 1251/70 (OJ L 142, 1970, p. 24) and Directive 75/34/EEC (OJ L 14, 1975, p. 10), as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss – EC Agreement on free movement of persons and as in force on 21 June 1999.

ARTICLE 5
Public order

1. The rights granted under the provisions of the Annex may be restricted only by means of measures which are justified on grounds of public order, public security or public health.
2. In accordance with Article 16 of the Annex, reference is made to Directives 64/221/EEC (OJ L 56, 1964, p. 850), 72/194/EEC (OJ L 121, 1972, p. 32) and 75/35/EEC (OJ L 14, 1975, p. 10), as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss – EC Agreement on free movement of persons and as in force on 21 June 1999.

II. EMPLOYED PERSONS

ARTICLE 6
Rules regarding residence

1. An employed person who is a national of a Member State (hereinafter referred to as "employed person") and is employed for a period of one year or more by an employer in the host State shall receive a residence permit which is valid for at least five years from its date of issue. It shall be extended automatically for a period of at least five years. When renewed for the first time, its period of validity may be limited, but not to less than one year, where its holder has been involuntarily unemployed for more than 12 consecutive months.
2. An employed person who is employed for a period of more than three months but less than one year by an employer in the host State shall receive a residence permit for the same duration as his contract. An employed person who is employed for a period of up to three months does not require a residence permit.

3. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að krefja einstakling um önnur skjöl en þau sem talin eru upp hér á eftir vegna útgáfu búsetuleyfis:
a) skjalið sem var grundvöllur komu þeirra á yfirráðasvæðið;
b) yfirlýsingu frá vinnuveitanda um ráðningarsamning eða skriflega staðfestingu á ráðningu.
4. Búsetuleyfi skal gilda alls staðar á yfirráðasvæði útgáfuríkisins.
5. Búsetuhlé sem varir skemur en í sex mánuði samfellt og fjarvera vegna uppfyllingar herskyldu skulu ekki hafa áhrif á gildistíma búsetuleyfisins.

6. Óheimilt er að afturkalla gilt búsetuleyfi launþega af þeirri ástæðu einni að hann starfi ekki lengur, annaðhvort vegna tímabundinnar óvinnufærni af völdum slyss eða veikinda eða vegna atvinnuleysis gegn vilja sínum eins og þar til bær vinnumiðlun getur vottað.

7. Umsækjanda er heimilt að hefja störf samkvæmt samningi sem hann hefur gert þótt formsatriðum vegna öflunar búsetuleyfis sé ekki lokið.

3. When issuing residence permits, the Member States may not require an employed person to produce more than the following documents:
(a) the document by virtue of which he entered their territory;
(b) a contractual statement from the employer or a written confirmation of engagement.
4. A residence permit shall be valid throughout the territory of the issuing State.
5. Breaks in residence of less than six consecutive months and absences for the purposes of fulfilling military service obligations shall not affect the validity of the residence permit.
6. A valid residence permit may not be withdrawn from an employed person merely on the grounds that he is no longer working, either because he has become temporarily unable to work owing to an accident or illness, or because he is involuntarily unemployed as certified by the competent employment office.
7. Completion of the formalities for obtaining a residence permit shall not prevent an applicant immediately taking up employment under the contract he has concluded.

7. gr.

Launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri

1. Launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri telst vera ríkisborgari í aðildarríki ef hann er búsettur á yfirráðasvæði aðildarríkis og stundar atvinnu sem launþegi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en snýr allajafna aftur á búsetustað sinn daglega eða í það minnsta vikulega.
2. Ekki er krafist búsetuleyfis fyrir þá sem sækja vinnu yfir landamæri.

Lögbærum yfirvöldum í ríkinu þar sem atvinnan er stunduð er engu að síður heimilt að gefa út sérstakt búsetuleyfi til handa launþega sem sækir vinnu yfir landamæri er gildi í minnst fimm ár eða svo lengi sem hann stundar atvinnu vari hún ekki lengur en í þrjá mánuði og skemur en í eitt ár. Leyfið skal framlengt um minnst fimm ár að því tilskildu að launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri leggi fram sönnun um að hann stundi í raun atvinnu.
3. Sérstök búsetuleyfi skulu gilda alls staðar á yfirráðasvæði útgáfuríkisins.

ARTICLE 7

Employed frontier workers

1. An employed frontier worker is a national of a Member State who has his residence in the territory of a Member State and who pursues an activity as an employed person in the territory of the other Member State, returning to his place of residence as a rule every day, or at least once a week.
2. Frontier workers shall not require a residence permit.

The competent authorities of the State of employment may nevertheless issue the frontier worker with a special permit for a period of at least five years or for the duration of his employment where this is longer than three months and less than one year. It shall be extended for at least five years provided that the frontier worker furnishes proof that he is actually pursuing an economic activity.

3. Special permits shall be valid throughout the territory of the issuing State.

8. gr.

Að færa sig til í starfi og á milli landsvæða

1. Launþegar eiga rétt á að færa sig til í starfi og á milli landsvæða alls staðar á yfirráðasvæði gistiríkisins.
2. Að færa sig til í starfi merkir að skipta um vinnuveitanda, starf eða starfsgrein svo og að taka upp starf sem sjálfstætt starfandi einstaklingur. Að færa

ARTICLE 8

Occupational and geographical mobility

1. Employed persons shall have the right to occupational and geographical mobility throughout the territory of the host State.
2. Occupational mobility shall include changes of employer, employment or occupation and changing from employed to self-employed status. Geographic-

sig á milli landsvæða merkir að skipta um vinnustað og búsetustað.

9. gr.

Sams konar meðferð

1. Óheimilt er að fara með launþega, sem er ríkisborgari aðildarríkis, á annan hátt en innlenda launþega á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins einungis á grundvelli þjóðernis að því er varðar starfs- og atvinnuskilyrði, einkum að því er varðar laun, brottvikningu, endurskipun eða endurráðningu hafi hann misst vinnuna.

2. Launþegi og aðstandendur hans, sem um getur í 3. mgr. þessa viðbætis, skulu njóta sömu skattaívilnana og fríðinda velferðarkerfisins og innlendir launþegar og aðstandendur þeirra.

3. Hann skal eiga rétt á menntun á starfsmenntastofnunum og á miðstöðvum fyrir faglega endurmenntun og starfsendurhæfingu á sama grundvelli og með sömu skilyrðum og innlendir launþegar.

4. Hvert það ákvæði í kjara- eða einstaklingssamningum eða öðru kjarafyrirkomulagi varðandi aðgang að störfum, störf, laun og önnur starfsskilyrði og brottvikningu verða sjálfkrafa ógild ef í þeim felst að erlendum launþegum, sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna, er mismunað.

5. Launþegi, sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal njóta sams konar meðferðar og innlendir ríkisborgarar að því er varðar aðild að stéttarfélögum og réttindi tengd því, þar með talinn atkvæðisréttur og rétturinn til að gegna framkvæmdastjóra- og stjórnunarstöðum fyrir stéttarfélagið; heimilt er að útiloka hann frá því að taka þátt í stjórnun opinberra fyrirtækja og gegna opinberu embætti. Hann hefur enn fremur rétt til að bjóða sig fram til nefnda þar sem sæti eiga fulltrúar starfsmanna í fyrirtæki.

Þessi ákvæði eru með fyrirvara um lög og reglur í gistiríkinu sem veita launþegum frá öðru aðildarríki frekari réttindi.

6. Með fyrirvara um ákvæði 25. gr. þessa viðbætis skal launþegi, sem er ríkisborgari aðildarríkis og starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, njóta allra réttinda og hlunninda sem innlendir launþegar njóta að því er varðar húsnæði, þar með talið eignarhald á því húsnæði sem hann þarfnast.

al mobility shall include changes in the place of work and residence.

ARTICLE 9

Equal treatment

1. An employed person who is a national of a Member State may not, by reason of his nationality, be treated differently in the territory of the other Member State from national employed persons as regards conditions of employment and working conditions, especially as regards pay, dismissal, or reinstatement or re-employment if he becomes unemployed.

2. An employed person and the members of his family referred to in Article 3 of this Appendix shall enjoy the same tax concessions and welfare benefits as national employed persons and members of their family.

3. He shall also be entitled on the same basis and on the same terms as national employed persons to education in vocational training establishments and in vocational retraining and occupational rehabilitation centres.

4. Any clause in a collective or individual agreement or in any other collective arrangements concerning access to employment, employment, pay and other terms of employment and dismissal, shall be automatically void insofar as it provides for or authorizes discriminatory conditions with respect to foreign employed persons who are nationals of the Member States.

5. An employed person who is a national of a Member State and is employed in the territory of the another Member State shall enjoy equal treatment in terms of membership of trade union organisations and exercise of union rights, including the right to vote and right of access to executive or managerial positions within a trade union organisation; he may be precluded from involvement in the management of public law bodies and from holding an office governed by public law. He shall, moreover, have the right to be eligible for election to bodies representing employees in an undertaking.

These provisions shall be without prejudice to laws or regulations in the host State which confer more extensive rights on employed persons from another Member State.

6. Without prejudice to the provisions of Article 25 of this Appendix, an employed person who is a national of a Member State and employed in the territory of another Member State shall enjoy all the rights and all the advantages accorded to national employed persons in terms of housing, including ownership of the housing he needs.

Slíkur launþegi skal njóta sama réttar og innlendir menn til að skrá sig á húsnæðislista á því svæði þar sem hann starfar, sé slíkur listi fyrir hendi; hann skal njóta alls ávinnings og forgangsréttar sem þessu fylgir. Ef fjölskylda hans hefur orðið eftir í upprunaríkinu skal hún teljast í þessu skyni búsett á þessu svæði ef slíkt hið sama á við um innlenda launþega.

10. gr.
Starf í opinberri þjónustu

Heimilt er að neita ríkisborgara aðildarríkis, sem stundar atvinnu sem launþegi, um rétt til að starfa í opinberri þjónustu sem felur í sér meðferð opinbers valds og gæslu almennra hagsmuna ríkisins eða annarra opinberra stofnana.

III. SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGAR

11. gr.
Reglur um búsetu

1. Ríkisborgari aðildarríkis, sem vill öðlast staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að stunda þar sjálfstæða atvinnustarfsemi (hér á eftir nefndur „sjálfstætt starfandi einstaklingur“) skal fá búsetuleyfi til að minnsta kosti fimm ára frá útgáfudegi, að því tilskildu að hann leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann hafi öðlast staðfestu eða óski eftir því.
2. Búsetuleyfið skal framlengt sjálfkrafa um að minnsta kosti fimm ár að því tilskildu að sjálfstætt starfandi einstaklingurinn leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann stundi sjálfstæða atvinnustarfsemi.
3. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að krefja sjálfstætt starfandi einstakling um annað en eftirtalið vegna útgáfu búsetuleyfis:
a) skjalið sem var grundvöllur komu hans á yfirráðasvæðið;
b) þá sönnun sem um getur í 1. og 2. mgr.
4. Búsetuleyfi skal gilda alls staðar á yfirráðasvæði útgáfuríkisins.
5. Búsetuhlé sem varir skemur en í sex mánuði samfellt og fjarvera vegna uppfyllingar herskyldu skulu ekki hafa áhrif á gildistíma búsetuleyfisins.

6. Óheimilt er að afturkalla gilt búsetuleyfi einstaklings sem um getur í 1. mgr. af þeirri ástæðu einni að hann starfi ekki lengur vegna tímabundinnar óvinnufærni af völdum veikinda eða slyss.

Such a worker shall have the same right as nationals to register on the housing lists in the region in which he is employed, where such lists exist; he shall enjoy the resultant benefits and priorities. If his family has remained in his State of provenance, it shall be considered for this purpose as residing in the said region, where national workers benefit from a similar presumption.

ARTICLE 10
Public service employment

A national of a Member State pursuing an activity as an employed person may be refused the right to take up employment in the public service which involves the exercise of public power and is intended to protect the general interests of the State or other public bodies.

III. SELF-EMPLOYED PERSONS

ARTICLE 11
Rules regarding residence

1. A national of a Member State wishing to become established in the territory of another Member State in order to pursue a self-employed activity (hereinafter referred to as a self-employed person) shall receive a residence permit valid for a period of at least five years from its date of issue, provided that he produces evidence to the competent national authorities that he is established or wishes to become so.
2. The residence permit shall be extended automatically for a period of at least five years, provided that the self-employed person produces evidence to the competent national authorities that he is pursuing a self-employed economic activity.
3. When issuing residence permits, the Member States may not require self-employed persons to produce more than the following:
(a) the document by virtue of which he entered their territory;
(b) the evidence referred to in paragraphs 1 and 2.
4. A residence permit shall be valid throughout the territory of the issuing State.
5. Breaks in residence of less than six consecutive months and absences for the purposes of fulfilling military service obligations shall not affect the validity of the residence permit.
6. Valid residence permits may not be withdrawn from persons referred to in paragraph 1 merely because they are no longer working owing to temporary incapacity as a result of illness or accident.

12. gr.
Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem sækja vinnu yfir landamæri

1. Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem sækir vinnu yfir landamæri telst vera ríkisborgari í aðildarríki ef hann er búsettur á yfirráðasvæði aðildarríkis og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en snýr allajafna aftur á búsetustað sinn daglega eða í það minnsta vikulega.
2. Ekki er krafist búsetuleyfis fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga sem sækja vinnu yfir landamæri.

Viðeigandi yfirvöldum í viðkomandi ríki er engu að síður heimilt að gefa út sérstakt búsetuleyfi til handa sjálfstætt starfandi einstaklingi sem sækir vinnu yfir landamæri er gildi í minnst fimm ár að því tilskildu að hann leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann stundi eða óski eftir að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi. Leyfið skal framlengt um minnst fimm ár að því tilskildu að sá sem sækir vinnu yfir landamæri leggi fram sönnun um að hann stundi sjálfstæða atvinnustarfsemi.
3. Sérstök búsetuleyfi skulu gilda alls staðar á yfirráðasvæði útgáfuríkisins.

13. gr.
Að færa sig til í starfi og á milli landsvæða

1. Sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga rétt á að færa sig til í starfi og á milli landsvæða alls staðar á yfirráðasvæði gistiríkisins.
2. Að færa sig til í starfi merkir að skipta um starfsgrein svo og að ráða sig í starf sem launþegi. Að færa sig á milli landsvæða merkir að skipta um vinnustað og búsetustað.

14. gr.
Sams konar meðferð

1. Veita skal sjálfstætt starfandi einstaklingi eigi lakari meðferð í gistiríkinu en ríkisborgarar þess njóta að því er varðar aðgang og ástundun sjálfstæðrar atvinnustarfsemi.
2. Ákvæði 9. gr. þessa viðbætis gilda að breyttu breytanda um sjálfstætt starfandi einstaklinga sem um getur í þessum kafla.

15. gr.
Meðferð opinbers valds

Heimilt er að neita sjálfstætt starfandi einstaklingi um rétt til að stunda starfsemi sem felur í sér meðferð opinbers valds, jafnvel þótt það sé óreglubundið.

ARTICLE 12
Self-employed frontier workers

1. A self-employed frontier worker is a national of a Member State who is resident in the territory of a Member State and who pursues a self-employed activity in the territory of another Member State, returning to his place of residence as a rule every day or at least once a week.
2. Self-employed frontier workers shall not require a residence permit.

The relevant authorities of the State concerned may nevertheless issue a self-employed frontier worker with a special permit valid for at least five years provided that he produces evidence to the competent national authorities that he is pursuing or wishes to pursue a self-employed activity. The permit shall be extended for at least five years, provided that the frontier worker produces evidence that he is pursuing a self-employed activity.

3. Special permits shall be valid throughout the territory of the issuing State.

ARTICLE 13
Occupational and geographical mobility

1. Self-employed persons shall have the right to occupational and geographical mobility throughout the territory of the host State.
2. Occupational mobility shall include change of occupation and changing from self-employed to employed status. Geographical mobility shall include changes in the place of work and residence.

ARTICLE 14
Equal treatment

1. As regards access to a self-employed activity and the pursuit thereof, a self-employed worker shall be afforded no less favourable treatment in the host State than that accorded to its own nationals.
2. The provisions of Article 9 of this Appendix shall apply mutatis mutandis to the self-employed persons referred to in this Chapter.

ARTICLE 15
Exercise of public authority

A self-employed person may be denied the right to pursue an activity involving, even on an occasional basis, the exercise of public authority.

IV. VEITING ÞJÓNUSTU

Einstaklingar sem veita þjónustu

16. gr.

Samkvæmt 5. gr. viðaukans er eftirtalið bannað með hliðsjón af veitingu þjónustu:

a) að takmarka alla veitingu þjónustu yfir landamæri á yfirráðasvæði aðildarríkis sem er umfram 90 raunverulega starfsdaga á almanaksárinu;

b) að takmarka réttinn til komu og búsetu í þeim tilvikum sem falla undir 2. mgr. 5. gr. viðaukans að því er varðar:
   i) einstaklinga sem veita þjónustu og eru ríkisborgarar aðildarríkis með staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem einstaklingur, sem fær þjónustuna, hefur ríkisfang;
   ii) launþega, óháð þjóðerni, hjá einstaklingum sem veita þjónustu og eru hluti af almennum atvinnumarkaði eins aðildarríkis og sendir til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis með fyrirvara um 1. gr.

17. gr.

Ákvæði 16. gr. þessa viðbætis skulu gilda um félög sem eru sett á stofn í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði aðildarríkis.

18. gr.

Einstaklingi, sem veitir þjónustu og hefur rétt á að veita þjónustu eða hefur fengið leyfi til þess, er heimilt að stunda starfsemi sína í skamman tíma í ríkinu þar sem þjónustan er veitt með sömu skilmálum og gilda um ríkisborgara þess ríkis, í samræmi við ákvæði þessa viðbætis og 2. og 3. viðbætis viðaukans.

19. gr.

1. Einstaklingar, sem um getur í b-lið 16. gr. þessa viðbætis og hafa rétt til að veita þjónustu, þurfa ekki búsetuleyfi vegna skemmri búsetutímabila en 90 daga. Skjölin, sem um getur í 1. gr. og voru grundvöllur komu á yfirráðasvæðið, taka til slíkrar búsetu.

2. Einstaklingar, sem um getur í b-lið 16. gr. þessa viðbætis og hafa rétt til að veita þjónustu, eða hafa fengið leyfi til þess til lengri tíma en 90 daga skulu

IV. PROVISION OF SERVICES

Persons providing services

ARTICLE 16

With regard to the provision of services, the following shall be prohibited under Article 5 of the Annex:

(a) any restriction on the cross-frontier provision of services in the territory of a Member State not exceeding 90 days of actual work per calendar year;

(b) any restriction on the right of entry and residence in the cases covered by paragraph 2 of Article 5 of the Annex concerning:
   (i) persons providing services who are nationals of a Member State and are established in the territory of a Member State other than that of the person receiving services;

   (ii) employees, irrespective of their nationality, of persons providing services, who are integrated into one Member State's regular labour market and posted for the provision of a service in the territory of another Member State without prejudice to Article 1.

ARTICLE 17

The provisions of Article 16 of this Appendix shall apply to companies formed in accordance with the law of a Member State and having their registered office, central administration or principal place of business in the territory of a Member State.

ARTICLE 18

A person providing services who has the right or has been authorised to provide a service may, for the purposes of its provision, temporarily pursue his activity in the State in which the service is provided on the same terms as those imposed by that State on its own nationals, in accordance with the provisions of this Appendix and Appendices 2 and 3 to the Annex.

ARTICLE 19

1. Persons referred to in Article 16(b) of this Appendix who have the right to provide a service shall not require a residence permit for periods of residence of 90 days or less. Such residence shall be covered by the documents referred to in Article 1, by virtue of which they entered the territory.

2. Persons referred to in Article 16(b) of this Appendix who have the right or have been authorised to provide a service for a period exceeding 90 days

fá búsetuleyfi, til að renna stoðum undir þann rétt, til jafnlangs tíma og til stendur að veita þjónustuna.

3. Búseturéttur skal gilda alls staðar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.
4. Aðildarríkjunum er ekki heimilt að krefja einstaklinga, sem um getur í b-lið 16. gr. þessa viðbætis, um annað en eftirtalið vegna útgáfu búsetuleyfis:
a) skjalið sem var grundvöllur komu þeirra á yfirráðasvæðið;
b) sönnun þess efnis að þeir veiti eða hafi óskað eftir því að veita þjónustu.

20. gr.

1. Óheimilt er að veita þjónustu samkvæmt a-lið 16. gr. þessa viðbætis lengur en í 90 raunverulega starfsdaga alls á almanaksárinu, hvort sem þjónustan er veitt óslitið eða á samfelldum tímabilum.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu vera með fyrirvara um lagalegar skyldur sem þjónustuveitanda ber að inna af hendi samkvæmt þeirri ábyrgð sem einstaklingur sem fær þjónustuna er látin í té eða vegna óviðráðanlegra tilvika.

21. gr.

1. Ákvæði 16. og 18. gr. þessa viðbætis skulu ekki gilda um starfsemi sem felur í sér meðferð opinbers valds í viðkomandi aðildarríki, jafnvel þótt það sé óreglubundið.
2. Ákvæði 16. og 18. gr. þessa viðbætis og ráðstafanir sem eru samþykktar í krafti þeirra skulu gilda með fyrirvara um lög og stjórnsýslufyrirmæli varðandi vinnu- og starfsskilyrði launþega sem eru sendir til starfa utan aðalstöðva til að veita þjónustu. Í samræmi við 16. gr. viðaukans er vísað til tilskipunar 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtíð. EB L 18, 1997, bls. 1), eins og hún er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga eins og hún gildir 21. júní 1999.

3. Ákvæði a-liðar 16. gr. og 18. gr. þessa viðbætis skulu gilda með fyrirvara um lög og stjórnsýslufyrirmæli er skulu ríkja í öllum aðildarríkjum við gildistöku viðaukans að því er varðar:

a) starfsemi vinnumiðlana fyrir tímabundin störf og störf til bráðabirgða;
b) fjármálaþjónustu ef veiting hennar er háð leyfi á yfirráðasvæði aðildarríkisins og þjónustuveitandinn lýtur varfærniseftirliti yfirvalda þess aðildarríkis.

shall receive, to substantiate that right, a residence permit for a period equal to that of the provision of services.
3. The right of residence shall apply throughout the territory of the Member States.
4. For the purposes of issuing residence permits, the Member States may not require of the persons referred to in Article 16(b) of this Appendix more than:
(a) the document by virtue of which they entered the territory;
(b) evidence that they are providing or wish to provide a service.

ARTICLE 20

1. The total duration of provision of services under Article 16(a) of this Appendix, whether continuous or consisting of successive periods of provision, may not exceed 90 days of actual work per calendar year.
2. The provisions of paragraph 1 shall be without prejudice to the discharge by the person providing a service of his legal obligations under the guarantee given to the person receiving the service or to cases of force majeure.

ARTICLE 21

1. The provisions of Articles 16 and 18 of this Appendix shall not apply to activities involving, even on an occasional basis, the exercise of public authority in the Member State concerned.
2. The provisions of Articles 16 and 18 of this Appendix and measures adopted by virtue thereof shall not preclude the applicability of laws, regulations and administrative provisions providing for the application of working and employment conditions to employed persons posted for the purposes of providing a service. In accordance with Article 16 of the Annex reference is made to Directive 96/71/EC of 16 December 1996 concerning the posting of workers in the framework of the provision of services (OJ L 18, 1997, p.1), as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss – EC Agreement on free movement of persons and as in force on 21 June 1999.
3. The provisions of Articles 16(a) and 18 of this Appendix shall be without prejudice to the applicability of the laws, regulations and administrative provisions prevailing in all Member States at the time of the entry into force of the Annex in respect of:
(a) the activities of temporary and interim employment agencies;
(b) financial services where provision is subject to prior authorisation in the territory of a Member State and the provider is subject to prudential supervision by that Member State's authorities.

4. Ákvæði a-liðar 16. gr. og 18. gr. þessa viðbætis skulu gilda með fyrirvara um viðeigandi lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna varðandi veitingu þjónustu í mest 90 raunverulega starfsdaga sem ófrávíkjanlegar kröfur eru gerðar um í þágu almannahagsmuna.

Einstaklingar sem fá þjónustu

22. gr.

1. Einstaklingur sem fær þjónustu í skilningi 3. mgr. 5. gr. viðaukans þarfnast ekki leyfis vegna búsetu sem varir í þrjá mánuði eða skemur. Ef búsetutímabilið er lengra en þrír mánuðir skal sá sem þjónustuna fær fá útgefið búsetuleyfi sem gildir jafnlengi og þjónustan er veitt. Heimilt er að halda honum utan almannatryggingakerfa á meðan slík búseta hans varir.
2. Búsetuleyfi skulu gilda alls staðar í útgáfuríkinu.

V. EINSTAKLINGAR SEM STUNDA EKKI ATVINNU

23. gr.

Reglur um búsetu

1. Einstaklingur, sem er ríkisborgar aðildarríkis og stunda ekki atvinnu í búseturíkinu og er án búseturéttar samkvæmt öðrum ákvæðum viðaukans, skal fá búsetuleyfi í minnst fimm ár að því tilskildu að hann sanni fyrir lögbærum innlendum yfirvöldum að hann og aðstandendur hans:

a) hafi næg fjárráð og þurfi ekki að sækja um bætur frá félagslega kerfinu á meðan á dvöl þeirra stendur;
b) hafi tryggingu gegn hvers konar sjúkdómum.[1]

Aðildarríkin mega krefjast þess, ef þau telja það nauðsynlegt, að búsetuleyfi séu endurnýjuð eftir fyrstu tvö búsetuárin.

2. Fjárráð teljast vera næg ef þau eru umfram þá fjárhæð sem getið er hér á eftir sem ríkisborgarar geta sótt um félagslegar bætur með hliðsjón af persónulegum aðstæðum og, ef við á, aðstæðum fjölskyldu sinnar. Ef ekki er unnt að beita þessu skilyrði skulu fjárráð umsækjanda teljast næg ef þau eru yfir mörkum lágmarkslífeyris almannatrygginga í gistiríkinu.

[1] Þess er krafist í Sviss að einstaklingar sem hyggjast ekki setjast þar að tryggi sig einnig vegna slysa og meðgöngu og fæðingar.

4. The provisions of Articles 16(a) and 18 of this Appendix shall be without prejudice to the applicability of the Member States' respective laws, regulations and administrative provisions concerning the provision of services of 90 days of actual work or less required by imperative requirements in the public interest.

Persons receiving services

ARTICLE 22

1. A person receiving services within the meaning of paragraph 3 of Article 5 of the Annex shall not require a residence permit for a period of residence of three months or less. For a period exceeding three months, a person receiving services shall be issued with a residence permit equal in duration to the service. He may be excluded from social security schemes during his period of residence.
2. A residence permit shall be valid throughout the territory of the issuing State.

V. PERSONS NOT PURSUING AN ECONOMIC ACTIVITY

ARTICLE 23

Rules regarding residence

1. A person who is a national of a Member State not pursuing an economic activity in the State of residence and having no right of residence pursuant to other provisions of the Annex shall receive a residence permit valid for at least five years provided he proves to the competent national authorities that he possesses for himself and the members of his family:
(a) sufficient financial means not to have to apply for social assistance benefits during their stay;

(b) all-risks sickness insurance cover.[1]

The Member States may, if they consider it necessary, require the residence permit to be revalidated at the end of the first two years of residence.

2. Financial means shall be considered sufficient if they exceed the amount below which nationals, having regard to their personal situation and, where appropriate, that of their family, can claim social security benefits. Where that condition cannot be applied, the applicant's financial means shall be regarded as sufficient if they are greater than the level of the minimum social security pension paid by the host State.

[1] In Switzerland, sickness insurance for persons who do not elect to make it their domicile must include accident and maternity cover.

3. Einstaklingum, sem hafa verið í starfi skemur en eitt ár á yfirráðasvæði aðildarríkis, er heimilt að búa þar að því tilskildu að þeir fullnægi skilyrðunum í 1. mgr. þessarar greinar. Atvinnuleysisbætur, sem þeir eiga rétt á samkvæmt innlendum lögum auk ákvæða 2. viðbætis viðaukans, eftir því sem við á, skulu teljast næg fjárráð í skilningi a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. Gefa skal út búsetuleyfi til handa námsmanni, sem hefur ekki búseturétt á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á grundvelli annarra ákvæða viðaukans, er gildir að minnsta kosti jafnlengi og nám hans stendur eða til eins árs ef nám hans stendur lengur en í eitt ár, að því tilskildu að hann sannfæri hlutaðeigandi innlend yfirvöld með yfirlýsingu, eða jafngildri aðferð kjósi hann það fremur, að hann hafi næg fjárráð til að tryggt sé að hvorki hann, maki hans né börn á framfæri hans muni ekki sækja um til almannatryggginga í gistiríkinu á meðan á dvöl þeirra stendur og að því tilskildu að hann sé skráður hjá viðurkenndri stofnun í því skyni að stunda þar, sem aðalstarf, starfsnám og hafi tryggingu er taki til hvers konar sjúkdóma. Í viðaukanum eru ekki settar reglur um aðgang að starfsnámi eða framfærsluaðstoð til handa námsmönnum sem falla undir þessa grein.

5. Búsetuleyfi skal framlengt um minnst fimm ár að því tilskildu að skilyrðum fyrir því sé fullnægt. Framlengja skal búsetuleyfi námsmanna á hverju ári og skal það gilda í jafnlangan tíma og sá hluti námsins, sem ólokið er, stendur yfir.
6. Búsetuhlé sem varir skemur en í sex mánuði samfellt og fjarvera vegna uppfyllingar herskyldu skulu ekki hafa áhrif á gildistíma búsetuleyfisins.

7. Búsetuleyfi skal gilda alls staðar á yfirráðasvæði útgáfuríkisins.
8. Réttur til búsetu skal haldast á meðan þeir sem njóta þess réttar fullnægja skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

VI. KAUP Á FASTEIGNUM

24. gr.

1. Ríkisborgari aðildarríkis, sem hefur rétt til búsetu og hefur fastan búsetustað sinn í gistiríkinu, skal njóta sömu réttinda og innlendir ríkisborgarar til að kaupa fasteignir. Honum er heimilt að koma sé upp föstum bústað í gistiríkinu hvenær sem er í samræmi við viðeigandi innlendar reglur óháð því hversu lengi hann starfar þar. Honum ber engin skylda til að losa sig við fasteignina þótt hann fari á brott úr gistiríkinu.

3. Persons who have been employed for less than one year in the territory of a Member State may reside there provided they comply with the conditions set out in paragraph 1 of this Article. The unemployment benefits to which they are entitled under national law which is, where appropriate, complemented by the provisions of Appendix 2 to the Annex, shall be considered to be financial means within the meaning of paragraphs 1(a) and 2 of this Article.
4. A student who does not have a right of residence in the territory of another Member State on the basis of any other provision of the Annex shall be issued with a residence permit for a period limited to that of the training or to one year, if the training lasts for more than one year, provided he satisfies the national authority concerned, by means of a statement or, if he chooses, by any other at least equivalent means, that he has sufficient financial means to ensure that neither he, his spouse nor his dependent children will make any claim for social security of the host State during their stay, and provided he is registered in an approved establishment for the purpose of following, as his principal activity, a vocational training course and has all-risks sickness insurance cover. The Annex does not regulate access to vocational training or maintenance assistance given to the students covered by this Article.
5. A residence permit shall automatically be extended for at least five years provided that the eligibility conditions are still met. Residence permits for students shall be extended annually for a duration equal to the remaining training period.
6. Breaks in residence of less than six consecutive months and absences for the purposes of fulfilling military service obligations shall not affect the validity of the residence permit.
7. A residence permit shall be valid throughout the territory of the issuing State.
8. The right of residence shall remain for as long as beneficiaries of that right fulfill the conditions laid down in paragraph 1.

VI. PURCHASE OF IMMOVABLE PROPERTY

ARTICLE 24

1. A national of a Member State who has a right of residence and his principal residence in the host State shall enjoy the same rights as a national as regards the purchase of immovable property. He may set up his principal residence in the host State at any time in accordance with the relevant national rules irrespective of the duration of his employment. Leaving the host State shall not entail any obligation to dispose of such property.

2. Ríkisborgari aðildarríkis, sem hefur búseturétt en hefur ekki fastan bústað í gistiríkinu, skal njóta sömu réttinda og innlendir ríkisborgarar að því er varðar kaup á fasteignum sem hann þarfnast vegna starfsemi sinnar. Honum ber engin skylda til að losa sig við fasteignina þótt hann fari á brott úr gistiríkinu. Honum er einnig heimilt að festa kaup á aukabústað eða -orlofsbústað. Viðaukinn hefur engin áhrif á reglur um hreina fjárfestingu eða viðskipti með óbyggt land og íbúðir.

3. Maður sem sækir vinnu yfir landamæri skal njóta sömu réttinda og innlendur ríkisborgari að því er varðar kaup á fasteignum vegna starfa hans og kaupa á aukabústað. Honum ber engin skylda til að losa sig við fasteignina þótt hann fari á brott úr gistiríkinu. Honum er einnig heimilt að festa kaup á orlofsbústað. Viðaukinn hefur engin áhrif á reglur um hreina fjárfestingu eða viðskipti með óbyggt land og íbúðir.

VII. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG ÞRÓUN VIÐAUKANS

25. gr.
Almenn ákvæði

1. Þegar magntakmörkunum, sem mælt er fyrir um í 10. gr. þessa viðbætis, er beitt skulu ákvæði í þessum kafla koma til viðbótar ákvæðum þessa viðbætis eða í stað þeirra, eftir því sem við á.

2. Þegar magntakmörkunum, sem mælt er fyrir um í 10. gr. þessa viðauka, er beitt skal atvinna stunduð með fyrirvara um útgáfu búsetuleyfis og/eða atvinnuleyfis.

26. gr.
Reglur um búsetu launþega

1. Búsetuleyfi launþega, sem hefur ráðningasamning til skemmri tíma en eins árs, skal framlengt um allt að 12 mánuði að því tilskildu að hann leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann sé fær um að stunda atvinnu. Gefa skal út nýtt búsetuleyfi að því tilskildu að launþeginn leggi fram sönnun um að hann sé fær um að stunda atvinnu og að magntakmörkunum, sem mælt er fyrir um í 10. gr. viðaukans, hafi ekki verið náð. Honum ber engin skylda til að yfirgefa landið á milli þess sem ráðningarsamningar eru gerðir við hann í samræmi við 23. gr. þessa viðbætis.

2. Aðildarríki getur krafist þess, á því tímabili sem um getur í 2. mgr. 10. gr. viðaukans, að lagður sé

2. The national of a Member State who has a right of residence but does not have his principal residence in the host State shall enjoy the same rights as a national as regards the purchase of immovable property needed for his economic activity. Leaving the host State shall not entail any obligation to dispose of such property. He may also be authorised to purchase a second residence or holiday accommodation. The Annex shall not affect the rules applying to pure capital investment or business of unbuilt land and apartments.

3. A frontier worker shall enjoy the same rights as a national as regards the purchase of immovable property for his economic activity and as a secondary residence. Leaving the host State shall not entail any obligation to dispose of such property. He may also be authorised to purchase holiday accommodation. The Annex shall not affect the rules applying in the host State to pure capital investment or business of unbuilt land and apartments.

VII. TRANSITIONAL PROVISIONS AND DEVELOPMENT OF THE ANNEX

ARTICLE 25
General provisions

1. When the quantitative restrictions laid down in Article 10 of the Annex are applied, the provisions contained in this Chapter shall supplement or replace the other provisions of this Appendix, as the case may be.

2. When the quantitative restrictions laid down in Article 10 of the Annex are applied, the pursuit of an economic activity shall be subject to the issue of a residence and/or a work permit.

ARTICLE 26
Rules relating to the residence of employed persons

1. The residence permit of an employed person who has an employment contract for a period of less than one year shall be extended for up to a total of 12 months provided that the employed person furnishes proof to the competent national authorities that he is able to pursue an economic activity. A new residence permit shall be issued provided that the employed person furnishes proof that he is able to pursue an economic activity and that the quantitative limits laid down in Article 10 of the Annex have not been reached. There shall be no obligation to leave the country between two employment contracts in accordance with Article 23 of this Appendix.

2. During the period referred to in paragraph 2 of Article 10 of the Annex, a Member State may re-

fram skriflegur samningur eða drög að samningi áður en fyrsta búsetuleyfi er gefið út.

3. a) Einstaklingar, sem hafa áður gegnt tímabundnum störfum á yfirráðasvæði gistiríkisins í 30 mánuði hið minnsta, skulu sjálfkrafa öðlast rétt til að gegna starfi til ótakmarkaðs tíma.[2] Óheimilt er að synja þeim um þennan rétt með þeim rökum að magntakmörkunum hafi verið náð.

b) Einstaklingar, sem gegndu áður árstíðabundnum störfum á yfirráðasvæði gistiríkisins í 50 mánuði hið minnsta á 15 ára tímabili og fullnægja ekki skilyrðum fyrir rétti til búsetuleyfis í samræmi við ákvæði a-liðar hér að framan, skulu öðlast sjálfkrafa rétt til að gegna starfi til ótakmarkaðs tíma.

27. gr.

Launþegar sem sækja vinnu yfir landamæri

1. Launþegi, sem sækir vinnu yfir landamæri, telst vera ríkisborgari í aðildarríki ef hann er allajafna búsettur á landamærasvæðunum milli Sviss og grannríkja þess og stundar atvinnu sem launþegi á landmærasvæðum Sviss og grannríkja þess og kemur allajafna á búsetustað sinn daglega eða í það minnsta vikulega. Í þessum viðauka merkir landamærisvæði þau svæði sem eru skilgreind í samningum milli Sviss og grannríkja þess varðandi flutninga á landamærasvæðum.

2. Sérstakt búsetuleyfi skal gilda alls staðar á landamærasvæði útgáfuríkisins.

28. gr.

Réttur launþega til endurkomu

1. Launþegi, sem hafði búsetuleyfi til í það minnsta eins árs við gildistöku þessa viðauka og yfirgaf síðan gistiríkið, skal, innan sex ára frá brottför sinni, hafa forgangsrétt að kvóta fyrir ný búsetuleyfi að því tilskildu að hann geti sannað að hann sé fær um að stunda atvinnu.

2. Launþegi, sem sækir vinnu yfir landamæri, skal eiga rétt á nýju sérstöku búsetuleyfi innan sex ára frá lokum síðasta starfs hans er stóð óslitið í þrjú ár, með fyrirvara um að hægt sé að færa sönnur á laun hans og atvinnuskilyrði ef hann er ráðinn til starfa í tvö ár eftir gildistöku þessa viðauka, að því tilskildu að hann leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann sé fær um að stunda atvinnu.

[2] Þeir skulu ekki vera í hópi starfandi manna sem hafa forgang inn á almennan atvinnumarkað eða falla undir eftirlit með launakjörum og starfsskilyrðum í tiltekinni atvinnugrein eða á tilteknum vinnustað.

quire that a written contract or draft contract be produced before issuing a first residence permit.

3. (a) Persons who have previously held temporary jobs in the territory of the host State for at least 30 months shall automatically have the right to take up employment for an unlimited duration.[2] They may not be denied this right on the grounds that the number of residence permits guaranteed has been exhausted.

(b) Persons who have previously held seasonal employment in the territory of the host State for a total of not less than 50 months during the last 15 years and do not meet the conditions of entitlement to a residence permit in accordance with the provisions of subparagraph (a) above shall automatically have the right to take up employment for an unlimited duration.

ARTICLE 27

Employed frontier workers

1. An employed frontier worker is a national of a Member State who has his normal place of residence in the frontier zones of Switzerland or neighbouring States and who pursues an activity as an employed person in the frontier zones of Switzerland and its neighbouring States returning as a rule to his principal residence every day, or at least once a week. For the purposes of the Annex, frontier zones shall mean the zones defined in the agreements concluded between Switzerland and its neighbouring States concerning movement in frontier zones.

2. The special permit shall be valid throughout the frontier zone of the issuing State.

ARTICLE 28

Employed persons' right to return

1. An employed person who, on the date the Annex entered into force, was holding a residence permit valid for at least one year and who has then left the host State shall be entitled to preferential access to the quota for a new residence permit within six years of his departure provided he proves that he is able to pursue an economic activity.

2. A frontier worker shall have the right to a new special permit within six years of the end of his previous employment over an uninterrupted period of three years, subject to verification of his pay and working conditions if he is employed for the two years following the entry into force of the Annex, provided he proves to the competent national authorities that he is able to pursue an economic activity.

[2] They shall not be subject to the priority accorded to workers integrated into the regular labour market or monitoring of compliance with wage and employment conditions in a particular sector or place.

3. Ungt fólk, sem hefur farið brott af yfirráðasvæði aðildarríkis fyrir 21 árs aldur að lokinni minnst fimm ára búsetu þar, skal í fjögur ár eiga rétt á að koma aftur til þess aðildarríkis og stunda þar atvinnu.

29. gr.
Réttur launþega til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða

1. Launþegi, sem er handhafi búsetuleyfis er gildir til skemmri tíma en eins árs, skal eiga rétt á að færa sig til í starfi og á milli landsvæða í tólf mánuði frá því að hann hóf störf. Einnig er, með fyrirvara um 10. gr. viðaukans, fyrir hendi sá réttur að taka upp starf sem sjálfstætt starfandi einstaklingur.

2. Sérstök búsetuleyfi, sem eru gefin út til handa launþega sem sækir vinnu yfir landamæri, fela í sér rétt til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða á öllum landamærasvæðum Sviss og grannríkja þess.

30. gr.
Reglur um búsetu sjálfstætt starfandi einstaklinga

Ríkisborgari aðildarríkis, sem óskar eftir því að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í því skyni að stunda þar sjálfstæða atvinnustarfsemi (hér á eftir nefndur „sjálfstætt starfandi einstaklingur"), skal fá búsetuleyfi sem gildir til sex mánaða. Hann skal fá búsetuleyfi sem gildir til í það minnsta fimm ára að því tilskildu að hann sanni fyrir lögbærum innlendum yfirvöldum við lok sex mánaða tímabilsins að hann stundi sjálfstæða atvinnustarfsemi. Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að framlengja sex mánaða tímabilið um allt að tvo mánuði ef raunverulegar líkur eru á að hann geti lagt fram slíka sönnun.

31. gr.
Sjálfstætt starfandi einstaklingar sem sækja vinnu yfir landamæri

1. Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem sækir vinnu yfir landamæri, telst vera ríkisborgari aðildarríkis ef hann er allajafna búsettur á landamærasvæðunum Sviss og grannríkja þess og stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi á landamærasvæðum Sviss og grannríkja þess og snýr allajafna aftur á búsetustað sinn daglega eða í það minnsta vikulega. Í þessum viðauka merkir landamærisvæði þau svæði sem eru skilgreind í samningum milli Sviss og grannríkja þess varðandi flutninga fólks á landamærasvæðum.

2. Ríkisborgari aðildarríkis sem óskar þess, sem maður sem sækir vinnu yfir landamæri, að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi á landamærasvæðum Sviss og grannríkja þess skal fá fyrir fram sérstakt

3. Young persons who have left the territory of a Member State before the age of 21, after residing there for at least five years, shall have the right for a period of four years after having left to return to that Member State and pursue an economic activity.

ARTICLE 29
Employed persons' occupational and geographical mobility

1. An employed person holding a residence permit valid for less than one year shall, for the twelve months following the commencement of his employment, have the right to occupational and geographical mobility. The right to change from employed to self-employed status shall also be allowed subject to compliance with Article 10 of the Annex.
2. Special permits issued to employed frontier workers shall confer the right to occupational and geographical mobility within all the frontier zones of Switzerland or its neighbouring States.

ARTICLE 30
Rules relating to the residence of self-employed persons

A national of a Member State wishing to become established in the territory of another Member State in order to pursue a self-employed activity (hereinafter referred to as a 'self-employed worker') shall receive a residence permit valid for a period of six months. He shall receive a residence permit valid for at least five years provided that he proves to the competent national authorities before the end of the six-month period that he is pursuing a self-employed activity. If necessary, the six-month period may be extended by a maximum of two months if there is a genuine likelihood that he will produce such proof.

ARTICLE 31
Self-employed frontier workers

1. A self-employed frontier worker is a national of a Member State who is ordinarily resident in the frontier zones of Switzerland or neighbouring States and who pursues a self-employed activity in the frontier zones of Switzerland or its neighbouring States returning as a rule to his principal residence in principle every day or at least once a week. For the purposes of the Annex, frontier zones shall mean the zones defined in the agreements concluded between Switzerland and its neighbouring States concerning movement in frontier zones.
2. A national of a Member State who wishes in his capacity as a frontier worker to pursue a self-employed activity in the frontier zones of Switzerland or its neighbouring States shall receive a preliminary

bráðabirgðaleyfi til sex mánaða. Hann skal fá sérstakt búsetuleyfi til að minnsta kosti fimm ára að því tilskildu að hann leggi, fyrir lok sex mánaða tímabilsins, fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann stundi sjálfstæða atvinnustarfsemi. Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að framlengja sex mánaða tímabilið um allt að tvo mánuði ef raunverulegar líkur eru á að hann geti lagt fram slíka sönnun.

3. Sérstök búsetuleyfi skulu gilda alls staðar á landamærasvæði útgáfuríkisins.

32. gr.

Réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til endurkomu

1. Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem hefur verið handhafi búsetuleyfi til að minnsta kosti fimm ára og hefur farið brott úr gistiríkinu, skal eiga rétt á nýju leyfi næstu sex árin eftir brottförina að því tilskildu að hann hafi áður starfað í gistiríkinu í þrjú ár samfellt og leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnun um að hann sé fær um að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem sækir vinnu yfir landamæri, skal eiga rétt á nýju sérstöku búsetuleyfi innan sex mánaða frá því að hann lagði niður fyrri starfsemi sem hafði staðið óslitið í fjögur ár að því tilskildu að hann leggi fyrir lögbær innlend yfirvöld sönnu um að hann sé fær um að stunda atvinnu.

3. Ungt fólk, sem hefur farið brott af yfirráðasvæði aðildarríkis fyrir 21 árs aldur að lokinni minnst fimm ára búsetu þar, skal í fjögur ár eiga rétt á að koma aftur til þess aðildarríkis og stunda þar atvinnu.

33. gr.

Réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða

Sérstök búsetuleyfi, sem eru gefin út til handa sjálfstætt starfandi einstaklingum sem sækja vinnu yfir landamæri, fela í sér rétt til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða á landamærasvæðum Sviss og grannríkja þess. Sex mánaða búsetuleyfi, sem eru gefin út fyrir fram og til bráðabirgða (sérstök búsetuleyfi, að því er varðar þá sem sækja vinnu yfir landamæri), fela einungis í sér rétt til að færa sig á milli landsvæða.

six-month special permit in advance. He shall receive a special permit for a period of at least five years provided that he proves to the competent national authorities, before the end of that six-month period, that he is pursuing a self-employed activity. If necessary, the six-month period may be extended by a maximum of two months if there is a genuine likelihood that he will produce such proof.

3. Special permits shall be valid throughout the frontier zone of the issuing State.

ARTICLE 32

Self-employed persons' right to return

1. A self-employed person who has held a residence permit valid for a period of at least five years and who has left the host State shall have the right to a new permit within six years of his departure provided he has already worked in the host State for an uninterrupted period of three years and proves to the competent national authorities that he is able to pursue an economic activity.

2. A self-employed frontier worker shall have the right to a new special permit within a period of six years of the termination of previous activity lasting for an uninterrupted period of four years provided he proves to the competent national authorities that he is able to pursue an economic activity.

3. Young persons who have left the territory of a Member State before the age of 21, after residing there for at least five years, shall have the right for a period of four years after having left to return to that Member State and pursue an economic activity.

ARTICLE 33

Self-employed persons' occupational and geographical mobility

Special permits issued to self-employed frontier workers shall confer the right to occupational and geographical mobility within the frontier zones of Switzerland or its neighbouring States. Preliminary six-month residence permits issued in advance (in the case of frontier workers, special permits) shall confer the right only to geographical mobility.

2. VIÐBÆTIR

Samræming almannatryggingakerfa (21. gr.)

1. gr.

1. Aðildarríkin eru ásátt um að beita sín á milli, að því er varðar samræmingu almannatryggingakerfa, þeim gerðum bandalagsins sem vísað er til og teknar eru upp í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins og varða frelsi fólks til flutninga, eins og þær gilda 21. júní 1999 og er breytt í A-hluta þessa viðbætis, eða reglum er jafngilda þessum gerðum.
2. Hugtakið „aðildarríki“ í gerðum sem um getur í A-hluta þessa viðbætis ber skilja sem vísun til aðildarríkjanna í þessum samningi.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í því skyni að beita ákvæðum þessa viðbætis, taka til greina þær gerðir bandalagsins, sem um getur í eða breytt er með B-hluta þessa viðbætis, eins og þær eru teknar upp í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga og eins og þær gilda 21. júní 1999.
2. Aðildarríkin skulu, í því skyni að beita ákvæðum þessa viðbætis, taka tillit til þeirra gerða bandalagsins, sem um getur í eða breytt er með C-hluta þessa viðbætis, eins og þær eru teknar upp í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frjálsa fólksflutninga og eins og þær gilda 21. júní 1999.

3. gr.

1. Í bókun 1 við þennan viðbæti er að finna það fyrirkomulag sem er á atvinnuleysistryggingum fyrir starfandi menn frá aðildarríkjunum, nema frá Sviss hafi þeir búsetuleyfi sem gildir skemur en í eitt ár.

2. A- og B-hluti gilda um samskipti Liechtenstein og Sviss samkvæmt þeim skilyrðum sem fram koma í bókun 2 við þennan viðbæti.
3. A- og B-hluti gilda um samskipti Noregs og Sviss samkvæmt þeim skilyrðum sem fram koma í bókun 3 við þennan viðbæti.

APPENDIX 2

Co-ordination of social security schemes (Art. 21)

ARTICLE 1

1. The Member States agree, with regard to the co-ordination of social security schemes, to apply among themselves the Community acts to which reference is made, as incorporated in the EEA Agreement and the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, and as in force on 21 June 1999 and as amended by Section A of this Appendix, or rules equivalent to such acts.
2. The term "Member State(s)" contained in the acts referred to in Section A of this Appendix shall be understood to refer to the Member States of this Convention.

ARTICLE 2

1. For the purposes of applying the provisions of this Appendix, the Member States shall take into consideration the Community acts referred to in or amended by Section B of this Appendix, as incorporated in the EEA Agreement and the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, and as in force on 21 June 1999.
2 For the purposes of applying the provisions of this Appendix, the Member States shall take note of the Community acts referred to in Section C of this Appendix, as incorporated in the EEA Agreement and the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, and as in force on 21 June 1999.

ARTICLE 3

1. The arrangements relating to unemployment insurance for workers from the Member States other than Switzerland holding a Swiss residence permit valid for less than one year are set out in Protocol 1 to this Appendix.
2. Sections A and B are applicable to the relations between Liechtenstein and Switzerland under the conditions set out in Protocol 2 to this Appendix.
3. Sections A and B are applicable to the relations between Norway and Switzerland under the conditions set out in Protocol 3 to this Appendix.

A-HLUTI: GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **371 R 1408**[1]: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,

eins og hún var uppfærð með:

- **397 R 0118**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 118/97 frá 2. desember 1996 um breytingu og uppfærslu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71,

[1] Meginreglurnar um uppsöfnun réttinda til atvinnuleysisbóta og veitingu þeirra í því ríki þar sem viðkomandi vann síðast gilda án tillits til þess hversu lengi viðkomandi hefur gegnt starfi.

Einstaklingum, sem hafa starfað skemur en í eitt ár á yfirráðasvæði aðildarríkis, er heimilt að búa þar áfram eftir starfslok í hæfilegan tíma, eða allt að sex mánuði, í því skyni að leita að nýju starfi og kynna sér framboð á störfum sem hæfa menntun þeirra og, ef nauðsyn krefur, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða sig til starfa. Þessum einstaklingum er einnig heimilt að dvelja áfram eftir starfslok ef þeir eru færir um að sjá fyrir sér og aðstandendum sínum með eigin fjármagni án þess að þiggja bætur frá velferðarkerfinu á meðan á dvöl þeirra stendur og ef þeir eru með tryggingu gegn hvers konar sjúkdómum. Til eigin fjármagns teljast atvinnuleysisbætur sem þeir eiga rétt á samkvæmt innlendri löggjöf og unnt er, ef nauðsyn krefur, að bæta við samkvæmt reglum um uppsöfnun. Fjármagn telst nægjanlegt ef það er meira en sem nemur þeim tekjum sem ríkisborgarar viðkomandi ríkis mega hafa, að teknu tilliti til persónulegra aðstæðna þeirra og jafnvel aðstandenda þeirra, til að geta sótt um bætur frá velferðarkerfinu. Ef þessi forsenda á ekki við telst fjármagn umsækjanda nægilegt ef það er meira en sem nemur lágmarkslífeyri almannatrygginga í gistiríkinu.

Þeim, sem vinna árstíðabundið, er heimilt að nýta rétt til atvinnuleysisbóta í því ríki þar sem þeir störfuðu síðast óháð því hvenær þeirri árstíð lýkur. Þeim er heimilt að dvelja áfram eftir starfslok að því tilskildu að þeir uppfylli þau skilyrði sem getið er í fyrri málsgrein. Bjóði þeir sig áfram fram til starfa í búseturíkinu fá þeir atvinnuleysisbætur í því ríki í samræmi við ákvæði 71. gr. reglugerðar 1408/71.

Þeim, sem sækja vinnu yfir landamæri, er heimilt að bjóða fram starfskrafta sína í búseturíkinu eða í því ríki þar sem þeir störfuðu síðast ef þeir hafa haldið við persónulegum og faglegum tengslum og eiga því meiri möguleika á að finna sér starf þar. Þeir fá atvinnuleysisbætur í ríkinu þar sem þeir bjóða sig fram til starfa.

SECTION A: ACTS REFERRED TO

1. **371 R 1408**[1]: Council Regulation (EEC) No 1408/71 of 14 June 1971 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to the members of their families moving within the Community,

as updated by:

- **397 R 0118**: Council Regulation (EC) No 118/97 of 2 December 1996 (OJ L 28, 30.1.97, p. 1) modifying and updating Regulation (EEC) No 1408/71 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to members of their families moving within the Community and Regulation (EEC) No 574/72 fixing the procedure for implementing Regulation (EEC) No 1408/71,

[1] The principles of aggregation of entitlements to unemployment benefit and its provision in the State of last employment apply irrespective of the duration of employment.

Persons who have been employed for a period of less than one year within the territory of a Member State may, in order to seek a new job, reside there after the end of their employment for a reasonable period, which may be up to six months, for the purpose of identifying offers of jobs corresponding to their professional qualifications and, if necessary, taking the steps required to obtain employment. These persons may also remain after the end of their employment if they have sufficient financial means to support themselves and the members of their families without having to draw on welfare benefits during their stay, and if they have sickness insurance cover for all risks. Unemployment benefit to which they are entitled under national legislation, and which may if necessary be supplemented under aggregation rules, is to be regarded as such financial means. Financial means are deemed adequate if they exceed the amount below which nationals of the State concerned may, while taking into account their personal circumstances and possibly those of their families, claim welfare benefits. If this precondition is not applicable, the financial means of the applicant are considered adequate if they exceed the level of the minimum social security pension granted by the host State.

Seasonal workers may exercise their rights to unemployment benefits in the State of last employment regardless of when the season concerned comes to an end. They may remain after the end of their employment provided that they satisfy the conditions mentioned in the previous paragraph. If they make themselves available for work in the State of residence, they will receive unemployment benefits in that State in accordance with the provisions of Article 71 of Regulation 1408/71.

Frontier workers may make themselves available for work in the State of residence or in the State of last employment if they have maintained personal and professional links and thus have better prospects of finding employment there. They will draw unemployment benefits in the State in which they make themselves available for work.

- **397 R 1290**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1290/97 frá 27. júní 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71,

- **398 R 1223**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71,

- **398 R 1606**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn,
- **399 R 0307**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

1. Þriðja undirgrein j-liðar 1. gr. gildir ekki.

2. Ákvæði 9. mgr. 94. gr. gilda ekki.

3. Ákvæði 95. gr. a gilda ekki.

4. Ákvæði 95. gr. b gilda ekki.

5. Ákvæði 96. gr. gilda ekki.

6. Eftirfarandi bætist við I. hluta I. viðauka:

- **397 R 1290**: Council Regulation (EC) No 1290/97 of 27 June 1997 (OJ L 176, 4.7.97, p. 1) modifying Regulation (EEC) No 1408/71 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to members of their families moving within the Community and Regulation (EEC) No 574/72 fixing the procedure for implementing Regulation (EEC) No 1408/71,
- **398 R 1223**: Council Regulation (EC) No 1223/98 of 4 June 1998 (OJ L 168, 13.6.98, p.1) modifying Regulation (EEC) No 1408/71 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to members of their families moving within the Community and Regulation (EEC) No 574/72 fixing the procedure for implementing Regulation (EEC) No 1408/71,
- **398 R 1606**: Council Regulation (EC) No 1606/98 of 29 June 1998 (OJ L 209, 25.7.98, p. 1) modifying Regulation (EEC) No 1408/71 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to members of their families moving within the Community and Regulation (EEC) No 574/72 fixing the procedure for implementing Regulation (EEC) No 1408/71,

- **399 R 0307**: Council Regulation (EC) No 307/1999 of 8 February 1999 (OJ L 38, 12.2.1999 p. 1) amending Regulation (EEC) No 1408/71 on the application of social security schemes to employed persons, to self-employed persons and to members of their families moving within the Community and Regulation (EEC) No 574/72 laying down the procedure for implementing Regulation (EEC) No 1408/71 with a view to extending them to cover students.

The provisions of the Regulation shall, for the purposes of this Convention, be read with the following adaptations:

1. The third subparagraph of Article 1(j) shall not apply.

2. Article 94 (9) shall not apply.

3. Article 95a shall not apply.

4. Article 95b shall not apply.

5. Article 96 shall not apply.

6. The following shall be added to Annex I(I):

„P. ÍSLAND
Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ákvæða er tengjast slysatryggingum í lögum um almannatryggingar telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

Q. LIECHTENSTEIN
Á ekki við.

R. NOREGUR
Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi almannatryggingalaga telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.“

S. SVISS
Ef stofnun í Sviss er sú lögbæra stofnun sem veita á heilsugæslubætur í samræmi við 1. kafla III. bálks í reglugerðinni: a) launþegi í skilningi laga ríkjasambandsins um tryggingar vegna aldraðra og eftirlifenda telst vera „launþegi“ í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar; og b) sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi laga ríkjasambandsins um tryggingar vegna aldraðra og eftirlifenda telst vera „sjálfstætt starfandi einstaklingur“ í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.“

7. Eftirfarandi bætist við II. hluta I. viðauka:

„P. ÍSLAND
Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.

Q. LIECHTENSTEIN
Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er á framfæri og yngra en 25 ára.

R. NOREGUR
Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.

“P. ICELAND
Any person who is an employed or self-employed person within the meaning of the provisions relating to the occupational injuries insurance in the Social Security Act shall be considered respectively as employed or self-employed within the meaning of Article 1(a)(ii) of the Regulation.

Q. LIECHTENSTEIN
Does not apply.

R. NORWAY
Any person who is an employed or self-employed person within the meaning of the National Insurance Act shall be considered respectively as employed or self-employed within the meaning of Article 1(a)(ii) of the Regulation.

S. SWITZERLAND
If a Swiss institution is the competent institution for granting healthcare benefits in accordance with Title III Chapter 1 of the Regulation: (a) an employed worker within the meaning of the Federal Old Age and Survivors' Insurance Act shall be deemed 'employed person' within the meaning of Article 1(a)(ii) of the regulation; and (b) a self-employed worker within the meaning of the Federal Old-Age and Survivors' Insurance Act shall be deemed a 'self-employed person' within the meaning of Article 1(a)(ii) of the Regulation.”.

7. The following shall be added to Annex I(II):

“P. ICELAND
For the purpose of determining entitlement to benefits in kind pursuant to the provisions of Chapter 1 of Title III of the Regulation, 'member of the family' means a spouse or a child under the age of 25.

Q. LIECHTENSTEIN
For the purpose of determining entitlement to benefits in kind pursuant to the provisions of Chapter 1 of Title III of the Regulation, 'member of the family' means a spouse or a dependent child under the age of 25.

R. NORWAY
For the purpose of determining entitlement to benefits in kind pursuant to the provisions of Chapter 1 of Title III of the Regulation, 'member of the family' means a spouse or a child under the age of 25.

S. SVISS
Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maki og börn undir 18 ára aldri og þau börn undir 25 ára aldri sem eru enn við nám eða í starfsnámi.“

S. SWITZERLAND
For the purpose of determining entitlement to benefits in kind pursuant to the provisions of Title III Chapter 1 of the Regulation, ‘member of the family’ shall mean the spouse as well as the children under the age of 18 and those under the age of 25 attending school, pursuing studies or undergoing apprenticeship.”.

8. Eftirfarandi bætist við I. hluta II. viðauka:

„P. ÍSLAND
Á ekki við.

Q. LIECHTENSTEIN
Á ekki við.

R. NOREGUR
Á ekki við.

S. SVISS
Kantónukerfin (Graubunden, Lucerne, St. Gallen) vegna fjölskyldugreiðslna til sjálfstætt starfandi einstaklinga.“

8. The following shall be added to Annex II(I):

“P. ICELAND
Does not apply.

Q. LIECHTENSTEIN
Does not apply.

R. NORWAY
Does not apply.

S. SWITZERLAND
The cantonal schemes (Graubunden, Lucerne, St. Gallen) for family allowances for self employed persons.”.

9. Eftirfarandi bætist við II. hluta II. viðauka:

„P. ÍSLAND
Engar.

Q. LIECHTENSTEIN
Engar.

R. NOREGUR
a) Styrkir greiddir með eingreiðslu við barnsfæðingu samkvæmt almannatryggingalögunum.
b) Styrkir greiddir með eingreiðslu við ættleiðingu samkvæmt almannatryggingalögunum.

S. SVISS
Styrkir vegna barnsburðar og ættleiðingar samkvæmt viðeigandi löggjöf kantónu um fjölskyldubætur (Fribourg, Geneva, Jura, Lucerne, Neuchatel, Schaffhausen, Schwyz, Solothurn, Uri, Valais, Vaud).“

9. The following shall be added to Annex II(II):

“P. ICELAND
None.

Q. LIECHTENSTEIN
None.

R. NORWAY
(a) Lump sum grants payable at childbirth pursuant to the National Insurance Act;

(b) Lump sum grants payable at adoption pursuant to the National Insurance Act.

S. SWITZERLAND
Birth grants and adoption grants pursuant to the relevant cantonal legislation on family benefits (Fribourg, Geneva, Jura, Lucerne, Neuchatel, Schaffhausen, Schwyz, Solothurn, Uri, Valais, Vaud).”.

10. Eftirfarandi bætist við III. hluta II. viðauka:

„P. ÍSLAND
Engar.

Q. LIECHTENSTEIN
Engar.

10. The following shall be added to Annex II(III):

“P. ICELAND
None.

Q. LIECHTENSTEIN
None.

R. NOREGUR
Engar.

S. SVISS
Á ekki við.“

11. Eftirfarandi bætist við II. viðauka a:

„P. ÍSLAND
Engar.

Q. LIECHTENSTEIN
a) Greiðslur til blindra (lög um greiðslur til blindra frá 17. desember 1970).

b) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (lög um greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar frá 25. nóvember 1981).
c) Viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1954 eins og þau voru endurskoðuð 12. nóvember 1992).
d) Bjargarleysisgreiðslur (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1965 eins og þau voru endurskoðuð 12. nóvember 1992).

R. NOREGUR
a) Grunnbætur og umönnunarbætur í samræmi við grein 6-1 til 6-8 í almannatryggingalögunum nr. 19 frá 28. febrúar 1997 til að greiða viðbótarútgjöld eða sérstaka umönnun, hjúkrun eða heimilishjálp vegna fötlunar, þó ekki ef bótaþegi fær elli-, örorku- eða eftirlifendalífeyri frá almannatryggingunum.

b) Tryggður lágmarksviðbótarlífeyrir til þeirra sem eru fæddir með fötlun eða verða fatlaðir á unga aldri í samræmi við grein 3-21 og 3-22 í almannatryggingalögunum nr. 19 frá 28. febrúar 1997.
c) Bætur vegna umönnunar barna og bætur til eftirlifandi maka vegna menntunar í samræmi við grein 17-9 í almannatryggingalögunum nr. 19 frá 28. febrúar 1997.

S. SVISS
a) Viðbótarbætur (lög ríkjasambandsins frá 19. mars 1965 um viðbótarbætur) og svipaðar bætur sem kveðið er á um samkvæmt lögum kantónanna.
b) Lífeyrir vegna þrenginga samkvæmt örorkutryggingum (undirgrein 1a í 28. gr. laga

R. NORWAY
None.

S. SWITZERLAND
Does not apply.”.

11. The following shall be added to Annex IIa:

“P. ICELAND
None.

Q. LIECHTENSTEIN
(a) Allowances for blind persons (Law on the granting of allowances for blind persons of 17 December 1970).
(b) Maternity allowances (Law on the granting of maternity allowances of 25 November 1981).
(c) Supplementary benefits to the old age, survivors' and invalidity insurance Law on supplementary benefits to the old age, survivors' and invalidity insurance of 10 December 1965 as revised on 12 November 1992).
(d) Helplessness allowance (Law on supplementary benefits to the old age, survivors' and invalidity insurance of 10 December 1965 as revised on 12 November 1992).

R. NORWAY
(a) Basic benefit and attendance benefit in accordance with Articles 6-1 to 6-8 of the National Insurance Act of 28 February 1997 No 19 to cover extra expenses or the need for special attention, nursing or domestic help incurred by the disability, except for instances where the beneficiary is drawing old-age, disability or survivors' pensions from the National Insurance Scheme.
(b) Guaranteed minimum supplementary pension to persons who are born disabled or become disabled at an early age in accordance with Articles 3-21 and 3-22 of the National Insurance Act of 28 February 1997 No 19.
(c) Child care benefit and educational benefit to surviving spouse in accordance with Article 17-9 of the National Insurance Act of 28 February 1997 No 19.

S. SWITZERLAND
(a) Supplementary benefits (Federal Supplementary Benefits Act of 19 March 1965) and similar benefits provided for under cantonal legislation.
(b) Pension in the case of hardship under invalidity insurance (Article 28 subpara. 1a of the

ríkjasambandsins frá 19. júní 1959 um örorkutryggingar, eins og þeim var breytt 7. október 1994).

c) Iðgjaldsfrjálsar samsettar bætur vegna atvinnuleysis, eins og kveðið er á um í lögum kantóna."

12. Eftirfarandi bætist við A-hluta III. viðauka:

„106. ÍSLAND – LIECHTENSTEIN
Enginn samningur.

107. ÍSLAND – NOREGUR
Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992.

108. ÍSLAND – SVISS
Enginn samningur.

109. LIECHTENSTEIN – NOREGUR
Enginn samningur.

110. LIECHTENSTEIN – SVISS

a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 8. mars 1989, eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 9. febrúar 1996 og nr. 2 frá 29. nóvember 2000, að því er varðar greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 5. gr. svo og 6. gr. til 8. gr. a að því er varðar lagaákvæði þeirra tveggja ríkja sem falla undir 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. með þeim fyrirvara að ráðstafanir vegna endurhæfingar sem eru gerðar samkvæmt löggjöf síðasta ráðningarríkis eru einungis veittar í þrjú ár. Eftir það tekur tryggingakerfi búseturíkis við og fjallar um umsóknina eins og hún hefði komið fram samkvæmt löggjöf þess ríkis.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 14. gr. Ákvæði 20. til 22. gr.

Ákvæði 20. liðar lokabókunar við framangreindan samning og 3. mgr. 3. gr. framangreinds viðbótarsamnings nr. 2.

b) Ákvæði 6. gr. samnings um atvinnuleysistryggingar frá 15. janúar 1979.

Federal Invalidity Insurance Act of 19 June 1959, as amended on 7 October 1994).

(c) Non-contributory mixed benefits in the event of unemployment, as provided for under cantonal legislation.".

12. The following shall be added to Annex III(A):

"106. ICELAND – LIECHTENSTEIN
No convention.

107. ICELAND – NORWAY
Article 10 of the Nordic Convention on social security of 15 June 1992.

108. ICELAND – SWITZERLAND
No convention.

109. LIECHTENSTEIN – NORWAY
No convention.

110. LIECHTENSTEIN – SWITZERLAND

(a) Article 4 of the Convention on Social Security of 8 March 1989 as amended by the Complementary Conventions No 1 of 9 February 1996 and No 2 of 29 November 2000 as regards the payment of cash benefits to persons residing in a third State;

Article 5 paragraphs 1 and 2 as well as Articles 6 to 8a with respect to the legal provisions of the two States covered by article 4 paragraph 1 of the Regulation;

Article 14 paragraph 1, with the reservation that rehabilitation measures granted pursuant to the legislation of the last State of employment are granted only for a period of three years. After that the insurance scheme of the State of residence takes over and deals with the claim as if it had arisen under its own legislation;

Article 14 paragraphs 3 and 4; Articles 20 to 22;

Point 20 of the Final Protocol to the said Convention and Article 3 paragraph 3 of the said Complementary Convention No 2.

(b) Article 6 of the Convention on Unemployment Insurance of 15 January 1979.

111. NOREGUR – SVISS
Ákvæði 2. mgr. 6. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1979.“

13. Eftirfarandi bætist við B-hluta III. viðauka:

„106. ÍSLAND – LIECHTENSTEIN
Enginn samningur.

107. ÍSLAND – NOREGUR
Engar.

108. ÍSLAND – SVISS
Enginn samningur.

109. LIECHTENSTEIN – NOREGUR
Enginn samningur.

110. LIECHTENSTEIN – SVISS
a) Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 8. mars 1989, eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 9. febrúar 1996 og nr. 2 frá 29. nóvember 2000, að því er varðar greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.
b) Ákvæði 6. gr. samnings um atvinnuleysistryggingar frá 15. janúar 1979.

111. NOREGUR – SVISS
Ákvæði 2. mgr. 6. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1997.“

14. Eftirfarandi bætist við þátt A í IV. viðauka:

„P. ÍSLAND
Engin.

Q. LIECHTENSTEIN
Engin.

R. NOREGUR
Engin.

S. SVISS
Engin.“.

15. Eftirfarandi bætist við þátt B í IV. viðauka:

„P. ÍSLAND
Engin.

Q. LIECHTENSTEIN
Engin.

111. NORWAY – SWITZERLAND
Article 6(2) of the Convention on social security of 21 February 1979.”.

13. The following shall be added to Annex III(B):

“106. ICELAND – LIECHTENSTEIN
No convention.

107. ICELAND – NORWAY
None.

108. ICELAND – SWITZERLAND
No convention.

109. LIECHTENSTEIN – NORWAY
No convention.

110. LIECHTENSTEIN – SWITZERLAND
Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Kingdom of Norway on international road passenger and goods transport of 26 May 1998:

Article 4: carriage of goods.

6. VIÐBÆTIR

REGLUR UM ÞUNGATAKMARKANIR OG BANN VIÐ AKSTRI AÐ NÆTURLAGI OG Á SUNNUDÖGUM

1. Undanþága frá þungatakmörkunum á tímabilinu sem lýkur 31. desember 2004:
   Fyrir akstur sem hefst erlendis og lýkur á landamærasvæði Sviss, sem er skilgreint í 10. viðbæti, (og öfugt) eru undantekningar leyfðar án gjalds fyrir hvaða vörur sem er allt að 40 tonnum samtals og fyrir 40-feta ISO-gáma í samsettum flutningum allt að 44 tonnum samtals. Sumar tollstöðvar hafa mörkin lægri ef það er nauðsynlegt vegna aðstæðna á veginum.
2. Aðrar undanþágur frá þungatakmörkunum:
   Fyrir akstur sem hefst erlendis og lýkur á landamærasvæði Sviss (og öfugt) og fyrir umflutning um Sviss er einnig heimilt að leyfa raunverulega heildarþyngd með hleðslu, sem er meiri en leyfileg heildarþyngd í Sviss, ef um er að ræða flutninga sem ekki er getið í 8. gr. viðaukans:

   a) flutninga á vörum sem eru óskiptanlegar, í tilvikum þegar ekki er hægt að hlíta ákvæðum þrátt fyrir að ökutækið sé nothæft;

   b) flutninga eða notkun á sérstökum ökutækjum, einkum vinnuvélum sem, vegna þess tilgangs sem þær þjóna, samræmast ekki ákvæðum um þyngd;

   c) flutninga á skemmdum eða óökufærum ökutækjum í neyðartilvikum;
   d) flutninga á flugvistum;

APPENDIX 6

RULES ON THE WEIGHT LIMIT AND ON THE BAN ON NIGHT AND SUNDAY DRIVING

1. Exemption from the weight limit during the period ending on 31.12.2004:
   For journeys originating abroad and ending in the Swiss frontier area as defined in Appendix 10 (and vice versa), exceptions are permitted without charge for any goods up to a total 40 t and for 40-foot ISO containers in combined transport up to a total of 44 t. For reasons of road design, certain customs posts apply lower limits.

2. Other exemptions from the weight limit:
   For journeys originating abroad and ending beyond the Swiss frontier area (and vice versa), and for transit through Switzerland, an actual total laden weight greater than the maximum weight permitted in Switzerland may also be authorised for types of carriage not referred to in Article 8 of the Annex:
   (a) for the carriage of goods which are indivisible, in cases in which the stipulations cannot be obeyed despite the use of a suitable vehicle;
   (b) for transfers or for the use of special vehicles, notably working vehicles which, owing to the purpose for which they are used, are not compatible with the provisions regarding weight;
   (c) for the transport in an emergency of damaged or broken-down vehicles;
   (d) for the transport of supplies for aircraft catering;

e) flutninga á vegum á upphafs- og lokastigum samsettra flutninga, yfirleitt innan 30 km frá stöðinni.

3. Undanþágur frá banni við akstri að næturlagi og á sunnudögum:
Fyrirhugaðar eru eftirtaldar undanþágur frá banni við akstri að næturlagi og á sunnudögum:
a) Án sérstaks leyfis
– akstur í því skyni að veita neyðaraðstoð þegar neyðarástand skapast,
– akstur í því skyni að veita neyðaraðstoð þegar slys verða, einkum ef slysin tengjast almannasamgöngum eða flugumferð.
b) Með sérstöku leyfi
Flutningar á vörum sem, eðli sínu samkvæmt, réttlæta flutninga að næturlagi og, af gildum ástæðum, flutninga á sunnudögum:
– landbúnaðarafurðir sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum (svo sem ber, ávextir og grænmeti, plöntur (einnig afskorin blóm) eða nýpressaður ávaxtasafi), allt árið,
– svín og kjúklingar til slátrunar,
– nýmjólk og mjólkurafurðir sem eru viðkvæmar fyrir skemmdum,
– búnaður fyrir sirkus, hljóðfæri hljómsveita, leikmunir o.s.frv.,
– dagblöð, þar með talinn ritstjórnarpistill, og póstsendingar sem eru nauðsynlegar í tengslum við lögfræðiaðstoð.
Til að auðvelda málsmeðferð við viðurkenningu er heimilt að gefa út leyfi sem gildir um ótakmarkaðan fjölda ferða í allt að því tólf mánuði, að því tilskildu að um sams konar ferðir sé að ræða.

4. Undanþágu frá banni við akstri að næturlagi ber að veita án mismununar og á einni skrifstofu. Hana ber að veita gegn greiðslu þóknunar sem nægir fyrir umsýslukostnaði.

(e) haulage by road during the initial and final stages of combined transport, usually within a 30 km radius of the terminal.

3. Exemption from the ban on night and Sunday driving:
The following exemptions from the ban on night and Sunday driving are planned:
(a) Without special permission
– journeys made to provide emergency assistance in case of disasters,
– journeys made to provide emergency assistance in the event of accidents, notably public transport and air traffic accidents.
(b) With special permission
For the carriage of goods which, because of their nature, justify night-time haulage and, for genuine reasons, haulage on Sundays:
– perishable agricultural products (such as berries, fruit and vegetables, plants (including cut flowers) or freshly squeezed fruit juices), throughout the year,
– pigs and chickens for slaughter,
– fresh milk and perishable milk products,
– circus equipment, musical instruments belonging to an orchestra, theatre props, etc.,
– daily newspapers including an editorial component, and postal consignments transported under a legal service requirement.
To ease approval procedures, authorisations valid for up to twelve months for any number of journeys may be issued, provided all the journeys are of the same nature.

4. Exemptions from the ban on night driving shall be granted in a non-discriminatory manner and may be obtained from a single office. They shall be granted against payment of a fee to cover the administrative costs.

7. VIÐBÆTIR

FARÞEGAFLUTNINGAR MILLI LANDA MEÐ HÓPBIFREIÐUM

1. gr.
Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. Reglubundnir flutningar
1.1. Reglubundnir flutningar eru flutningar með farþega milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru teknir og þeim skilað á fyrirfram

APPENDIX 7

INTERNATIONAL CARRIAGE OF PASSENGERS BY COACH AND BUS

ARTICLE 1
Definitions

For the purposes of this Annex, the following definitions shall apply:

1. Regular services
1.1. Regular services are services which provide for the carriage of passengers at specified intervals along specified routes, passengers being taken up and set down at

ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far. Þótt skilyrðum fyrir því að stunda slíka flutninga sé breytt teljast þeir samt sem áður til reglubundinna flutninga.

1.2. Flutningaþjónusta, hver svo sem skipuleggur hana, þar sem séð er fyrir flutningum á tilteknum hópum farþega en aðrir farþegar eru útilokaðir, telst til reglubundinna flutninga að því tilskildu að hún uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í 1.1. Slíkir flutningar kallast hér á eftir „sérstakar áætlunarferðir".

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

a) flutningar á starfsmönnum milli heimilis og vinnustaðar;

b) flutningar á nemendum til og frá skóla;

c) flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunaríki sínu til herbúðanna. Þótt sérstakar áætlunarferðir séu sniðnar að þörfum notendanna teljast þær samt sem áður til sérstakra áætlunarferða.

1.3. Skipulag samhliða eða tímabundinna flutninga sem þjóna sama farþegahópi og reglubundnir flutningar sem fyrir eru, að sleppa sumum viðkomustöðum eða bæta öðrum við skal háð sömu reglum og gilda um reglubundna flutninga sem fyrir eru.

2. Óreglubundnir flutningar

2.1. Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla ekki undir skilgreininguna á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstökum áætlunarferðum (sérstökum reglubundnum flutningum), og sem einkennast öðru fremur af því að þar eru fluttir hópar farþega sem er safnað saman að frumkvæði þess sem kaupir þjónustuna eða flutningafyrirtækisins sjálfs.

Skipulagning samhliða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir reglubundnum flutningum sem fyrir eru og þjóna sömu farþegahópum, skal háð leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í I. þætti.

2.2. Ekki er hætt að flokka þá flutningaþjónustu sem um getur í 2. lið sem óreglubundna flutninga af þeirri ástæðu einni að þeir fara fram með vissu millibili.

2.3. Hópur flutningafyrirtækja sem starfa fyrir

predetermined stopping points. Regular services shall be open to all, subject, where appropriate, to compulsory reservation. An adaptation of the conditions of the carriage of such a service does not affect its character as a regular service.

1.2. Services, by whomsoever organised, which provide for the carriage of specified categories of passengers to the exclusion of other passengers, insofar as such services are operated under the conditions specified in 1.1, shall be deemed to be regular services. Such services are hereinafter called 'special regular services'.

Special regular services shall include:

(a) the carriage of workers between home and work;

(b) carriage to and from the educational institution for school pupils and students;

(c) the carriage of soldiers and their families between their state of origin and the area of their barracks. The fact that a special service may be varied according to the needs of users shall not affect its classification as a regular service.

1.3. The organisation of parallel or temporary services, serving the same public as existing regular services, the non-serving of certain stops and the serving of additional stops on existing regular services shall be governed by the same rules as existing regular services.

2. Occasional services

2.1. Occasional services are services which do not meet the definition of regular services, including special regular services, and which are characterised above all by the fact that they carry groups of passengers assembled at the initiative of the customer or of the carrier himself.

The organisation of parallel or temporary services comparable to existing regular services and serving the same public as the latter shall be subject to authorisation in accordance with the procedure laid down in Section I.

2.2. The services referred to in point 2 shall not cease to be occasional services solely because they are provided at certain intervals.

2.3. Occasional services may be provided by a

sama verktaka getur annast óreglubundna flutninga. Nöfn flutningafyrirtækja og, eftir því sem við á, skiptistaðir á leiðinni skulu tilkynnt lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja, í samræmi við málsmeðferð sem nefndin tekur ákvörðum um.

3. Flutningar í eigin þágu
Flutningar í eigin þágu er flutningastarfsemi á vegum einstaklings eða lögpersónu, sem ekki er rekin í ábata- eða hagnaðarskyni, svo fremi að:

– flutningarnir séu aukastarfsemi fyrir einstaklinginn eða lögpersónuna,
– ökutækin, sem notuð eru, séu í eigu viðkomandi einstaklings eða lögpersónu eða hafi verið keypt með afborgunum eða tekin á leigu með langtímaleigusamningi og viðkomandi einstaklingur sjálfur eða starfsmaður viðkomandi einstaklings eða lögpersónu aki þeim.

I. ÞÁTTUR

REGLUBUNDNIR FLUTNINGAR SEM ERU LEYFISBUNDNIR

2. gr.
Tegund leyfis

1. Leyfið er gefið út á nafn flutningafyrirtækisins; ekki er unnt að framselja það til þriðju aðila. Þó getur flutningafyrirtækið sem fékk leyfið, með samþykki yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessa viðauka, fengið undirverktaka til að sjá um þjónustuna. Ef svo ber undir skal nafn hins síðarnefnda og hlutverk hans sem undirverktaka koma fram í leyfinu. Undirverktakinn verður að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 13. gr. viðaukans.

Ef í hlut eiga fyrirtæki sem hafa bundist samtökum um að stunda reglubundna flutninga, skal leyfið gefið út á nöfn allra fyrirtækjanna. Það skal afhent fyrirtækinu sem stjórnar starfseminni og hin fyrirtækin fá afrit. Nöfn allra rekstraraðila skulu standa í leyfinu.

2. Gildistími leyfis skal eigi vera lengri en fimm ár.

3. Í leyfi skal eftirfarandi koma fram:
a) tegund flutninga;
b) flutningaleið, þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður er sérstaklega tekinn fram;
c) gildistími leyfis;
d) viðkomustaðir og tímaáætlun.

group of carriers acting on behalf of the same contractor. The names of such carriers and, where appropriate, the connection points en route shall be communicated to the competent authorities of the Member States, in accordance with the procedures to be determined by the Committee.

3. Own-account transport operations
Own-account transport operations are those carried out for non-profit-making and non-commercial purposes by a natural or legal person, provided that:
– the transport activity is only an ancillary activity for that natural or legal person,
– the vehicles used are the property of that natural or legal person, or have been obtained on deferred terms by them or have been the subject of a long-term leasing contract and are driven by that natural or legal person or by a member of their staff.

SECTION I

REGULAR SERVICES SUBJECT TO AUTHORISATION

ARTICLE 2
Nature of the authorisation

1. Authorisations shall be issued in the name of the transport undertaking; they may not be transferred by the latter to third parties. However, the carrier who has received the authorisation may, with the consent of the authority referred to in paragraph 1 of Article 3 of this Appendix, operate the service through a sub-contractor. In this case, the name of the latter undertaking and its role as sub-contractor shall be indicated in the authorisation. The sub-contractor must fulfil the conditions laid down in Article 13 of the Annex.

In the case of undertakings associated for the purpose of operating a regular service, the authorisation shall be issued in the names of all the undertakings. It shall be given to the undertaking that manages the operation and copies shall be given to the others. The authorisation shall state the names of all the operators.

2. The period of validity of an authorisation shall not exceed five years.

3. Authorisations shall specify the following:
(a) the type of service;
(b) the route of the service, in particular the place of departure and the place of destination;
(c) the period of validity of the authorisation;
(d) the stops and the timetable.

4. Leyfin skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í reglugerð (EB) nr. 2121/98 frá 2. október 1998 þar sem settar eru nákvæmar reglur um beitingu reglugerða ráðsins (EBE) nr. 684/92 og (EB) nr.12/98 að því er varðar skjöl vegna flutnings farþega með hópbifreiðum (Stjtíð. EB nr. L 268, 3.10.1998, bls.10), sem er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins.
5. Leyfin veita handhafa eða handhöfum rétt til að stunda reglubundna flutninga á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.
6. Sá sem stundar reglubundna flutninga má nota viðbótarökutæki tímabundið og við óvenjulegar aðstæður. Þegar svo háttar til skal flutningafyrirtækið tryggja að eftirtalin skjöl séu fyrir hendi í ökutækinu:
- endurrit af leyfinu til reglubundinna flutninga;
- endurrit af samningi þess sem stundar reglubundna flutninga við fyrirtækið sem útvegar viðbótarökutæki eða jafngilt skjal;
- staðfest endurrit af leyfinu sem gefið er út á nafn þess sem stundar reglubundna flutninga.

3. gr.

Umsóknir um leyfi

1. Flutningafyrirtæki frá öðrum aðildarríkjum en Sviss, sem sækja um leyfi, skulu leggja inn umsóknir sínar í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 11/98 sem er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um flutninga á landi, og flutningafyrirtæki í Sviss, sem sækja um leyfi, skulu leggja inn umsóknir sínar í samræmi við 5. kafla reglugerðar frá 25. nóvember 1998 um sérleyfi til farþegaflutninga (OCTV). Þegar flutningar eru undanþegnir leyfi í einu aðildarríki en bundnir leyfi í öðru aðildarríki skulu flutningafyrirtækin, sem sækja um leyfi, leggja inn umsóknir sínar hjá lögbærum yfirvöldum í brottfararríkinu.
2. Leyfin skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í reglugerð (EB) nr. 2121/98.
3. Umsækjendur um leyfi skulu veita allar frekari upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem útgáfuyfirvald æskir. Meðal annars skulu umsækjendur leggja fram akstursáætlun, svo að unnt sé að fylgjast með því að farið sé að löggjöf bandalagsins um akstur og hvíldartíma. Flutningafyrirtæki frá öðrum aðildarríkjum en Sviss skulu einnig leggja fram endurrit af bandalagsleyfinu til farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi, sem kveðið er á um í EES-samningnum, og flutningafyrirtæki í Sviss afrit af áþekku svissnesku leyfi, sem gefið er út til handa þeim sem stundar reglubundna flutninga.

4. Authorisations shall conform to the model set out in Regulation (EC) No 2121/98 of 2 October 1998 laying down detailed rules for the application of Council Regulations (EEC) No 684/92 and (EC) No 12/98 as regards documents for the carriage of passengers by coach and bus (Official Journal No. L 268, 03.10.1998, p.10), as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement.
5. Authorisations shall entitle their holder(s) to operate regular services in the territories of the Member States.
6. The operator of a regular service may use additional vehicles to deal with temporary and exceptional situations. In this event, the carrier must ensure that the following documents are on board the vehicle:
- a copy of the regular service authorisation;
- a copy of the contract between the operator of the regular service and the firm supplying the additional vehicles, or an equivalent document;
- a certified copy of the license, issued to the operator of the regular service.

ARTICLE 3

Submission of applications for authorisation

1. Operators of other Member States than Switzerland applying for authorisation shall submit their applications in accordance with the provisions of Article 6 of Regulation (EEC) No. 684/92, as amended by Regulation (EC) No. 11/98, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement on land transport, and Swiss operators applying for authorisation shall submit their applications in accordance with chapter 5 of the Ordinance of 25 November 1998 on concessions for the carriage of passengers (OCTV). In the case of services exempt from authorisation in a Member State but subject to authorisation in another, the operators applying for authorisation shall submit their applications to the competent authorities in the State of departure.
2. Applications shall conform to the model set out in Regulation (EC) No. 2121/98.
3. Persons applying for authorisation shall provide any additional information they consider relevant or which is requested by the issuing authority. In particular, applicants should provide a driving schedule which makes it possible to check whether the service complies with legislation on driving and rest periods. Carriers from Member States other than Switzerland should also submit a copy of the Community licence for the international carriage of passengers by road for hire or reward, as provided for in the EEA Agreement, and Swiss carriers a copy of a similar Swiss licence, issued to the operator of the regular service.

4. gr.

Tilhögun leyfisveitinga

1. Leyfin eru gefin út með samþykki lögbærra yfirvalda á yfirráðasvæðum aðildarríkja þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað. Útgáfuyfirvald skal senda mat sitt til slíkra yfirvalda, svo og lögbærra yfirvalda á yfirráðasvæðum sem farið er um án þess að taka farþega eða skila þeim, ásamt afrit af umsókninni og öllum skjölum sem máli skipta.

2. Yfirvöld þeirra aðildarríkja sem leitað var samþykkis hjá skulu tilkynna útgáfuyfirvaldi ákvörðun sína innan tveggja mánaða. Þessi frestur er talinn frá þeim degi að beiðni um álitsgerð var lögð fram. Ef útgáfuyfirvald hefur ekki fengið svar innan þess tíma telst viðkomandi yfirvald hafa gefið samþykki sitt og skal þá útgáfuyfirvald gefa út leyfið.

3. Með fyrirvara um 7. og 8. mgr., skal útgáfuyfirvald taka ákvörðun um umsóknina innan fjögurra mánaða að telja frá því að umsóknin var lögð fram.

4. Veita skal leyfi nema:

a) umsækjandinn geti ekki annast þá flutninga, sem sótt er um að stunda, með þeim tækjabúnaði sem hann hefur til umráða;

b) umsækjandinn hafi áður gerst brotlegur við landslög eða alþjóðlega löggjöf um flutninga á vegum milli landa, einkum varðandi skilyrði og kröfur er varða leyfi til farþegaflutninga milli landa á vegum eða ef hann hefur gerst sekur um alvarleg brot á lögum um öryggi á vegum, einkum að því er varðar reglur um ökutæki og akstur og hvíldartíma ökumanna;

c) skilyrðin fyrir leyfisveitingunni hafi ekki verið uppfyllt þegar um endurnýjun leyfis er að ræða;

d) sýnt þyki að umræddir flutningar tefli beinlínis í tvísýnu starfrækslu reglubundinna flutninga sem hafa áður verið leyfðir, nema þeir flutningar séu starfræktir af einu flutningafyrirtæki eða einum hópi flutningafyrirtækja eingöngu;

e) svo virðist sem umsækjandinn stefni eingöngu að starfrækslu á leiðum sem fyrir eru og gefa af sér mestan hagnað;

f) lögbært yfirvald aðildarríkis ákveði, á grundvelli ítarlegrar athugunar, að umræddir flutningar tefli starfrækslu sambærilegra flutninga með járnbrautum á viðkomandi leiðum í tvísýnu. Tilkynna skal flutningafyrirtækjum, sem málið varðar, um allar ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessu ákvæði og enn fremur rökstuðning-

ARTICLE 4

Authorising procedure

1. Authorisations shall be issued in agreement with the competent authorities of the Member States on whose territories passengers are picked up or set down. The issuing authority shall send its assessment to such authorities – as well as to the competent authorities of the Member States whose territories are crossed without passengers being picked up or set down – together with a copy of the application and copies of any other relevant documentation.

2. The competent authorities of the Member States whose agreement has been requested shall notify the issuing authority of their decision within two months. This time limit shall be calculated from the date of receipt of the request for an opinion which is shown in the acknowledgement of receipt. If, within this period, the issuing authority has received no reply, the authorities consulted shall be deemed to have given their agreement, and the issuing authority shall issue the authorisation.

3. Subject to paragraphs 7 and 8, the issuing authority shall take a decision within four months of the date on which the carrier submits the application.

4. Authorisation shall be granted unless:

(a) the applicant is unable to provide the service which is the subject of the application with equipment directly available to him

(b) in the past, the applicant has failed to comply with national or international legislation on road transport, and in particular the conditions and requirements relating to authorisations for international road passenger services, or has committed serious breaches of legislation in regard to road safety, in particular the rules applicable to vehicles and driving and rest periods for drivers;

(c) in the case of an application for renewal of an authorisation, the authorisation conditions have not been met;

(d) it is shown that the service being applied for would directly compromise the existence of regular services already authorised, except in cases where the regular services in question are provided by a single carrier or group of carriers only;

(e) it appears that the applicant intends to operate only the most profitable of the existing services on the routes concerned;

(f) the competent authority of a Member State decides, on the basis of a detailed analysis, that the said service would seriously affect the viability of a comparable rail service on the direct sections concerned. All decisions taken under this provision, and the reasons for those decisions, shall be notified to the carriers concerned. From

inn fyrir þeim. Frá 1. janúar 2000 getur lögbært yfirvald aðildarríkis, ef sýnt þykir að núverandi millilandaflutningar með hópbifreiðum tefli starfrækslu sambærilegra flutninga með járnbrautum á viðkomandi leiðum í tvísýnu, að fengnu samþykki nefndarinnar, frestað eða afturkallað leyfi til að starfrækja millilandaflutninga með hópbifreiðum enda fái flutningafyrirtækið sex mánaða fyrirvara. Ekki er réttlætanlegt að hafna umsókn á þeim forsendum einum að flutningafyrirtæki bjóði lægra verð en önnur flutningafyrirtæki á vegum eða að á þeirri leið, sem um er að ræða, séu starfandi fyrir önnur fyrirtæki er stunda flutninga á vegum.

5. Útgáfuyfirvald getur einungis hafnað umsókn af ástæðum sem eru samrýmanlegar viðauka þessum.

6. Ef ekki tekst samkomulag á grundvelli málsmeðferðarinnar sem um getur í 1. mgr. má leggja málið fyrir nefndina.

7. Nefndin skal, eins skjótt og unnt er, taka ákvörðun sem kemur til framkvæmda eigi síðar en 30 dögum eftir að hlutaðeigandi aðildarríkjum er tilkynnt um hana.

8. Að lokinni þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari grein ber útgáfuyfirvaldi að tilkynna öllum yfirvöldum sem um getur í 1. mgr. um ákvörðun sína og, eftir atvikum, senda þeim afrit af leyfinu.

5. gr.

Veiting og endurnýjun leyfa

1. Að lokinni málsmeðferðinni sem um getur í 4. gr. ber útgáfuyfirvaldi að veita leyfið eða hafna umsókninni með formlegum hætti.

2. Þegar ákveðið er að hafna umsókn skulu gefnar ástæður fyrir synjun. Aðildarríkin skulu tryggja að flutningafyrirtækjum gefist færi á að gæta réttar síns ef umsókn þeirra er hafnað.

3. Að breyttu breytanda tekur 4. gr. til umsókna um endurnýjun leyfa eða til breytinga á skilyrðum fyrir rekstri leyfisbundinna flutninga. Ef gerðar eru smávægilegar breytingar á skilyrðum fyrir rekstri, einkum breytingar á fargjaldi eða áætlunartímum, nægir að útgáfuyfirvaldið sendi lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna þær upplýsingar.

6. gr.

Leyfi fellt niður

Málsmeðferð, sem ber að fylgja þegar leyfi er fellt niður, skal vera eins og mælt er fyrir um í 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, sem er felld inn í

1 January 2000, where an existing international coach or bus service is seriously affecting the viability of a comparable rail service on the direct sections concerned, the competent authority of a Member State may, with the agreement of the Committee, suspend or withdraw the authorisation to operate the international coach or bus service after giving the carrier six months' notice. The fact that a carrier offers lower prices than are offered by other road carriers, or that the route in question is already being operated by other road carriers, may not in itself constitute justification for refusing the application.

5. The issuing authority may refuse applications only for reasons compatible with the Annex.

6. If the procedure for reaching the agreement referred to in paragraph 1 does not result in an agreement being reached, the matter may be referred to the Committee.

7. The Committee shall, as swiftly as possible, take a decision which shall take effect within 30 days of its being notified to the Member States concerned.

8. Once the procedure laid down in this Article has been completed, the issuing authority shall inform all the authorities referred to in paragraph 1 and shall, where appropriate, send them a copy of the authorisation.

ARTICLE 5

Issuing and renewing authorisations

1. Once the procedure laid down in Article 4 has been completed, the issuing authority shall either grant the authorisation or shall formally refuse the application.

2. A decision refusing an application must state the reasons for that refusal. The Member States shall ensure that carriers have the opportunity to invoke their rights if their application is refused.

3. Article 4 of this Appendix shall apply, mutatis mutandis, to applications for the renewal of authorisations or for alteration of the conditions under which the services subject to authorisation must be operated. In the event of a minor alteration to the operating conditions, in particular the adjustment of fares or timetables, the issuing authority need only supply the information in question to the competent authorities of the other Member State.

ARTICLE 6

Lapse of an authorization

The procedure to be followed in respect of the lapse of an authorisation shall be as laid down in Article 9 of Regulation (EEC) No. 684/92, as

EES-samninginn, og 44. gr. reglugerðar frá 25. nóvember 1998 (OCTV).

7. gr.
Skyldur flutningafyrirtækja

1. Flutningafyrirtæki í reglubundnum flutningum er skuldbundið til að tryggja, nema óviðráðanleg atvik komi til og þar til leyfistímabilið rennur út, flutningaþjónustu sem fullnægir settum reglum um órofna þjónustu, reglubundnar ferðir og nægilegt framboð og uppfylla önnur skilyrði sem lögbært yfirvald setur í samræmi við 3. mgr. 2. gr. þessa viðbætis.
2. Flutningafyrirtæki skal birta upplýsingar um leiðir, viðkomustaði, tímaáætlun, fargjöld og flutningsskilmála, að því marki sem ekki er bundið í lögum, á þann hátt að tryggt sé að slíkar upplýsingar sé aðgengilegar öllum notendum.
3. Viðkomandi aðildarríki geta, ef þau samþykkja það sameiginlega og með samþykki leyfishafa, breytt skilyrðunum fyrir rekstri reglubundinna flutninga.

II. ÞÁTTUR

ÓREGLUBUNDNIR FLUTNINGAR OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA SEM ER UNDANÞEGIN LEYFUM

8. gr.
Eftirlitsskjöl

1. Flutningaþjónustan sem um getur í 1. mgr. 14. gr. skal fara fram með hliðsjón af eftirlitsskjali (akstursskrá).
2. Flutningafyrirtæki sem stundar óreglubundna flutninga skal fylla út akstursskrá fyrir hverja ferð.
3. Akstursskrárheftin fást afhent hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu eða öðrum aðilum á þeirra vegum.

4. Útlit eftirlitsskjalsins og hvernig ber að nota það skal vera eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2121/98.

9. gr.
Vottorð

Vottorðið sem kveðið er á um í 1. mgr. skal gefið út af lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem ökutækið er skráð. Það skal vera samkvæmt fyrirmyndinni í reglugerð (EB) nr. 2121/98.

incorporated in the EEA Agreement, and in Article 44 of the OCTV.

ARTICLE 7
Obligations of carriers

1. Save in the event of force majeure, the operator of a regular service shall, until the authorisation expires, take all measures to guarantee a transport service that meets the required standards of continuity, regularity and capacity and complies with the other conditions laid down by the competent authority in accordance with paragraph 3 of Article 2 of this Appendix.
2. The carrier shall publish the route of the service, the stops, the timetable, the fares and the conditions of carriage – insofar as these are not laid down by law – in such a way as to ensure that this information is readily available to all users.
3. It shall be possible for the Member States concerned, by common agreement and in agreement with the holder of the authorisation, to make changes to the operating conditions governing a regular service.

SECTION II

OCCASIONAL SERVICES AND OTHER SERVICES EXEMPT FROM AUTHORISATION

ARTICLE 8
Control document

1. The services referred to in paragraph 1 of Article 14 of the Annex shall be carried out under cover of a control document (journey form).
2. A carrier operating occasional services must fill out a journey form before each journey.
3. The books of journey forms shall be supplied by the competent authorities of the Member States where the carrier is established or by bodies appointed by those authorities.
4. The model for the control document and the way in which it is to be used shall be as laid down in Regulation (EC) No 2121/98.

Article 9
Certificate

The certificate referred to in paragraph 6 of Article 14 of this Appendix shall be issued by the competent authority of the Member State where the vehicle is registered. It shall conform to the model set out in Regulation (EC) No 2121/98.

III. ÞÁTTUR

EFTIRLIT OG VIÐURLÖG

10. gr.
Farseðlar

1. Farþegar sem nota reglubundna flutningaþjónustu eða ferðir fram og til baka, að undanskildum sérstökum reglubundnum flutningum, skulu hafa farseðil undir höndum alla ferðina, annaðhvort farseðil fyrir einn eða hópfarseðil þar sem koma fram eftirfarandi upplýsingar um:
- brottfarar- og ákvörðunarstað og, ef við á, ferðina til baka;
- gildistíma farseðils;
- fargjald.

2. Skylt er að framvísa farseðlinum sem um getur í 1. mgr. ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það.

11. gr.
Eftirlit á vegum og í fyrirtækjum

1. Ef um er að ræða flutninga gegn gjaldi verða eftirtalin skjöl að vera fyrir hendi í ökutækinu og ber að framvísa þeim ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það: staðfest afrit af aðildarríkisleyfi, annaðhvort leyfið (eða staðfest afrit af því) eða aksturskráin, allt eftir tegund flutninga. Ef um er að ræða flutninga í eigin þágu skal vottorðið (eða staðfest afrit af því) geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það. Ef um er að ræða flutningaþjónustu, sem 2. mgr. 14. gr. þessa viðbætis tekur til, kemur samningurinn eða staðfest afrit af honum í stað eftirlitsskjals.

2. Flutningafyrirtæki sem hafa hópbifreiðir í farþegaflutningum milli landa skulu heimila hvers konar eftirlitsskoðanir til þess að tryggja að reksturinn fari fram eins og vera ber, einkum að því er varðar akstur og hvíldartíma.

12. gr.
Gagnkvæm aðstoð

1. Ef þess er óskað skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis veita öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum allar tiltækar upplýsingar sem máli skipta um:
- brot á ákvæðum þessa viðbætis svo og öðrum reglum á sviði farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum sem flutningafyrirtæki frá öðru aðildarríki fremur á yfirráðasvæði þeirra og viðurlög við þeim;
- viðurlög sem beitt hefur verið gegn innlendum flutningafyrirtækjum vegna brota sem framin hafa verið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

SECTION III

CONTROLS AND PENALTIES

ARTICLE 10
Transport tickets

1. Passengers using a regular service, excluding special regular services, shall throughout their journey possess transport tickets, either individual or collective, which indicate:
- the places of departure and destination and, where appropriate, the return journey;
- the period of validity of the ticket;
- the fare.

2. The transport ticket provided for in paragraph 1 shall be presented at the request of any authorised inspecting officer.

ARTICLE 11
Inspections on the road and in undertakings

1. In the case of carriage for hire or reward, the following documents must be carried on board the vehicle and must be presented at the request of any authorised inspecting officer: a certified true copy of a Member State licence, depending on the type of service, either the authorisation (or a certified copy thereof) or the journey form. In the case of own-account transport operations, the certificate (or a certified copy thereof) must be carried on board the vehicle and must be presented at the request of any authorised inspecting officer. In the case of the services covered by Article 14(2) of this Appendix the contract or a certified true copy of it shall serve as a control document.

2. Carriers operating coaches and buses in international passenger transport shall allow all inspections intended to ensure that operations are being conducted correctly, in particular as regards driving and rest periods.

ARTICLE 12
Mutual assistance

1. The competent authorities of the Member States shall, on request, provide each other with any relevant information in their possession concerning:
- breaches of this Appendix, and of other rules governing the international carriage of passengers by coach or bus, committed in their territory by a carrier from another Member State, and the penalties imposed;
- the penalties imposed on their own carriers for breaches committed on the other Member State's territory.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem viðkomandi flutningafyrirtæki hefur staðfestu skal afturkalla leyfi sitt ef handhafi þess:
– uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr. í viðaukanum;
– hefur lagt fram rangar upplýsingar varðandi gögnin sem beðið var um vegna útgáfu leyfis aðildarríkis.
3. Útgáfuyfirvaldið skal afturkalla leyfið ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir útgáfu þess samkvæmt þessum viðbæti, einkum ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu fer fram á það. Útgáfuyfirvaldið skal þegar í stað tilkynna það til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna.

4. Ef um alvarlegt brot er að ræða eða ítrekuð lítils háttar brot á reglum um umferðaröryggi, einkum brot á reglum sem gilda um ökutæki, akstur og hvíldartíma ökumanna og rekstur án leyfis á hliðstæðri eða tímabundinni þjónustu, sem um getur í lið 2.1 í 1. gr., geta lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu meðal annars afturkallað aðildarríkisleyfið eða beitt sér fyrir tímabundinni og/eða takmarkaðri afturköllun á staðfestum endurritum af aðildarríkisleyfinu.

Slík viðurlög skulu ákveðin í samræmi við það hversu alvarlegt brot handhafa aðildarríkisleyfis telst og hve mörg staðfest endurrit hann hefur undir höndum vegna millilandaflutninganna sem hann stundar.

8. VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR ÁKVÆÐI Í TVÍHLIÐA SAMNINGUM UM FLUTNINGA Á VEGUM, SEM GERÐIR ERU MILLI AÐILDARRÍKJA Í TENGSLUM VIÐ VEITINGU LEYFA TIL FARÞEGAFLUTNINGA Í ÞRÍHLIÐA UMFERÐ

– Samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtenstein um millilandaflutninga á farþegum frá 1. apríl 1999:

Ákvæði 3. gr.: óreglubundnir farþegaflutningar.
Ákvæði 4. gr.: reglubundnir farþegaflutningar og flutningar á farþegum sem daglega sækja vinnu eða skóla fjarri heimili.
Ákvæði 5. gr.: millilandaflutningar.

2. The competent authorities of the Member State in which the carrier is established shall withdraw a Member State licence if the holder:
– no longer meets the conditions laid down in paragraph 1 of Article 13 of the Annex;
– has provided inaccurate information on the data needed for issuing the Member State licence.

3. The issuing authority shall withdraw an authorisation if the holder no longer meets the conditions for issuing that authorisation under this Appendix, in particular if the competent authorities of the Member State in which the carrier is established request such withdrawal. The issuing authority shall immediately inform the competent authorities of the other Member States.
4. If a carrier commits a serious breach or repeatedly commits minor breaches of transport regulations and road safety rules, in particular the rules applicable to vehicles, driving and rest periods for drivers and the unauthorised operation of the parallel or temporary services referred to in Article 1, point 2.1, the competent authorities of the Member State in which that carrier is established may, in particular, withdraw his Member State licence, or may temporarily and/or partially withdraw the certified copies of his Member State licence.

These penalties shall be determined according to the seriousness of the offence committed by the holder of the Member State licence, and according to the total number of certified copies he possesses in connection with his international transport operations.

APPENDIX 8

LIST OF PROVISIONS CONTAINED IN BILATERAL ROAD TRANSPORT AGREEMENTS CONCLUDED BETWEEN THE MEMBER STATES RELATING TO THE GRANTING OF AUTHORIZATIONS FOR THE CARRIAGE OF PASSENGERS IN TRIANGULAR TRAFFIC

– Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Principality of Liechtenstein on international road passenger transport of 1 April 1999:

Article 3: occasional carriage of passengers.
Article 4: regular and commuter carriage of passengers.

Article 5: international transport.

– Samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins og ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs um millilandaflutninga á farþegum og vörum á vegum frá 26. maí 1998:

Ákvæði 3. gr.: farþegaflutningar.
Ákvæði 6. gr.: bann við gestaflutningum.

– Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Kingdom of Norway on international road passenger and goods transport of 26 May 1998:

Article 3: carriage of passengers.
Article 6: prohibition of cabotage.

9. VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR ÁKVÆÐI Í TVÍHLIÐA SAMNINGUM SEM GERÐIR ERU MILLI AÐILDARRÍKJA OG FJALLA AÐ ÖLLU LEYTI EÐA AÐ HLUTA UM MÁLEFNI SEM FALLA UNDIR GILDISSVIÐ VIÐAUKANS

– Samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins og ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs um millilandaflutninga á farþegum og vörum á vegum frá 26. maí 1998.

– Tollabandalag við Liechtenstein: samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins og ríkisstjórnar Furstadæmisins Liechtenstein um aðgang Furstadæmisins Liechtenstein að tollsvæði Sviss frá 29. mars 1923.

– Samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins og Furstadæmisins Liechtenstein um millilandaflutninga á farþegum frá 1. apríl 1999.

APPENDIX 9

LIST OF BILATERAL AGREEMENTS CONCLUDED BETWEEN THE MEMBER STATES ADDRESSING IN WHOLE OR IN PART ISSUES FALLING WITHIN THE SCOPE OF THE ANNEX

– Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Kingdom of Norway on international road passenger and goods transport of 26 May1998.

– Customs Union with Liechtenstein: Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Principality of Liechtenstein regarding the entry of the Principality of Liechtenstein into the Swiss customs area of 29 March 1923.

– Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Principality of Liechtenstein on international road passenger transport of 1 April 1999.

10. VIÐBÆTIR

LANDAMÆRASVÆÐI SVISS

Landamærasvæði Sviss er skilgreint í 4. viðauka við fundargerð 5. fundar sameiginlegu nefndarinnar, sem komið var á laggirnar samkvæmt samkomulaginu frá 1992, sem haldinn var í Brussel 2. apríl 1998. Það er yfirleitt innan 10 km frá tollstöð. ([1])

"

APPENDIX 10

SWISS FRONTIER AREA

Switzerland's frontier area is defined in Annex 4 to the minutes of the 5th meeting of the joint committee set up under the 1992 Agreement, held in Brussels on 2 April 1998. It is generally an area within 10 km radius of a customs post.[1]

"

[1] Hægt er að nálgast þetta skjal í samgönguráðuneyti hvers aðildarríkis.

[1] This document is available at the Ministry of Transport of each Member State.

VIÐAUKI Q

Flutningar í lofti (29. gr.)

1. gr.
Gildissvið

Í viðauka þessum eru settar fram reglur aðildarríkjanna um flutninga í lofti og skulu þær gilda að því marki sem þær varða flutninga í lofti eða málefni sem tengjast flutningum í lofti með beinum hætti og um getur í viðbætinum við þennan viðauka.

2. gr.
Bann við mismunun

Banna skal mismunun á grundvelli þjóðernis að því er gildissvið þessa viðauka varðar, samanber þó sérákvæði hans.

3. gr.
Staðfesturéttur

1. Engar takmarkanir skulu vera á staðfesturétti ríkisborgara aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis að því er gildissvið þessa viðauka varðar, með fyrirvara um ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92, sem er að finna í viðbætinum við þennan viðauka. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, stofna umboð, útibú eða dótturfyrirtæki. Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mgr. 4. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin.

2. Ákvæði þessa viðauka skulu gilda að því marki sem engar takmarkanir fyrirfinnast samkvæmt viðauka L, viðauka M og bókuninni við viðauka K um ferðir einstaklinga milli Liechtenstein og Sviss.

4. gr.
Félög eða fyrirtæki

1. Með félög eða fyrirtæki sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði aðildarríkis skal farið, að því er gildissvið þessa viðauka varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna.

2. Með félögum og fyrirtækjum er átt við félög og fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og

ANNEX Q

Air transport (Art. 29)

ARTICLE 1
Scope

This Annex sets out rules for the Member States in the field of air transport and shall apply to the extent that they concern air transport or matters directly related to air transport as mentioned in the Appendix to this Annex.

ARTICLE 2
Non-discrimination

Within the scope of this Annex, and without prejudice to any special provisions contained therein, any discrimination on grounds of nationality shall be prohibited.

ARTICLE 3
Freedom of establishment

1. Within the scope of this Annex and without prejudice to the provisions of Council Regulation (EEC) No 2407/92, as included in the Appendix to this Annex, there shall be no restrictions on the freedom of establishment of nationals of a Member State in the territory of another Member State. This shall also apply to the setting up of agencies, branches and subsidiaries by nationals of a Member State established in the territory of another Member State. Freedom of establishment shall include the right to take up and pursue activities as self-employed persons and to set up and manage undertakings, in particular companies or firms within the meaning of paragraph 2 of Article 4 under the conditions laid down for its own nationals by the law of the State where such establishment is effected.
2. The provisions of this Article shall apply to the extent that no restrictions exist according to Annexes L and M and the Protocol to Annex K on movement of persons between Liechtenstein and Switzerland.

ARTICLE 4
Companies or firms

1. Within the scope of this Annex, companies or firms formed in accordance with the law of a Member State and having their registered office, central administration or principal place of business in the territory of Member State shall be treated in the same way as natural persons who are nationals of a Member State.
2. "Companies or firms" means companies or firms constituted under civil or commercial law, including co-operative societies, and other legal persons gov-

aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, að frátöldum þeim sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

5. gr.
Undantekningar

1. Ákvæði 3. og 4. gr. gilda ekki um starfsemi sem í aðildarríki fellur undir meðferð opinbers valds, jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum..

2. Ákvæði 3. og 4. gr. og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

6. gr.
Ríkisaðstoð

1. Ef ekki er kveðið á um annað í viðauka þessum er hvers kyns aðstoð sem eitt eða fleiri aðildarríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðsluvörum, ósamrýmanleg þessum viðaauka, að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

2. Eftirtalið samrýmist þessum viðauka:

a) aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum, enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara;
b) aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða.

3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt þessum viðauka:

a) aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi er mikið;
b) aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum verkefnum, sem þjóna sameiginlegum evrópskum hagsmunum, eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis;
c) aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

7. gr.
Eftirlit

Lögbær yfirvöld skulu fylgjast stöðugt með aðstoðarkerfum sem eru við lýði í hlutaðeigandi aðildarríki. Ef hafin er málsmeðferð til að tryggja að

erned by public or private law, save for those which are non-profit-making.

ARTICLE 5
Exceptions

1. Articles 3 and 4 shall not apply, as far as a Member State is concerned, to activities which in that Member State are connected, even occasionally, with the exercise of official authority.
2. Articles 3 and 4 and measures taken in pursuance thereof shall not prejudice the applicability of provisions laid down by law, regulation or administrative action providing for special treatment for foreign nationals on grounds of public policy, public security or public health.

ARTICLE 6
State aid

2. þjónustusamninga sem samningsaðili gerir við eignatengt fyrirtæki eða sem eru boðnir út og gerðir af sameiginlegu fyrirtæki, sem nokkrir samningsaðilar mynda í því skyni að standa að viðkomandi starfsemi í skilningi 3. gr. viðaukans, við eina þessara samningsstofnana eða við fyrirtæki sem er í eignatengslum við einn þessara samningsaðila. Minnst 80 prósent af meðalveltu þess fyrirtækis á undangengnum þremur árum verður að hafa myndast við slíka þjónustu við fyrirtæki sem það er í eignatengslum við. Ef fleiri en eitt fyrirtæki, sem eru í eignatengslum

The commitments entered into by the Member Stat in the field of services under the Annex are limit to the initial commitments specified in the Schedul of Specific Commitments of 15 April 1994 sul mitted by the Member States under the Gener Agreement on Trade in Services (GATS).

The Annex does not apply to:

1. service contracts awarded to an entity which itself a contracting authority within the meanir of this Annex and of Annex 1, 2 or 3 to the GP on the basis of an exclusive right which it enjo pursuant to a published law, regulation or a ministrative provision;
2. service contracts which a contracting enti awards to an affiliated undertaking or a awarded by a joint venture formed by a numb of Contracting Entities for the purpose of carr ing out a relevant activity within the meaning Article 3 of the Annex to one of those contra ting entities or to an undertaking which is afl liated with one of these contracting entities, pr vided that at least 80% of the average turnover that undertaking with respect to services for tl preceding three years derives from the provisic of such services to undertakings with which it

[4] Að frátalinni þjónustu vegna gerðardómsmeðferðar og sáttaumleitana.

[4] Excluding arbitration and conciliation services.

við samningsaðilann, veita sömu þjónustu ber að taka tillit til heildarveltunnar sem myndast af þjónustu þessara fyrirtækja;

3. þjónustusamninga vegna kaupa eða leigu, á hvaða fjárhagsgrundvelli sem er, á landi, byggingum sem þegar eru til, eða öðrum fasteignum eða um réttindi til þeirra;

4. ráðningarsamninga;

5. samninga um kaup, þróun, framleiðslu eða samvinnu við framleiðslu á dagskrárefni, sem gerðir eru af útvarpsrekendum, eða samninga um útsendingartíma.

affiliated. Where more than one undertaking affiliated with the contracting entity provides the same service or similar services, the total turnover deriving from the provision of services by those undertakings shall be taken into account;

3. service contracts for the acquisition or rental, by whatever financial means, of land, existing buildings or other immovable property or concerning rights thereon;

4. employment contracts;

5. contracts for the acquisition, development, production or co-production of programme material by broadcasters and contracts for broadcasting time.

11. VIÐBÆTIR

BYGGINGARÞJÓNUSTA

Byggingarþjónusta

Lýsing tilgreindrar byggingarþjónustu:

Skilgreining: Samningur um byggingarþjónustu er samningur um vinnu, með hvaða móti sem er, við byggingu, mannvirkjagerð eða húsbyggingar, í skilningi deildar 51 í aðalvöruflokkuninni (CPC).

Skrá um þjónustu í deild 51 í CPC:

Undirbúningur vettvangs	511
Byggingastarfsemi	512
Mannvirkjagerð	513
Samsetning og uppsetning forsmíðaðra eininga	514
Sérhæfð mannvirkjagerð	515
Lagnavinna	516
Vinna við frágang bygginga	517
Önnur þjónusta	518

Skuldbindingar aðildarríkjanna á sviði byggingarþjónustu samkvæmt viðaukanum takmarkast við upphaflegu skuldbindingarnar sem eru tilgreindar í sérstakri skuldbindingarskrá frá 15. apríl 1994, sem aðildarrríkin lögðu fram samkvæmt hinum almenna samningi um þjónustuviðskipti (GATS).

APPENDIX 11

CONSTRUCTION SERVICES

Construction Services

Specification construction services covered:

Definition: A contract for construction services is a contract which has as its object the execution, by whatever means, of construction, civil engineering or building work within the meaning of Division 51 of the Central Product Classification (CPC).

List of services covered according to Division 51 of the CPC:

Site preparation work	511
Construction work	512
Civil engineering work	513
Assembly and construction of prefabricated structures	514
Specialised construction work	515
Installation work	516
Building completion work	517
Other services	518

The commitments entered into by the Member States in the field of construction services under the Annex are limited to the initial commitments specified in the Schedules of Specific Commitments of 15 April 1994 submitted by the Member States under the General Agreement on Trade in Services (GATS).

12. VIÐBÆTIR

RÁÐSTAFANIR SEM AÐILDARRÍKIN TILKYNNA

Ráðstafanir sem Sviss tilkynnir:

– Endurskoðun í samræmi við ákvæði 9. gr. viðaukans sem var tekin upp í kantónum og sveitarfélögum fyrir samninga undir viðmiðunarmörkum á grundvelli *Loi fédérale sur le marché intérieur* frá 6. október 1995.

APPENDIX 12

MEASURES NOTIFIED BY THE MEMBER STATES

Measures notified by Switzerland:

– Review procedures in accordance with Article 9 of the Annex introduced in the cantons and municipalities for contracts below the thresholds on the basis of the *Loi fédérale sur le marché intérieur* of 6 October 1995.

13. VIÐBÆTIR

UNDANTEKNINGAR

Flutningar með hópbifreiðum:

Að þjóna almenningi með flutningum með hópbifreiðum telst ekki vera starfsemi í skilningi c-liðar 2. gr. í viðaukanum ef öðrum stofnunum er frjálst að veita þessa þjónustu almennt eða á tilteknu landsvæði með sömu skilyrðum og samningsstofnanir.

Öflun drykkjarvatns, raforku, gass eða hita til veitukerfis:

Þegar samningsstofnun sem ekki er opinbert yfirvald aflar drykkjarvatns, raforku, gass eða hita til veitukerfa sem veita almenningi þjónustu telst það ekki vera starfsemi í skilningi 2. gr. viðaukans ef:

a) þegar um er að ræða drykkjarvatn eða raforku:

   1) framleiðsla viðkomandi stofnunar á drykkjarvatni eða raforku á sér stað vegna þess að notkun þess er nauðsynleg í annarri starfsemi en um getur í i- og ii-lið c-liðar 2. gr. viðaukans, og

   2) öflun til almenningsveitukerfa kemur aðeins til vegna eigin þarfa stofnunarinnar og til þeirra hefur ekki farið yfir meira en 30% af heildarframleiðslu stofnunarinnar á drykkjarvatni eða raforku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára að yfirstandandi ári meðtöldu;

b) þegar um er að ræða gas eða hita:

APPENDIX 13

EXCEPTIONS

Bus Transport Services:

The provision of bus transport services to the public shall not be considered to be a relevant activity within the meaning of Article 2 (c) of the Annex where other entities are free to provide those services, either in general or in a particular geographical area, under the same condition as the contracting entities.

Supply of drinking water, electricity, gas or heat to networks:

The supply of drinking water, electricity, gas or heat to networks which provide a service to the public by a contracting entity other than a public authority shall not be considered as a relevant activity within the meaning of Article 2 of the Annex where:

(a) in the case of drinking water or electricity:

   (1) the production of drinking water or electricity by the entity concerned takes place because its consumption is necessary for carrying out an activity other than that referred to in Article 2(c) (i) and (ii) of the Annex, and

   (2) supply to the public network depends only on the entity's own consumption and has not exceeded 30% of the entity's total production of drinking water or energy, having regard to the average for the preceding three years, including the current year;

(b) in the case of gas or heat:

1) gas- eða hitaframleiðsla stofnunarinnar er óhjákvæmileg afleiðing starfsemi sem ekki er getið um í i-lið b-liðar 2. gr. viðaukans, og

2) öflun til almenningsveitukerfis er aðeins ætlað að nýta slíka framleiðslu í ábataskyni og hún má ekki nema hærri upphæð en 20% af veltu stofnunarinnar miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára að yfirstandandi ári meðtöldu.

(1) the production of gas or heat by the entity concerned is the unavoidable consequence of carrying on an activity other than that referred to in Article 2(b) (i) of the Annex, and

(2) supply to the public network is aimed only at the economic exploitation of such production and amounts to not more than 20% of the entity's turnover having regard to the average for the preceding three years, including the current year.

Starfsemi við aðstæður þar sem ekki er um að ræða áþreifanlega notkun kerfa eða landsvæða innan aðildarríkis:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um samninga eða hönnunarsamkeppni sem samningsstofnanir efna til í öðru skyni en að stunda starfsemi eins og lýst er í 2. gr. viðaukans eða um slíka starfsemi utan aðildarríkis við aðstæður þar sem ekki er um að ræða áþreifanlega notkun kerfa eða landsvæða innan þess aðildarríkis.

Activities under conditions not involving the physical use of network or geographical area within a Member State:

The provisions of the Annex shall not apply to contracts or design contests which the contracting entities award or organize for purposes other than the pursuit of their activities as described in Article 2 of the Annex or for the pursuit of such activities outside each Member State, in conditions not involving the physical use of a network or geographical area within that Member State.

Endursala eða leiga til þriðja aðila:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um samninga sem gerðir eru vegna endursölu eða leigu til þriðja aðila að því tilskildu að samningsstofnun njóti hvorki sérréttinda né hafi einkaleyfi til að selja eða leigja umsaminn hlut og öðrum stofnunum sé frjálst að selja hann eða leigja með sömu skilyrðum og samningsstofnunin.

Resale or hire to third parties:

The provisions of the Annex shall not apply to contracts awarded for purposes of resale or hire to third parties, provided that the contracting entity enjoys no special or exclusive right to sell or hire the subject of such contracts and other entities are free to sell or hire it under the same conditions as the contracting entity.

Vörukaupasamningar:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um:

a) samninga sem samningsstofnanir gera um kaup á vatni;

b) samninga sem samningsstofnanir gera um aðfengna orku eða eldsneyti til orkuframleiðslu.

Supply contracts:

The provisions of the Annex shall not apply to:

(a) contracts which contracting entities award for the purchase of water;

(b) contracts which contracting entities award for the supply of energy or of fuels for the production of energy.

Þjóðaröryggi:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um samninga þegar aðildarríki lýsir þá leynilega, þegar sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við lög eða stjórnsýslufyrirmæli

National Security:

The provisions of the Annex shall not apply to contracts when they are declared to be secret by Member States, when their execution must be accompanied by special security measures in accordance

sem í gildi eru í viðkomandi aðildarríki eða þegar verndun grundvallaröryggishagsmuna ríkisins krefst þess.

Alþjóðlegar skuldbindingar:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um:

a) samninga sem gerðir eru á grundvelli milliríkjasamkomulags og taka til sameiginlegra framkvæmda eða hagnýtingar verkefna á vegum tveggja eða fleiri aðildarríkja;

b) samninga sem gerðir eru samkvæmt sérstökum reglum alþjóðastofnunar;

c) við fyrirtæki í Noregi, á Íslandi, í Liechtenstein eða þriðja ríki á grundvelli milliríkjasamkomulags um setu herliðs.

Sérákvæði um járnbrautarfyrirtæki:

Ákvæði viðaukans gilda ekki um samninga sem gerðir eru við stofnun sem stundar starfsemi sem um getur í a-lið 2. gr. viðaukans, að því tilskildu að þeir miði að endurfjármögnun í formi „sölu og endurleigu“ á vörukaupasamningi sem gerður er í samræmi við ákvæði þessa viðauka.

with the laws, regulations or administrative provisions in force in the Member State concerned or when the protection of the basic security interests of that State so requires.

International Obligations:

The provisions of the Annex shall not apply to:

(a) contracts awarded pursuant to an international agreement and covering the joint implementation or exploitation of a project by two or more Member States;

(b) contracts awarded pursuant to the particular procedure of an international organisation;

(c) to undertakings in Norway, Iceland and Liechtenstein or a third State in pursuance of an international agreement relating to the stationing of troops.

Special provision for ROs:

The provisions of the Annex shall not apply to contracts awarded by contracting entities carrying out an activity referred to in Article 2 (a) of the Annex, provided that the contracts have as their object the re-financing in the form of "sale and lease back" of a supply contract awarded in accordance with the provisions of this Annex.

14. VIÐBÆTIR

REGLUR UM OPINBER INNKAUP OG KÆRUR

Eftirtalin ákvæði gilda um viðaukann:

II. gr.	Mat á samningum
III. gr.	Innlend meðferð og bann við mismunun
IV. gr.	Upprunareglur
VI. gr.	Tækniforskriftir
VII. gr.	Verklagsreglur við útboð
VIII. gr.	Hæfi birgja
IX. gr.	Boð um þátttöku í fyrirhuguðum innkaupum
X. gr.	Málsmeðferð við val
XI. gr.	Tilboðs- og afhendingarfrestur
XII. gr.	Útboðsgögn

APPENDIX 14

PROCUREMENT AND CHALLENGE PROCEDURES

The following GPA provisions shall apply to the Annex:

Article II	Valuation of Contracts
Article III	National Treatment and Non-discrimination
Article IV	Rules of Origin
Article VI	Technical Specifications
Article VII	Tendering Procedures
Article VIII	Qualification of Suppliers
Article IX	Invitation to Participate Regarding Intended Procurement
Article X	Selective Procedures
Article XI	Time Limits for Tendering and Delivery General
Article XII	Tender Documentation

XIII. gr.	Innsending, móttaka og opnun tilboða og gerð samninga	Article XIII	Submission, Receipt and Opening of Tenders and Awarding of Contracts
XIV. gr.	Samningaviðræður	Article XIV	Negotiation
XV. gr.	Lokað útboð	Article XV	Limited Tendering
XVII. gr.	Gagnsæi	Article XVII	Transparency
XVIII. gr.	Upplýsingar og endurskoðun að því er varðar skyldur aðila	Article XVIII	Information and Review as Regards Obligations of Entities
XX. gr.	Matsmeðferð við kæru	Article XX	Challenge Procedures
XXIII. gr.	Undantekningar frá samningnum	Article XXIII	Exceptions to the Agreement
a- og b-liður 6. mgr. XXIV. gr.	Lokaákvæði (leiðréttingar eða breytingar)	Article XXIV (6)(a & b)	Final Provisions (Rectifications or modifications)

VIÐAUKI S

Stofnanir, nefndir og aðrir aðilar sem eru ráðinu til aðstoðar (3. mgr. 43. gr.)

NEFNDIR

1. Nefnd sérfræðinga á sviði viðskipta[1]
2. Nefnd á sviði tæknilegra viðskiptahindrana[2]
3. Nefnd sérfræðinga á sviði uppruna- og tollamála[3]
4. Nefnd á sviði landbúnaðar og fiskveiða[4]
5. Efnahagsnefnd[5]
6. Nefnd um efnahagsþróun[6]
7. Þingmannanefnd[7]
8. Ráðgjafarnefnd[8]
9. Fjárlaganefnd[9]
10. Endurskoðunarnefnd[10]
11. Stýrinefnd portúgalska sjóðsins[11]
12. Nefnd um samskipti við þriðju lönd[12]
13. Nefnd um fræ (viðauki E)
14. Nefnd um lífrænan landbúnað (viðauki F)
15. Nefnd sem komið var á fót samkvæmt viðauka I
16. Nefnd um för fólks (viðauki K)
17. Nefnd um flutninga á landi (viðauki P)
18. Nefnd um flutninga í lofti (viðauki Q)
19. Nefnd um opinber innkaup (viðauki R)

[1] Ákvörðun ráðsins nr. 18/60, eins og henni var breytt með ákvörðun ráðsins nr. 9/47 og 11/84.
[2] Ákvörðun ráðsins nr. 10/84, eins og henni var breytt með ákvörðunum ráðsins nr. 8/88 og 4/94.
[3] Ákvörðun ráðsins nr. 8/74, eins og henni var breytt með ákvörðun ráðsins nr. 4/92.
[4] Ákvörðun ráðsins nr. 12/73, sem fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins nr. 8/63 og 7/64.
[5] Ákvörðun ráðsins nr. 16/64, eins og henni var breytt með ákvörðun ráðsins nr. 11/73 en í stað hennar kemur EFTA/C.SR 9/95 (EFTA/EC 1/95).
[6] Ákvörðun ráðsins nr. 9/63.
[7] Ákvörðun ráðsins nr. 11/77.
[8] Ákvörðun ráðsins nr. 5/61, eins og henni var breytt með ákvörðunum ráðsins nr. 10/68, 11/88, 1/94 og 2/94.
[9] Ákvörðun ráðsins nr. 10/60.
[10] EFTA/C.SR 14/92 (EFTA/EEA 46/92, 14. mgr.) og ákvörðun ráðsins nr. 6/98.
[11] Ákvörðun ráðsins nr. 4/76.
[12] Ákvörðun ráðsins nr. 2/96.

ANNEX S

Organs, committees and other bodies assisting the Council (Art. 43 paragraph 3)

COMMITTEES

1. Committee of Trade Experts[1]
2. Committee on Technical Barriers to Trade[2]
3. Committee of Origin and Customs Experts[3]
4. Committee on Agriculture and Fisheries[4]
5. Economic Committee[5]
6. Committee of Economic Development[6]
7. Committee of Members of Parliament[7]
8. Consultative Committee[8]
9. Budget Committee[9]
10. Board of Auditors[10]
11. Steering Committee of the Portuguese Fund[11]
12. Committee on Third Country Relations[12]
13. Committee on seeds (Annex E)
14. Committee on organic agriculture (Annex F)
15. Committee established under Annex I
16. Committee on the movement of persons (Annex K)
17. Committee on land transport (Annex P)
18. Committee on air transport (Annex Q)
19. Committee on public procurement (Annex R)

[1] Council Decision No. 18/60, as amended by Council Decisions Nos. 9/47 and 11/84.
[2] Council Decision No. 10/84, as amended by Council Decisions Nos. 8/88 and 4/94.
[3] Council Decision No. 8/74, as amended by Council Decision No. 4/92.
[4] Council Decision No. 12/73, revoking Council Decisions Nos. 8/63 and 7/64.
[5] Council Decision No. 16/64, as amended by Council Decision No. 11/73 and replaced by EFTA/C.SR 9/95 (EFTA/EC 1/95).
[6] Council Decision No. 9/63.
[7] Council Decision No. 11/77.
[8] Council Decision No. 5/61, as amended by Council Decisions Nos. 10/68, 11/88, 1/94 and 2/94.
[9] Council Decision No. 10/60.
[10] EFTA/C.SR 14/92 (EFTA/EEA 46/92 paragraph 14) and Council Decision No. 6/98.
[11] Council Decision No. 4/76.
[12] Council Decision No. 2/96.

SÉRFRÆÐINGAHÓPAR

1. Hópur lagasérfræðinga[13]
2. Hópur sérfræðinga um ríkisaðstoð, samkeppni og undirboð[14 15]
3. Hópur sérfræðinga um verðjöfnun[16]
4. Hópur sérfræðinga um opinber innkaup[17]
5. Hópur sérfræðinga um þjónustu, stofnsetningu og fjármagnsflutninga[18 19]
6. Hópur sérfræðinga um hugverk[20]

EXPERT GROUPS

1. Group of Legal Experts[13]
2. Group of experts on state aid, competition and anti-dumping[14 15]
3. Group of experts on price compensation[16]
4. Group of experts on public procurement[17]
5. Group of experts on services, establishment and capital movements[18 19]
6. Group of experts on intellectual property[20]

[13] Ákvörðun ráðsins nr. 6/87.
[14] Ákvörðun ráðsins nr. 6/96.
[15] Ráðið gaf hópnum nýtt heiti á 6. fundi sínum 23. apríl 1998 (C/S 6/98).
[16] Ákvörðun ráðsins nr. 6/96.
[17] Ákvörðun ráðsins nr. 6/96.
[18] Ákvörðun ráðsins nr. 6/96.
[19] Ráðið gaf hópnum nýtt heiti á 6. fundi sínum 23. apríl 1998 (C/S 6/98).
[20] Ákvörðun ráðsins nr. 6/96.

[13] Council Decision No. 6/87.
[14] Council Decision No. 6/96.
[15] Renamed by the Council at its 6th meeting of 23 April 1998 (C/S 6/98).
[16] Council Decision No. 6/96.
[17] Council Decision No. 6/96.
[18] Council Decision No. 6/96.
[19] Renamed by the Council at its 6th meeting of 23 April 1998 (C/S 6/98).
[20] Council Decision No. 6/96.

VIÐAUKI T

Gerðardómur (48. gr.)

1. gr.
Stofnun og starfsemi gerðardómsins og framkvæmd úrskurða hans

1. Þrír gerðardómsmenn skulu skipa gerðardóminn.

2. Í skriflegri tilkynningu samkvæmt 48. gr. þessa samnings skal aðildarríkið eða þau aðildarríki, sem vísa deilumálinu í gerðardóm, tilnefna einn gerðardómsmann í gerðardóminn.
3. Aðildarríkið eða aðildarríkin sem fá tilkynninguna skulu á sama hátt tilnefna einn gerðardómsmann innan 15 daga frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu, innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr., samþykkja tilnefningu þriðja gerðardómsmannsins. Sá gerðardómsmaður skal ekki vera ríkisborgari deiluaðila né heldur hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis. Gerðardómsmaðurinn sem er þannig skipaður skal gegna formennsku í gerðardóminum.
5. Hafi ekki allir þrír gerðardómsmennirnir verið tilnefndir eða skipaðir innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. skal forseti Alþjóðadómstólsins, að beiðni annars hvors deiluaðilans, annast nauðsynlegar tilnefningar á grundvelli 3. og 4. liðar. Ef forsetinn er ófær um að starfa samkvæmt þessari málsgrein eða er ríkisborgari einhvers deiluaðilanna skal sá dómari dómstólsins, sem er elstur í starfi og er hvorki ófær um að starfa né er ríkisborgari aðildarríkis, annast tilnefningar.

6. Fyrir gerðardómi skulu gilda valkvæðar reglur, sem öðluðust gildi 20. október 1992, um lausn deilumála tveggja ríkja sem eiga aðild að Alþjóðagerðardóminum í Haag (PCA), nema deiluaðilar komi sér saman um annað, sbr. þó 48. gr. samningsins og þennan viðauka.
7. Ákvarðanir gerðardómsins skulu samþykktar með meirihluta atkvæða. Álit minnihlutans eru ekki birt.
8. Aðildarríki sem á ekki aðild að deilumálinu skal, þegar það fær í hendur skriflega tilkynningu frá deiluaðilum, eiga rétt á að leggja fram skriflegar athugasemdir fyrir gerðardóminn, fá skriflegar athugasemdir frá deiluaðilum, vera viðstatt alla vitnaleiðslur og gera athugasemdir munnlega.
9. Úrskurður gerðardóms skal liggja fyrir innan sex mánaða frá þeim degi er forseti dómstólsins var út-

ANNEX T

Arbitration (Art. 48)

ARTICLE 1
Establishment and functioning of the arbitral tribunal and the implementation of arbitral awards

1. The arbitral tribunal shall comprise three members.
2. In its written notification pursuant to Article 48 of this Convention, the Member State(s) referring the dispute to arbitration shall designate one member of the arbitral tribunal.
3. Within 15 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, the Member State(s) to which it was addressed shall, in turn, designate one member.
4. Within 30 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, the Member States concerned shall agree on the designation of a third member. The third member shall not be a national of the parties to the dispute, nor permanently reside in the territory of either Member State. The member thus appointed shall be the President of the arbitral tribunal.
5. If all three members have not been designated or appointed within 30 days from the receipt of the notification referred to in paragraph 2, the necessary designations shall be made, at request of either party to the dispute, by the President of the International Court of Justice applying the criteria of paragraphs 3 and 4. If the President is unable to act under this paragraph or is a national of a party to the dispute, the designations shall be effected by the next senior member of the Court who is neither unable to act nor a national of a Member State.
6. Unless otherwise agreed between the parties to the dispute, and subject to Article 48 of the Convention and this Annex, the Optional Rules for Arbitrating Disputes between Two States of the Permanent Court of Arbitration (PCA), effective 20 October 1992, shall apply.
7. The arbitral tribunal shall take its decisions by majority vote. Minority opinions shall not be disclosed.
8. A Member State which is not a party to the dispute, on delivery of a written notice to the disputing parties, shall be entitled to make written submissions to the arbitral tribunal, to receive written submissions of the disputing parties, attend all hearings and make oral submissions.
9. The arbitral award shall be rendered within six months of the date at which the President of the

nefndur. Heimilt er að framlengja þann tíma um mest þrjá mánuði ef deiluaðilar samþykkja það.

10. Kostnaður við gerðardóminn, þar með talin þóknun til gerðardómsmanna, skal skiptast jafnt milli deiluaðila. Þóknanir og kostnaður, sem ber að greiða gerðardómurum við gerðardóm sem stofnaður er samkvæmt þessum greinum, eru háðar áætlunum ráðsins sem eru í gildi við stofnun gerðardómsins.

2. gr.

Framkvæmd úrskurða gerðardómsins

1. Þegar deiluaðilar fá úrskurð gerðardóms í hendur skulu þeir koma sér saman um framkvæmd úrskurðarins í samræmi við ásetning og tilmæli gerðardómsins nema þeir geri með sér samkomulag um annað. Deiluaðilar skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum um hverja þá lausn sem þeir samþykkja til að leysa deiluna.

2. Þegar því verður við komið skal lausnin fela það í sér að ráðstöfun, sem samræmist ekki þessum samningi, kemur ekki til framkvæmda eða að hætt er við hana ella séu greiddar bætur.

3. Ef deiluaðilar eru ósammála um það hvort ráðstöfun, til framkvæmdar úrskurði gerðardómsins, hafi verið gerð eða henni viðhaldið í samræmi við tilmæli gerðardómsins skal sami gerðardómur fella úrskurð í deilunni áður en unnt er að sækja um bætur eða fresta ávinningi í samræmi við 3. gr. hér á eftir.

4. Kæruríkinu er ekki heimilt að hefja gerðardómsmeðferð samkvæmt fyrri málsgrein fyrr en 12 mánuðum eftir að úrskurður samkvæmt 3. mgr. 48. gr. er felldur. Alla jafna skal gerðardómurinn fella úrskurði, sem um getur í fyrri málsgrein, innan þriggja mánaða frá því að beiðni um gerðardómsmeðferð berst.

3. gr.

Úrskurðir ekki framkvæmdir – ávinningi frestað

1. Ef gerðardómur hefur, í samræmi við 3. mgr. 48. gr., ákveðið að ráðstöfun samræmist ekki skuldbindingum þessa samnings og aðildarríkið, sem kæra beinist gegn, hefur ekki náð samkomulagi við kæruríkið um lausn sem báðir aðilar geta sætt sig við innan 30 daga frá því að úrskurður gerðardómsins barst þeim, eða ef ekki hefur verið gerð nein ráðstöfun til framkvæmdar úrskurðinum, er kæruríkinu eða kæruríkjunum heimilt að:

a) leita eftir samkomulagi við aðildarríkið, sem kæra beinist gegn, um greiðslu bóta; eða
b) fresta ávinningi, sem hefur samsvarandi áhrif, til handa aðildarríkinu, sem kæra beinist gegn, þar

arbitral tribunal was appointed. This period can be extended by a maximum of three additional months, if the parties to the dispute so agree.

10. The expenses of the arbitral tribunal, including the remuneration of its members, shall be borne by the parties to the dispute in equal shares. Fees and expenses payable to members of an arbitral tribunal established under these Articles will be subject to schedules established by the Council and in force at the time of the establishment of the arbitral tribunal.

ARTICLE 2

Implementation of the arbitral award

1. On receipt of the arbitral award, the parties to the dispute shall agree on the implementation of the arbitral award, which, unless they decide otherwise by common accord, shall conform with the determinations and recommendations of the arbitral tribunal. The parties to the dispute shall notify the other Member States of any agreed resolution of the dispute.

2. Wherever possible, the resolution shall be non-implementation or removal of a measure not conforming with this Convention or, failing such a resolution, compensation.

3. In case of disagreement as to the existence or consistency of a measure implementing the arbitral award with the recommendations of the arbitral tribunal, such dispute shall be decided by the same arbitral tribunal before compensation can be sought or suspension of benefits can be applied in accordance with Article 3 below.

4. The complaining Member State may not initiate arbitration under the preceding paragraph before a period of 12 months has expired following the rendering of the award pursuant to paragraph 3 of Article 48. The award of the tribunal referred to in the preceding paragraph shall normally be rendered within three months of the request for arbitration.

ARTICLE 3

Non-implementation – suspension of benefits

1. If the arbitral tribunal, in accordance with paragraph 3 of Article 48, has determined that a measure is inconsistent with the obligations of this Convention, and the Member State complained against has not reached agreement with any complaining Member State on a mutually satisfactory resolution within 30 days of receiving the arbitral award, or if no implementing measures have been taken, such complaining Member State or Member States may:

(a) seek compensation through an agreement with the Member State complained against; or
(b) suspend the application to the Member State complained against of benefits of equivalent ef-

til deiluaðilar hafa komið sér saman um lausn deilunnar.

2. Berist skrifleg beiðni frá deiluaðila til hins aðildarríkisins eða aðildarríkjanna skal á ný kalla til sama gerðardóminn til að ákveða hvort að sá ávinningur, sem aðildarríki frestar samkvæmt 1. mgr., hafi samsvarandi áhrif.

3. Málsmeðferð fyrir gerðardómi skal fara fram í samræmi við 2. mgr. 1. gr. hér að framan. Gerðardómurinn skal leggja fram úrskurð sinn innan 60 daga frá því að beiðni, sem um getur í 2. mgr., berst eða innan þess frests sem deiluaðilar koma sér saman um.

fect until such time as the disputing Member States have reached agreement on a resolution of the dispute.

2. Upon written request of any party to the dispute delivered to the other Member State or Member States, the same arbitral tribunal shall be reconvened to determine whether the level of benefits suspended by a Member State pursuant to paragraph 1 is of equivalent effect.

3. The proceedings of the arbitral tribunal shall be conducted in accordance with paragraph 2 of Article 1 above. The arbitral tribunal shall present its determination within 60 days after the date of the request referred to in paragraph 2 or such other period as the parties to the dispute may agree.

VIÐAUKI U

Svæðisbundið gildissvið (58. gr.)

Við fullgildingu samningsins um breytingu á samningi um stofnun um Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 hefur Konungsríkið Noregur rétt til að undanskilja Svalbarðasvæðið beitingu þessa samnings, nema að því er varðar vöruviðskipti.

ANNEX U

Territorial application (Art. 58)

When ratifying the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001, the Kingdom of Norway shall have the right to exempt the territory of Svalbard from the application of this Convention with the exception of trade in goods.

BÓKUN UM FRELSI FÓLKS TIL FLUTNINGA MILLI SVISS OG LIECHTENSTEIN

Sviss og Liechtenstein, er nefnast hér á eftir „aðilarnir“,

– sem með hliðsjón af þeirri niðurstöðu Sviss, Íslands og Noregs, innan ramma samningsins um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem er að finna í samningi um flutninga fólks er byggist á samningi milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Svissneska ríkjasambandsins hins vegar um frelsi fólks til flutninga,

– sem hafa hliðsjón af því markmiði Sviss og Liechtenstein að ganga einnig frá slíkum samningi,

PROTOCOL REGARDING THE FREE MOVEMENT OF PERSONS BETWEEN SWITZERLAND AND LIECHTENSTEIN

Switzerland and Liechtenstein, hereinafter referred to as the “Parties”,

– Having regard to the conclusion by Switzerland, Iceland and Norway, within the framework of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association, of an agreement regarding the movement of persons which is based on the Agreement between the European Community and its Member States on the one hand and the Swiss Confederation on the other on the free movement of persons;

– Having regard to the aim of Switzerland and Liechtenstein to conclude such an agreement as well;

– sem hafa í huga sérstöðu Liechtenstein en á grundvelli hennar hefur ríkið, sem aðildarríki að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), samið um sérstaka lausn varðandi frelsi fólks til flutninga er byggist á yfirlýsingu EES-ráðsins um frelsi fólks til flutninga sem varð hluti af niðurstöðum annars fundar EES-ráðsins frá 20. desember 1994 en í henni viðurkennir EES-ráðið að Liechtenstein er afar lítið en byggilegt svæði með dreifðri byggð og er hlutfall erlendra íbúa og starfandi fólks þar óvenjuhátt og er landinu mikið í mun að varðveita þjóðareinkenni sín; og sem hafa enn fremur í huga ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/1999 frá 17. desember 1999,

– sem hafa hliðsjón af sameiginlegri yfirlýsingu Sviss og Liechtenstein frá 2. nóvember 1994 um sambærilega meðferð,

– sem koma til framkvæmda yfirlýsingu sendinefnda Liechtenstein og Sviss um frelsi fólks til flutninga, sem var undirrituð 6. apríl 2001 í Genf, innan ramma viðræðna um breytingu á EFTA-samningnum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

A) Að því er varðar 29. lið *(Frelsi fólks til flutninga)* og VIII. viðauka við samninginn um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (20. gr. og viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins):

1. Meginreglur

1.1. Liechtenstein og Sviss koma sér saman um að Liechtenstein muni veita ríkisborgurum Sviss sams konar meðferð og ríkisborgarar Evrópska efnahagssvæðisins njóta samkvæmt þeirri sérlausn sem á við um Liechtenstein á Evrópska efnahagssvæðinu.

1.2. Liechtenstein og Sviss koma sér saman um að Sviss beiti ákvæðum í VIII. viðauka við samninginn um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins) gagnvart Liechtenstein.

1.3. Liechtenstein og Sviss skulu hafa með sér samráð um samsvarandi reglur með það í huga að finna sambærilegar lausnir.

– Considering the special situation of Liechtenstein, as a result of which Liechtenstein as a Member State of the European Economic Area (EEA) has negotiated a special solution in the field of free movement of persons that is based on the Declaration of the EEA Council regarding the free movement of persons, which in turn is part of the Conclusions of the second meeting of the EEA Council of 20 December 1994 and in which the EEA Council recognises that Liechtenstein is a very small habitable area of a rural character with an exceptionally high percentage of foreign residents and workers and also has a vital interest to preserve its national identity; and considering further the Decision of the EEA Joint Committee No 191/1999 of 17 December 1999;

– Having regard to the Joint Declaration on equal treatment between Switzerland and Liechtenstein of 2 November 1994;

– Implementing the Declaration of the delegations of Liechtenstein and Switzerland on free movement of persons that was signed on 6 April 2001 in Geneva within the framework of the negotiations for the amendment of the EFTA Convention;

have agreed as follows:

A) As regards point 29 (*Free movement of persons*) and Annex VIII of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association (Art. 20 and Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention):

1. Principles

1.1. Liechtenstein and Switzerland agree that Liechtenstein will apply to Swiss citizens treatment equal to that applied to EEA citizens under the special solution granted to Liechtenstein in the EEA.

1.2. Liechtenstein and Switzerland agree that Switzerland will apply to Liechtenstein the provisions set out in Annex VIII of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention).

1.3. With a view to equivalent solutions, Liechtenstein and Switzerland shall concert their corresponding regulations.

1.4. Ef hætta er á alvarlegum efnahagslegum eða þjóðfélagslegum erfiðleikum eða erfiðleikum í umhverfismálum að því er varðar sérstakar atvinnugreinar eða sérstök svæði, sem líklegt er að verði viðvarandi, geta Liechtenstein og Sviss gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

1.4. If serious economic, societal or environmental difficulties of a sectorial or regional nature liable to persist are arising, Liechtenstein and Switzerland may unilaterally take appropriate measures. Such safeguard measures shall be restricted with regard to their scope and duration to what is strictly necessary in order to remedy the situation. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of this agreement.

Aðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana skal tilkynna hinum aðilanum það án tafar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar. Liechtenstein og Sviss skulu tafarlaust bera saman ráð sín með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir báða aðila og skulu tilkynna EFTA-ráðinu um hana. Ekki má grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar til hins aðilans, nema samráði hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrir fram er heimilt að grípa strax til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

A Party which is considering taking safeguard measures shall, without delay, notify the other Party thereof and shall provide all relevant information. Liechtenstein and Switzerland shall immediately enter into consultations with a view to finding a mutually acceptable solution and shall inform the EFTA Council thereof. The safeguard measures may not be taken until one month has elapsed after the date of notification of such measures to the other Party, unless the consultations have been completed before the expiration of the stated time-limit. When exceptional circumstances requiring immediate action exclude prior examination, the protective measures strictly necessary to remedy the situation may be applied forthwith.

Tvíhliða samráð skal fara fram í það minnsta á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til öryggisráðstafana með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Bilateral consultations shall take place at least every three months with a view to the abolition of safeguard measures before the date of expiry envisaged, or to the limitation of their scope of application.

Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt þessari bókun getur hvor aðili gripið til jafn umfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart hinum aðilanum og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

If a safeguard measure taken by a Contracting Party creates an imbalance between the rights and obligations under this Protocol, each Party may towards the other Party take such proportionate rebalancing measures as are strictly necessary to remedy the imbalance. Priority shall be given to such measures as will least disturb the functioning of this agreement.

2. Framkvæmd

2. Implementation

2.1. Þegar eitt ár er liðið frá gildistöku samningsins um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu veitir Liechtenstein svissneskum ríkisborgurum, sem eru þegar búsettir í Liechtenstein, sömu meðferð og ríkisborgarar Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru búsettir í Liechtenstein, njóta.

2.1. After one year from the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association, Liechtenstein will apply to Swiss citizens who are already residing in Liechtenstein treatment identical to that applied to EEA citizens residing in Liechtenstein.

2.2. Á sama tíma veitir Sviss, í samræmi við 5. mgr. 10. gr. í VIII. viðauka við samninginn um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins), ríkisborgurum Liechtenstein, sem eru búsettir í Sviss, frelsi til flutninga.

2.2. At the same time, Switzerland will, in accordance with Art. 10 para. 5 set out in Annex VIII of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention), grant the free movement of persons to Liech-

tenstein citizens who are already residing in Switzerland.

2.3. Liechtenstein og Sviss skulu koma sér saman um ákvæði varðandi sölu á þjónustu yfir landamæri innan árs frá gildistöku samningsins um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu.

2.3. Within one year after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association, Liechtenstein and Switzerland shall agree on provisions regarding the cross-border supply of commercial services.

2.4. Innan tveggja ára, eða eigi síðar en þremur árum, eftir gildistöku samningsins um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skulu Liechtenstein og Sviss koma sér saman um að ríkisborgarar Sviss skuli njóta sams konar meðferðar og ríkisborgarar Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru ekki búsettir í Liechtenstein, njóta og ríkisborgarar Liechtenstein sams konar meðferðar og ríkisborgarar ESB/EFTA, sem eru ekki búsettir í Sviss, njóta, eftir því sem við á.

2.4. Within two, or at the latest three years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association, Liechtenstein and Switzerland shall agree on the introduction of treatment of Swiss citizens equal to that of EEA citizens without residence in Liechtenstein and on the introduction of treatment of Liechtenstein citizens equal to that of EU-/EFTA-citizens without residence in Switzerland respectively.

B) Að því er varðar 29. lið *(Samræming á almannatryggingakerfum)* og VIII. viðauka, og 2. viðbæti við hann, við samninginn um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (21. gr. og viðauka K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins):

B) As regards point 29 (*Co-ordination of social security systems*) as well as Annex VIII and Appendix 2 in Annex VIII of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association (Art. 21 and Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention):

Ákvæði VIII. viðauka (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins) og 2. viðbætis í VIII. viðauka (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins) í samningnum um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skulu gilda í samskiptum Sviss og Liechtenstein.

The provisions set out in Annex VIII (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention) and Appendix 2 in Annex VIII (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention) of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association shall apply to the relations between Switzerland and Liechtenstein.

C) Að því er varðar 29. lið *(Gagnkvæm viðurkenning á prófskírteinum)* og 3. viðbæti í VIII. viðauka við samninginn um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (22. gr. og viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins):

C) As regards point 29 (*Mutual recognition of diplomas*) as well as Annex VIII and Appendix 3 in Annex VIII of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association (Art. 22 and Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention):

Ákvæði VIII. viðauka (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins) og 3. viðbætis í VIII. viðauka (viðauki K í samsteyptri útgáfu EFTA-samningsins) í samningnum um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skulu gilda í samskiptum Sviss og Liechtenstein í samræmi við ákvæðin um flutninga fólks sem aðilarnir hafa samþykkt.

The provisons set out in Annex VIII (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention) and Appendix 3 in Annex VIII (Annex K of the consolidated version of the EFTA Convention) of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association shall apply to the relations between Switzerland and Liechtenstein in accordance with the provisions on the movement of persons agreed upon by the Parties.

Þessi bókun er óaðskiljanlegur hluti samningsins um breytingu á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og öðlast gildi á sama tíma og hann.

This Protocol forms an integral part of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association and will enter into force simultaneously.